

**SKOÐUN** Stefán Þórsson kallar náttúrupassa atlögu að almannaréttinum. 17



**MENNING** Íslenski dansflokkurinn sýnir Tíma eftir Helenu Jóns. 22



**LÍFIÐ** Krakkarnir í leikhópnum Englum semja og leikstýra jólaleikriti. 32



**SPORT** Ísland mætir mörgum stjörnum úr NBA-deildinni á EM næsta haust. 28







# FRÉTTABLAÐIÐ

**Miðvikudagur**
**10. desember 2014**
290. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## MARKAÐURINN



**Tækifæri í sporvögnum**

Sporvagn þar sem byggð á að þéttast í Reykjavík næstu áratugina getur stuðlað að dreifingu hótelrýmis í borginni, auk þess sem stórborgarbragur verður til í ys og þys skiptistöðvanna.

## FRÉTTIR

**Falleinkunn** Verkfall lækna hefur mikil áhrif á heilbrigðiskerfi Heilsugæslan fær 2,5 í einkunn af 10 mögulegum. 2

**Passinn skilar fimm milljörðum** Náttúrupassinn mun kosta 1.500 krónur og skila ríkissjóði fimm milljörðum á þremur árum. 8

**Konukot tíu ára** Gestum Konukots hefur fjölgað síðastliðin ár. 10




16

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Bolungarvík** | -4° | N | 15 |
| **Akureyri** | -2° | N | 21 |
| **Egilsstaðir** | -1° | N | 10 |
| **Kirkjubæjarkl.** | -2° | N | 7 |
| **Reykjavík** | -2° | N | 17 |

**NORÐAN STORMUR** Í dag verða víða norðan 18-23 m/s og snjókoma eða él en úrkomulítið S- og A-til. Frost á bilinu 0-7 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

**Markaðurinn | Fólk**




# Fæðingarorlofssjóði óheimilt að krefjast endurgreiðslna

Heimildir Fæðingarorlofssjóðs til að innheimta ofgreiddar fæðingarorlofsbætur halda ekki vatni samkvæmt ítrekuðu áliti umboðsmanns Alþingis. Sjóðurinn þarf að endurgreiða það sem innheimt hefur verið.

**STJÓRNSÝSLA** Fæðingarorlofssjóður þarf að endurgreiða fólki stærstan hluta þeirra upphæða sem innheimtar hafa verið síðustu ár vegna ofgreiddra fæðingarorlofsbóta. Í fjáraukalögum þessa árs og fjárlögum 2015 sem nú eru til umræðu á Alþingi er gert ráð fyrir 70 milljóna króna framlagi til sjóðsins vegna þessa.

Leó Örn Þorleifsson, forstöðumaður Fæðingarorlofssjóðs, segir að með áliti umboðsmanns Alþingis, fyrst 2012, svo 2013 og í nýju óbirtu áliti, hafi komið í ljós að framkvæmd á frádráttarreglu hafi ekki staðist. Henni hafi verið beitt þegar fólk fór umfram ákveðin tekjumörk í orlofi sínu á meðan það þáði greiðslur. Frá árinu 2007 hefur sjóðurinn innheimt, auk 15 prósenta álags, tæplega 329 milljónir króna vegna umframgreiðslna í fæðingarorlofi.



**LEÓ ÖRN ÞORLEIFSSON**

Með álitsgerðum umboðsmanns segir Leó komna í ljós gloppu sem mismunað geti þeim sem fái greiðslur úr fæðingarorlofssjóði.

„Sumar stéttir geta haldið óskertum tekjum og fengið fæðingarorlof til viðbótar,“ segir hann. Þeir geti frekast nýtt sér gloppuna sem ráði sér sjálfir í vinnu. Sjóðurinn hafi tekið alvarlega hlutverk sitt sem vörslumenn opinbers fjár og reynt að gæta þess að fólk ætti ekki að geta hagnast á greiðslum úr fæðingarorlofssjóði eða spilað á kerfið.

Leó Örn segir allt undir í endurupptöku ófyrndra mála og telur þá fjármuni sem ráðstafað er til verkefnisins á fjár- og fjáraukalögum dekka það að mestu. Ekki sé búið að ákveða framkvæmdina en líklegast sé að sjóðurinn ráðist í verkefnið að eigin frumkvæði þannig að fólk þurfi ekki að sækja sérstaklega um endurgreiðslu.

Um leið telur hann að álit umboðsmanns hefði mátt vera víðtækara strax í upphafi, fyrst ákvæðið sem byggt var á við innheimtuna stóðst ekki skoðun. „Skýrt álit strax í upphafi hefði fækkað þessum málum sem upp eru komin. Að mínu áliti hefði hann átt að geta séð það strax í fyrsta áliti.“ - óká

### Ofgreiðslur frá 2007

| Ár | Fjöldi mála | Ofgreiðslur |
|---|---|---|
| 2007 | 2 | 1.107.787 kr. |
| 2008 | 5 | 2.554.012 kr. |
| 2009 | 26 | 7.711.405 kr. |
| 2010 | 163 | 25.601.220 kr. |
| 2011 | 880 | 123.956.957 kr. |
| 2012 | 860 | 105.581.260 kr. |
| 2013 | 516 | 51.299.885 kr. |
| 2014 | 90 | 10.890.997 kr. |
| **Alls** | **2.542** | **328.703.523 kr.** |

**31.okt. Heimild: Fæðingarorlofssjóður*



**FAUK Á HLIÐINA** „Það er ekki hægt að segja til um tjónið fyrr en búið er að skoða bílinn,“ segir Ásgeir Ragnarsson hjá flutningafyrirtækinu Ragnar & Ásgeir. Bíll á vegum fyrirtækisins fór á hliðina undir Hafnarfjalli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hitti Alexander Skarsgård:

## Teiknar fyrir stórmynd

**KVIKMYNDIR** „Þetta er alveg rosalegt tækifæri fyrir mig,“ segir Sara Gunnarsdóttir myndskreytir.

Sara sá um allar teikningar í myndinni The Diary of a Teenage Girl, sem sýnd verður á Sundance-kvikmyndahátíðinni í janúar.

Meðal leikara í myndinni eru stjörnurnar Alexander Skarsgård og Kristen Wiig. „Ég fór til San Francisco í janúar að vinna með listrænum stjórnendum myndarinnar. Þá hitti ég þau og allt tökuliðið, sem var allt alveg frábært fólk,“ segir hún.

Sara bætir því við að Skarsgård sé alveg jafn myndarlegur í raunveruleikanum og á myndum. „Hann er samt svolítil týpa í þessari mynd, með mikið „70's“ yfirvaraskegg.“

- asi / sjá síðu 32

Uppfok á Íslandi er áætlað allt að 40 milljónir tonna, segir ný rannsókn:

# Nýja hraunið rykbindur landið

**NÁTTÚRA** Eldstöðin í Holuhrauni þekur hægt og bítandi eina aðaluppsprettu rykmengunar hér á landi – Dyngjusand norðan Vatnajökuls. Ný rannsókn íslenskra vísindamanna sýnir að árlegt uppfok á Íslandi er áætlað 30 til 40 milljónir tonna á ári.

„Dyngjusandurinn er meginuppspretta sandfoks norðan jökla, og meðal virkustu svæða veraldar í rykefnum. Það er ljóst að hraunið frá eldstöðinni í Holuhrauni er að fara yfir mjög stóran hluta þessa svæðis og þess er að vænta að rykmengun frá Dyngjusandi minnki verulega,“ segir Ólafur Arnalds, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Nýjar rannsóknir á vegum Landbúnaðarháskólans, Háskóla Íslands og Veðurstofunnar sýna að Ísland er meðal helstu uppspretta ryks í veröldinni.

**30–40**
milljónir tonna af jarðvegi fjúka árlega á haf út.

Það jákvæða við hraunið sem rennur frá eldstöðinni er rykbinding landsins. Kenningar eru uppi um að á móti séu áhrifin neikvæð á vistkerfi sjávar. - shá / sjá síðu 6










## SPURNING DAGSINS



Eldar, má segja að þið séuð í sjöunda himni?

**„Já, við Arnþór Snær erum skýjum ofar.“**

Eldar Ástþórsson og Arnþór Snær Sævarsson efna til teknójólaballs á Gauknum. Saman stýrðu þeir teknó-þættinum „Skýjum ofar“ á síðustu öld.

„Ótrúlega heppinn,“ segir Gylfi Þór Gíslason hjá lögreglunni á Vestfjörðum um björgun ökumanns:

# Bílstjóra bjargað í tæka tíð eftir útafakstur

**VEÐUR** Hann var heppinn, ökumaðurinn sem keyrði út af vegi við Seyðisfjörð í fárviðrinu á Vestfjörðum í gær. Bíllinn endaði niðri í fjöru en ökumanninum tókst að komast upp á veg, lítið slasaður en heldur vonlítill um björgun enda fáir á ferli í Djúpinu í slæmri færð.

„Bíllinn fór alla leið niður í fjöru í kolvitlausu veðri, það voru sárafáir á ferli í þessu veðri, en ökumanninum til láns átti flutningabifreið leið hjá um leið og hann er kominn upp á veg. Ökumaður flutningabílsins tók hann upp í, alveg hreint ótrúlega heppinn,“ segir Gylfi Þór Gíslason hjá Lögreglu Vestfjarða.

Flutningabifreiðin ók til móts við sjúkrabifreið sem þurfti aðstoð snjóruðningstækis til að komast sína leið. Ökumaðurinn lánsami komst því heill úr ökuferðinni.

Vestfirðingar héldu sig inni að sögn Gylfa Þórs, lítið var um útköll og engin slys höfðu orðið á fólki þegar blaðamaður hafði samband við lögregluna seint um kvöld.

„Við þurftum reyndar aðstoð björgunarsveitarinnar við það losa jeppabifreið lögreglunnar. Hana festum við nú bara í bænum á Ísafirði,“ segir hann til marks um það hve færðin var slæm.

„Verslunin Samkaup lokaði í dag, fólk er sem betur fer með varann á sér. Súðavíkurhlíð er lokuð vegna snjóflóðahættu, en sjúkrabifreiðum hleypt í gegn ef þörf er á, eins og var í tilfelli ökumannsins heppna. Stórhríð gerði víða og enn er alls ekkert ferðaveður.“ - kbg



**EKKERT FERÐAVEÐUR** Fárviðri geisaði á norðanverðum Vestfjörðum. MYND/SIGURJÓN SIGURÐSSON



**SNÚA HEIM** Fellibylurinn Hagupit, sem felldi meðal annars rafmagnsstaura, er nú orðinn að hitabeltisstormi. NORDICPHOTOS/AFP

Fellibylurinn Hagupit varð meira en 40 manns að bana:

## Mikil eyðilegging á Filippseyjum

**FILIPPSEYJAR Dregið hefur úr styrk fellibylsins Hagupit, sem skók strendur Filippseyja, og er hann nú flokkaður sem hitabeltisstormur. Fellibylurinn varð 42 manns að bana og olli miklu eignatjóni. Meira en 1,7 milljónir manna yfirgáfu heimili sín vegna stormsins en sneru aftur til baka í gær.**

**Þrátt fyrir að fellibylurinn hafi valdið miklu tjóni olli hann ekki jafn miklum skaða og fellibylurinn Haiyan, þegar þúsundir manna dóu og týndust og heimili milljóna manna eyðilögðust.** - jhh

Grunuð um áform um morð:

## Losaði sig við varaforsetann

**ZIMBABWE, BBC** Robert Mugabe hefur leyst varaforseta sinn, Joice Mujuru, frá störfum, en hann hefur sakað hana um spillingu og áform um að ráða sig af dögunum.

Að auki losaði Mugabe sig við öryggismála- og orkumálaráðherra sinn vegna tengsla þeirra við Mujuru. Mujuru barðist við hlið Mugabe gegn stjórn hvítra á áttunda áratugnum og var talin líkleg til að taka við af Mugabe.

Mujuru hefur gefið út að ásakanirnar séu tilhæfulausar með öllu og sakar Mugabe og konu hans um samsæri gegn sér. - jóe

Kostar þegar 687 milljónir:

## Jarðhræringar reynast dýrar

**NÁTTÚRA** Kostnaður ríkissjóðs vegna jarðhræringanna í og við Vatnajökul nemur þegar 687 milljónum króna á þessu ári. Frá þessu er greint í nefndaráliti meirihluta fjárlaganefndar við frumvarp til fjáraukalaga.

Tillagan er sett fram með þeim fyrirvara að fjárþörfin verði endurmetin í árslok þegar raunkostnaður liggur fyrir.

Það er almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra, Veðurstofa Íslands, og Landhelgisgæslan sem hafa þurft að kosta mestu til vegna umbrotanna. - shá

www.n1.is facebook.com/enneinn




Hluti af öruggri vetrarumferð N1



**HARÐARI AÐGERÐIR** Læknar hafa boðað til fjögurra daga verkfallslotna eftir áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Heilsugæslan í vanda og fær falleinkunn

Verkfall lækna hefur haft víðtæk áhrif í heilbrigðiskerfinu þótt engin alvarleg atvik hafi verið skráð. Læknar boða enn harðari aðgerðir eftir áramót.

**HEILBRIGÐISMÁL** Síðustu verkfallslotu fyrir jól lýkur fimmtudaginn, 11. desember. Verkfall lækna hefur haft víðtæk áhrif á rekstur spítala og heilsugæslustöðva landsins. Nú hefur rúmlega 700 aðgerðum verið frestað, 500 skurðaðgerðum og um 200 sértækum aðgerðum. Yfir tvö þúsund dag- og göngudeildarkomum hefur verið frestað og heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu fær falleinkunn í athugun á þjónustu hennar.

Frá þessu segir Leifur Bárðarson, starfandi landlæknir, og óttast mjög um framhaldið enda hafa verið boðaðar harðar aðgerðir eftir áramót þar sem farið verður í fjögurra daga verkfallslotur. Þær verkfallsaðgerðir munu gera það að verkum að aðeins verður opið á skurðstofum á föstudögum.

Leifur ítrekar þó að engin alvarleg atvik hafi komið upp vegna verkfallsins, aðeins uppákomur sem fela í sér truflun og óþægindi fyrir sjúklinga. „Við höfum aðeins skráð hjá okkur uppákomur sem teljast ekki alvarlegar, það hafa sum sé engin alvarleg atvik verið skráð enda sinna læknar ávallt bráðaþjónustu.“

Leifur segist halda að margir bíði með að leita sér þjónustu vegna verkfalls lækna. Landlæknisembættið notast við einkunnakerfi til að fylgjast með frávikum í þjónustu til sjúkra. Í nýlegri könnun fær Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins falleinkunn, eða 2,5 af 10. „Það er áhyggjuefni, áhrifin eru meiri á höfuðborgarsvæðinu þar sem margir sækja þjónustu. Uppsafnaður vandi heilsugæslunnar er nokkuð sem þarf að kljást við í náinni framtíð.“

Á mánudag tilkynntu 200 læknanemar Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra að þeir myndu ekki koma til starfa. Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítala, segir aðgerðir læknanema hafa mjög neikvæð áhrif til lengri tíma. „Það er alvarlegt fyrir spítalann ef unga fólkið vill ekki ráða sig hér til vinnu. Það er óásættanlegt fyrir spítalann í lengri tíma að geta ekki verið vinsæll vinnustaður meðal unga fólksins. Við vonum að deiluaðilar, ríkisvaldið og læknar, nái saman í þessu máli,“ segir hann um langtímaáhrif en nefnir að strax í sumarbyrjun muni verða miklar truflanir á starfi spítalanna komi læknakandídatar ekki til starfa eins og vant er.

kristjanabjorg@frettabladid.is



**Það hafa sum sé engin alvarleg atvik verið skráð enda sinna læknar ávallt bráðaþjónustu.**

*Leifur Bárðarson, starfandi landlæknir.*

## Áhrif læknadeilunnar

| | | | |
|---|---|---|---|
| 200 | 2.000 | 2,5 | 700 |
| læknanemar neita að koma til starfa í sumar. | dag- og göngudeildarkomum hefur verið frestað. | er falleinkunnin sem Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins fær. | skurðaðgerðum og sértækum aðgerðum frestað. |

E&Co. — eogco.is




**Verið hjartanlega velkomin.** Geysir Skólavörðustíg, Akureyri og Haukadal. Sími 519 6000 — www.geysir.com —

## SVONA ERUM VIÐ



**4** **víðitegundir teljast til innlendra tegunda.**

Það eru loðvíðir, gulvíðir, grasvíðir og grávíðir sem einnig hefur verið kallaður fjallavíðir.

Fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar var samþykkt einróma. Sveitarstjóri segir töluverð sóknarfæri fyrir hendi:

# Áætla að ná lögbundnu skuldaviðmiði 2015

**FJARÐABYGGÐ** Fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar fyrir árið 2015 og árin 2016-18 var samþykkt einróma af sveitarstjórnarmönnum.

Samkvæmt áætluninni mun gjaldskrá leikskóla haldast óbreytt og skólamáltíðin mun lækka um fimm prósent. Framlög til fræðslumála munu aukast um hundrað milljónir króna milli ára. Einnig munu 660 milljónir renna til ýmissa framkvæmda. Þar af munu 200 milljónir fara í að byggja nýjan leikskóla í Neskaupstað sem taka á í gagnið árið 2016. Einnig er unnið að stækkun hafna í Neskaupstað og á Reyðarfirði.

„Í sveitarfélaginu eru sterk útflutningsfyrirtæki. Tekjurnar eru góðar og gera okkur kleift að greiða niður skuldir," segir Páll Björgvin Guðmundsson, sveitarstjóri Fjarðabyggðar. Árangurinn sé slíkur að áætlað er að lögbundnu 150 prósenta skuldaviðmiði ætti að vera náð í lok næsta árs. Upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir því árið 2017.

„Við höfum sýnt aðhald í rekstri og einbeitt okkur að því að greiða skuldir en þó byggt upp innviði samfélagsins," segir Páll. Unnið hafi verið að stækkun hafnarinnar í Norðfirði og skóla- og atvinnumannvirki hafi verið byggð upp.

Enn fremur segir Páll að tækifæri séu til frekari uppbyggingar. Sveitarfélagið geti boðið upp á mikla þjónustu án þess að þurfa að leggjast í stórframkvæmdir. **- jóe**



**NESKAUPSTAÐUR** Bygging nýs leikskóla er áætluð í Neskaupstað. MYND/ÓÐINN MAGNASON



**VIÐ LÓNIÐ** Ragnheiður Elín og Edvard Júlíusson lyftu hellunni.

Auka þjónustu Bláa lónsins:

## 60 herbergja hótel byggt

**ATVINNUMÁL** Í gær var hraunhellu lyft í nágrenni Bláa lónsins og markaði athöfnin upphaf framkvæmda við stækkun upplifunarsvæðis og byggingu nýs hótels.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, lyfti hellunni ásamt Edvard Júlíussyni, en Edvard er einn af stofnendum Bláa lónsins. Í hótelinu er gert ráð fyrir 60 herbergjum, veitingastað og fjölnota fundarsal. **- jhh**

Almenn úthlutun að hefjast:

## Hauka undir merkjum SVFR

**VEIÐI** Stangaveiðifélag Reykjavíkur og Veiðifélag Haukadalsár skrifuðu á sunnudag undir samning um leigu á veiðirétti í Haukadalsá í Dölum.

Félagsmenn SVFR munu því geta sótt um veiðileyfi í Haukadalsá í almennri úthlutun veiðileyfa fyrir sumarið 2015 sem er að hefjast. Söluskrá félagsins er í lokafrágangi en frestur til að sækja um veiðileyfi hjá SVFR rennur út fimmtudaginn 8. janúar.

Veiðisvæði árinnar er um átta kílómetrar en merktir veiðistaðir eru 40 talsins. Veiði síðastliðið ár var 183 laxar en 25 ára meðalveiði er 735 laxar. **- shá**

# Endanleg útfærsla á afnámi fjármagnshafta ekki ákveðin

Slitastjórnir föllnu bankanna funduðu með stjórnvöldum í gær um leiðina að afnámi fjármagnshafta. Nákvæmar útfærslur á tillögum stjórnvalda voru ekki ræddar en von er á næstu skrefum í byrjun ársins 2015.

**EFNAHAGSMÁL** Slitastjórnir föllnu bankanna funduðu í gær með framkvæmdahópi stjórnvalda um afnám fjármagnshafta. Tilgangur fundarins var að leita eftir sjónarmiðum slitastjórnanna á tillögum hópsins um afnám gjaldeyrishafta.

Lee Buchheit, lögfræðilegur ráðgjafi stjórnvalda við afnám fjármagnshafta, vildi ekki tjá sig um útfærslu tillaganna þar sem þær væru nú í umsagnarferli meðal þeirra sem ættu hagsmuna að gæta, líkt og slitastjórna, lífeyrissjóða og fleiri. Tillögurnar hafi þar að auki ekki verið útfærðar endanlega.

„Tilgangur þessa fundar er að heyra sjónarmið slitastjórnanna og fá að vita hvað þau myndu gera sætu þau í okkar sæti," sagði Buchheit í gær.

Fréttablaðið sagði frá því í gær að hugmyndir framkvæmdahópsins fælu það í sér að eigendur aflandskróna verði hvattir eða jafnvel knúnir til að skipta eignum sínum yfir í skuldabréf til 30 ára eða lengur. Önnur hugmynd snýst um að leggja flatan útgönguskatt á erlendar sem og innlendar eignir. Það myndi þýða að lífeyrissjóðir sem myndu vilja flytja fjármagn á milli landa þyrftu að greiða skatta af þeim fjármagnsflutningum.

Buchheit sagði mjög mikilvægt að fara varlega við afnám haftanna, sérstaklega í hagkerfi eins smáu og hinu íslenska, þar sem afleiðingarnar gætu orðið verri en annars staðar séu mistök gerð.

Buchheit vildi ekki staðfesta hugmyndina um útgönguskatt, en sagði verið að leita leiða til að koma í veg fyrir að allir kröfuhafar færu með fjármagn sitt úr landi um leið og höftunum væri aflétt. Hann sagðist hafa það á tilfinningunni að stjórnvöld vildu afgreiða málið eins fljótt og hægt væri. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins má eiga von á næstu skrefum framkvæmdahópsins í byrjun næsta árs.

Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, sagði fundinn hafa verið góðan.

„Ég vona að þetta sé upphafið að frekari samskiptum. Það er mikilvægt að halda áfram viðræðum um hvernig eigi að ljúka skiptum á þessum búum með því að ná nauðasamningum og í framhaldinu verði stjórnvöldum þá kleift að aflétta gjaldeyrishöftunum," sagði Steinunn í samtali við Fréttablaðið eftir fundinn.

Nákvæmar útfærslur tillagnanna voru ekki ræddar við slitastjórnirnar, en þær lýstu þar meðal annars hvernig hægt væri að ljúka skiptum á hverju þrotabúi fyrir sig og greiða út til kröfuhafa án þess að það hefði áhrif á greiðslujöfnuð eða skapaði þrýsting á krónuna. **fanney@frettabladid.is**

> **Það er mikilvægt að halda áfram viðræðum um hvernig eigi að ljúka skiptum á þessum búum með því að ná nauðasamningum og í framhaldinu verði stjórnvöldum kleift að aflétta gjaldeyrishöftunum.**
>
> *Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis.*



**SAMRÆÐUFUNDUR** Lee Buchheit, ráðgjafi stjórnvalda við afnám fjármagnshafta, fundaði með slitastjórnum föllnu bankanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Lífeyrissjóðir séu hagsmunir almennings



Framkvæmdahópur um afnám gjaldeyrishafta mun á næstu dögum funda með fleiri hagsmunaaðilum í sama tilgangi, þar á meðal lífeyrissjóðum.

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, sagði í samtali við Stöð 2 í gær að það blasti við að lífeyrissjóðir almennings verði aftast í biðröðinni við afnám hafta og hagsmunir kröfuhafa hafðir í forgangi.

Þórey Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, segir þau eiga von á að fá fund með nefndinni á næstunni. Hún vildi ekki tjá sig um fyrirhugaðar leiðir stjórnvalda fyrr en þau hefðu fundað og fengið upplýsingar frá fyrstu hendi. „Það skiptir samt sem áður sköpum að horfa á lífeyrissjóðina sem hagsmuni almennings í landinu í þessu ferli," sagði Þórey.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 15° | Friedrichshafen | 4° | New York | XX° |
| Aþena | 14° | Gautaborg | 6° | Orlando | XX° |
| Basel | 5° | Kaupmannahöfn | 6° | Ósló | 4° |
| Berlín | 4° | Las Palmas | 23° | París | 9° |
| Billund | 6° | London | 12° | San Francisco | XX° |
| Frankfurt | 4° | Mallorca | 15° | Stokkhólmur | 4° |







**SLÆMT FERÐAVEÐUR** Norðan hvassviðri eða stormur á landinu í dag og á morgun með snjókomu og éljum um norðanvert landið. Veðrið gengur niður að mestu annað kvöld og á föstudag stefnir í fínasta veður um mest allt land.

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




## Komdu við hjá okkur og reynsluaktu Volkswagen Golf.

Volkswagen Golf er einn mest seldi bíll í heimi. Hann kom fyrst á markað 1973 og hefur selst í 30 milljónum eintaka. Síðastliðinn 40 ár hefur Golf verið þekktur fyrir áreiðanleika, gæði, þægindi og hönnun. Viðtökurnar við sjöundu kynslóðinni sýna svo ekki verður um villst að Volkswagen Golf er fremstur meðal jafningja.

**Volkswagen Golf Comfortline kostar frá:**

**3.850.000 kr.***

Aukabúnaður á mynd: 18" felgur og Xenon ljós.

*Golf Comfortline, 1.4 TSI, 122 hestöfl, 7 gíra sjálfskiptur, 116 CO2 í útblæstri (g/km), 5 l. meðaleyðsla í blönduðum akstri.
Staðalbúnaður á Comfortline: 15" álfelgur, fjarlægðarskynjarar, útvarp með 5.8" snertiskjá, 8 hátölurum og SD kortarauf, Bluetooth símatengi, Start/stop búnaður, loftþrýsingsviðvörun í hjólbörðum, hiti í sætum, hraðastillir (cruise control), Comfort sæti, hraðanæmt rafstýri, ESP stöðugleikastýring, ASR spólvörn.

Das Auto.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað hefur Landsvirkjun greitt mikið í arð til ríkisins á síðustu þremur árum?
**2.** Hjá hvaða liði verður Erlingur Richardsson þjálfari næsta sumar?
**3.** Hvar vinnur Benjamín Þór Waldmann að friðsamlegri sambúð gyðinga og araba?

**SVÖR:**
**1.** 5 milljarða. **2.** Füchse Berlin. **3.** Í bænum Lod í Ísrael.

Dr. Waney Squier, sérfræðingur í meinafræði, gaf skýrslu fyrir dómi í gær og segir rannsókn ábótavant:

# Efast um að ungbarn hafi látist af hristingi

**DÓMSMÁL** Dr. Waney Squier, breskur sérfræðingur í meinafræði, efast um að 9 mánaða gamall drengur sem lést í umsjón dagforeldra hafi látist vegna hristings.

Squier gaf álit sitt í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær og nefndi nokkrar ástæður sem hefðu getað valdið dauða drengsins; Að hann hefði getað dottið nokkrum dögum áður en hann lést, fengið súrefnisskort vegna meðvitundarleysis eða blóðsega í heila.

Ítarlegri rannsókna hefði verið þörf til að sýna fram á með óyggjandi hætti hvernig dauðdagann bar að.

Sigurður Guðmundsson, sem gætti drengsins ásamt konu sinni, var árið 2003 dæmdur í 18 mánaða fangelsi í Hæstarétti fyrir að hafa valdið láti drengsins. Hann hefur nú farið fram á endurupptöku málsins vegna nýrra upplýsinga sem koma fram í sérfræðiáliti dr. Squier.

Dr. Squier er menntuð í barnalækningum og meinafræði og hefur gert fjölmargar rannsóknir á heilaþroska fóstra og barna. Hún hefur gefið skýrslur og borið vitni í fjölda mála erlendis þar sem börn eru talin hafa látist vegna misnotkunar, meðal annars vegna hristings.

Sveinn Andri Sveinsson, verjandi Sigurðar, segir skýrslutöku yfir dr. Squier lagða fyrir endurupptökunefnd. **- skh, kbg**



**ÍTARLEGRI RANNSÓKNA ÞÖRF** Dr. Wayne Squier taldi til ýmsar aðrar mögulegar ástæður fyrir láti drengsins en hristing og sagði að þörf hefði verið á ítarlegri rannsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR









**NORNAHRAUN** Hrauntunga vinnur sig í norður eftir Dyngjusandi, en myndin er tekin 8. desember. MYND/JÍ/GRO B. M. PEDERSEN

# Hraunið gæti dregið mjög úr rykmengun

Eldstöðin í Holuhrauni þekur hægt og bítandi eina aðaluppsprettu rykmengunar hér á landi. Gæti snarminnkað mengun á Austurlandi. Ný rannsókn íslenskra vísindamanna sýnir að árlegt uppfok á Íslandi er áætlað 30 til 40 milljónir tonna.

**NÁTTÚRA** „Dyngjusandurinn er megin uppspretta sandfoks norðan jökla, og meðal virkustu svæða veraldar í rykefnum. Það er ljóst að hraunið frá eldstöðinni í Holuhrauni er að fara yfir mjög stóran hluta þessa svæðis og þess er að vænta að rykmengun frá Dyngjusandi minnki verulega,“ segir Ólafur Arnalds, jarðvegsfræðingur og prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, um eldgosið í Holuhrauni sem nú hefur staðið í rúma þrjá mánuði.

Hraunbreiðan sem hefur til þessa runnið frá eldstöðinni hefur þegar hulið 76 ferkílómetra lands, en Dyngjusandur og flæðurnar norðan Dyngjujökuls eru 200 til 300 ferkílómetrar telur Ólafur, þó að það hafi ekki verið mælt nákvæmlega.

Ólafur bendir á að helstu rykuppsprettur landsins sé flestar að finna við jökuljaðra og ársléttur, sem þorna á milli þess að jökulár renna þar um. „Dyngjusandur er ein ákafasta uppspretta landsins. Rykið hefur mikil áhrif á afar stórt svæði, allt frá Húnavatnssýslum til Suðausturlands,“ segir Ólafur og bætir við að hraunið sé þegar tekið að hylja mjög virk uppfokssvæði, þaðan sem rykmengun hefur um langt árabil plagað íbúa Austurlands.

Við þetta bætir Ólafur að rykstrókar frá Dyngjusandi geti borist hundruð kílómetra norður í höf, og ætla megi að yfir 500 þúsund tonn efnis takist á loft í virkustu stormunum. Reyndar er hin feiknalega rykframleiðsla á Íslandi einstök fyrir svæði á norðlægum breiddargráðum.

Nýlegar rannsóknir á vegum Landbúnaðarháskólans, Háskóla Íslands og Veðurstofunnar sýna reyndar að Ísland er meðal helstu uppspretta ryks í veröldinni og árlegt uppfok á Íslandi er áætlað 30 til 40 milljónir tonna. Að rannsókninni stóðu þau Ólafur, Haraldur Ólafsson veðurfræðingur og Pavla Dagsson-Waldhauserová, og var hún nýlega birt í vísindaritinu Biogeosciences.



> **Dyngjusandur er ein ákafasta uppspretta landsins. Rykið hefur mikil áhrif á afar stórt svæði, allt frá Húnavatnssýslum til Suðausturlands**
>
> *Ólafur Arnalds, prófessor.*

Ólafur útskýrir að stærstu rykuppsprettur heims eru á svæði innan Sahara, en einnig eyðimerkur Ástralíu, í Mongólíu, á Arabíuskaga og víðar.



**FOK** Dyngjusandur í suðvestan stormi. Rykstrókinn leggur langt norður í höf. MYND/ÓA

„Ísland er sannarlega eitt af stærstu svæðunum í þessari mynd, og hlutdeild landsins er vel mælanleg í heildarfoki í veröldinni, og þetta er bara að koma í ljós í þessari rannsókn,“ segir Ólafur. **svavar@frettabladid.is**

## Áhrif ryks eru ekki einungis neikvæð

- Ryk hefur gríðarlega mikil áhrif á vistkerfi jarðar, m.a. frjósemi lands og hafsvæða. Árlegt uppfok á Íslandi er áætlað 30 til 40 milljónir tonna, en mest fellur aftur á land.
- Talið er að 5 til 10 milljónir tonna af íslenskum uppfoksefnum falli á sjóinn umhverfis landið – fínkorna efni sem falla um risavaxin hafsvæði, einkum norður og suður af landinu.
- Hugsanlega er ryk frá Dyngjusandi afar mikilvæg uppspretta járns í sjónum norðan við landið. Áhrif gossins geta því haft neikvæð áhrif á vistkerfi sjávar, því frumframleiðni í sjávarvistkerfum umhverfis landið er oft talin takmörkuð af framboði járns.
- Uppfok og áfok eru lykilþættir í mótun á náttúru Íslands. Landbúnaðarháskóli Íslands áformar að auka rannsóknir á rykframleiðslu í landinu á næstunni, m.a. á Dyngjusandi.



# Ný lína

sodastream
a smarter way to enjoy soda

Hönnuð af hinum heimsþekkta hönnuði **Yves Behar**.

Það hefur aldrei verið einfaldara að búa til sitt eigið gos því Play vélin er miklu einfaldari en forverar hennar.

+ + + +

## Tilboð
## = 22.990,-



Sodastream Genesis
Einfalt og klassískt.
Til bæði í svörtu og hvítu
**19.990,-**



Sodastream Fizz
Sódavatnstæki með skjá sem sýnir eftirstöðvar gasmagns í hylki.
**23.990,-**



Sodastream Revolution
Snertiskjár fyrir allar aðgerðir og gengur fyrir rafmagni
**29.990,-**



**Sodastream Play** notar nýja kynslóð af bragðefnum.

Öll eldhús geta fundið lit við sitt hæfi því Play línan kemur í 6 litum. Svört, hvít, grá, blá, gul og rauð.



Frí heimsending hvert á land sem er!



**11.500 vöru- tegundir**

**Frí heim- sending★**

**Meirihluti Íslendinga verslar á netinu! Komdu í hóp tugþúsunda ánægðra viðskiptavina Heimkaup.is**

**Öryggi - ekkert mál að skila eða skipta**
Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun og vöruhús eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.

**Hægt að greiða við afhendingu**
Ólíkt mörgum netverslunum býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.

**Vefverslunin sem selur allt**
Við bjóðum nú þegar yfir 11.500 vörutegundir og yfir 100 bætast við daglega. Við stefnum að því að selja allt!

**★Frí heimsending samdægurs**
Pantaðu fyrir kl. 17[00] og við sendum frítt heim samdægurs á höfuðborgarsvæðinu – næsta dag víðast hvar á landsbyggðinni. Frítt ef pantað er fyrir 4.000.- eða meira.

**Heimkaup.is**
**Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 5502700**

HEIMKAUP

Verðlagshækkun í desember:

# Gera ráð fyrir 0,7% verðbólgu

**EFNAHAGSMÁL** IFS Greining gerir ráð fyrir því að verðlag hækki um 0,2 prósent í desember. Gangi sú spá eftir lækkar tólf mánaða verðbólga úr einu prósentustigi niður í 0,7 prósent. Verðbólgutölur Hagstofunnar verða kynntar 19. desember.

Bensín og olía halda áfram að lækka en árstíðabundin hækkun flugfargjalda veldur því að ferða- og flutningaliðurinn hækkar. Matarkarfan hækkar lítillega.

- jóe

Byggðastofnun gerir alvarlegar athugasemdir við greiningu Hafnarfjarðarbæjar á störfum hins opinbera:

# Hafnarfjarðarbær gleymdi ráðuneytum

**BYGGÐAMÁL** Byggðastofnun gerir alvarlegar athugasemdir við greiningu á störfum hins opinbera sem Hafnarfjarðarbær lét vinna vegna færslu Fiskistofu til Akureyrar. Byggðastofnun segir alvarlegar villur hafa verið gerðar í samantekt Hafnarfjarðarbæjar hvað varðar fjölda starfsmanna ríkisins á höfuðborgarsvæðinu.

„Starfsmenn iðnaðarráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis, samgönguráðuneytis, dóms- og kirkjumálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis voru tilgreindir í tölum Hafnarfjarðarbæjar frá 2007. Þessi ráðuneyti voru síðar sameinuð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, innanríkisráðuneyti og velferðarráðuneyti en starfsmanna þeirra er ekki getið í tölum fyrir árið 2013,“ segir í úttekt Byggðastofnunar.

Þóroddur Bjarnason, formaður stjórnar Byggðastofnunar, telur hið opinbera þurfa að halda utan um staðsetningu opinberra starfa. „Þegar um svo mikilvægt mál er að ræða, staðsetningu opinberra starfa, þá er mjög mikilvægt að tölurnar séu á hreinu. Bæði fjöldi starfa á hverri starfsstöð sem og lögheimili íbúa starfsmanna ríkisins. Þá er hægt að greina mun betur hvar opinberir starfsmenn búa og hvernig landið liggur í raun í þessum efnum.“

Haraldur Líndal Haraldsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, sagði að yfirvöld myndu skoða þessi gögn og fara yfir þau.

- sa



**ÞÓRODDUR BJARNASON** Formaður stjórnar Byggðastofnunar.




# Skilar fimm milljörðum

Ragnheiður E. Árnadóttir telur náttúrupassa einu leiðina til að fjármagna uppbyggingu ferðamannastaða.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Frumvarp Ragnheiðar Elínar Árnadóttur um náttúrupassa á að skila ríkissjóði um fimm milljörðum næstu þrjú árin. Sú upphæð á að standa straum af uppbyggingu ferðamannastaða vítt og breitt um landið.

Náttúrupassinn mun gilda á ferðamannastöðum í opinberri eigu, ríkis og sveitarfélaga. Einnig verður einkaaðilum gert kleift að gerast aðilar að náttúrupassanum. Náttúrupassinn mun kosta 1.500 krónur og gilda í þrjú ár. Starfsmenn verða ráðnir í fulla vinnu til að hafa eftirlit með því hvort ferðamenn á fjölförnum ferðamannastöðum hafi keypt sér náttúrupassann.

Ragnheiður Elín Árnadóttir telur aðrar leiðir að gjaldtöku ekki færar. Samtök ferðaþjónustuaðila hafa gagnrýnt leið ráðherrans að náttúrupassa og telja aðrar leiðir mun heppilegri, svo sem gistináttagjald. Ragnheiður Elín segir aðrar leiðir ekki ganga vegna þess að þær gangi gegn lögum og reglum EES og Schengen, hvort sem um sé að ræða gistináttaskatt eða skatt á flugfargjöld inn til landsins.

Lög um gistináttagjald voru samþykkt á Alþingi árið 2011. Í fyrstu grein þeirra laga er markmiðið að afla tekna til að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsóttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða.



**FRÁ BLAÐAMANNAFUNDI** Ragnheiður Elín Árnadóttir kynnir frumvarp sitt um náttúrupassa. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Edward H. Huijbens, forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála, telur þá leið sem ráðherra hefur ákveðið ekki góða. Telur hann upp þrjár meginástæður fyrir því.

„Í fyrsta lagi er þetta afleit tekjuöflunarleið, dýr í framkvæmd, eftirlit nær ómögulegt og hún dæmd til að skila litlu. Í annan stað birtist okkur þarna verulega undarleg hugmynd um náttúruna, það er að hana sé hægt að fjárvæða að því marki að það eitt að horfa á hana hljóti peningalegt virði. Í þriðja lagi eru að mínu mati áhöld um það hvort þetta standist gagnvart almannarétti, það er rétti fólks á för um landið.“

sveinn@frettabladid.is

www.volkswagen.is




Volkswagen atvinnubílar

**Einstakt tækifæri**

Nú í desember gefst einstakt tækifæri til að kaupa **sýningar- og reynsluakstursbíla** hjá VW atvinnubílum **á góðum kjörum.** Kynntu þér málið hjá sölufulltrúum okkar á Laugavegi 174.

Atvinnubílar

Takmarkað magn

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.hyundai.is

5 ÁRA Ábyrgð Ótakmarkaður Akstur

# NÝI BÍLLINN ER HYUNDAI

5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur!

## KOMDU TIL OKKAR OG PRÓFAÐU

Upplifðu Hyundai gæði strax í dag. Við bjóðum þér í kaffi og reynsluakstur og kynnum hina frábæru 5 ára ábyrgð sem fylgir öllum nýjum Hyundai.










## 10%

## ÚTBORGUN INN Á NÝJAN HYUNDAI

Kynntu þér lánakjör
Lykils á www.lykill.is

Lykill

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðenda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SIA / NM66208

| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. |
|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi |
| www.bilahusid.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 |

HYUNDAI NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kauptúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

# Margt breyst í Konukoti á 10 árum

Í dag fagnar Konukot tíu ára afmæli sínu. Athvarfið er rekið af Rauða krossinum í Reykjavík og Reykjavíkurborg og var sett á laggirnar vegna þess að úrræði skorti fyrir heimilislausar konur með vímuefnavanda. Fréttablaðið kíkti í heimsókn og kynnti sér starfsemina.


Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is




Það er róleg og notaleg stemming inni í Konukoti þegar blaðamann ber að garði rétt fyrir níu á þriðjudagsmorgni. Óveður næturinnar er afstaðið og næturgestirnir að hafa sig til fyrir daginn. „Það var fámennt í nótt,“ segir Þórey Einarsdóttir, umsjónarkona næturathvarfsins. Það er heimilislegt um að litast inni í þessu 90 ára gamla húsi í Eskihlíðinni enda allt gert til þess að konunum líði sem best. Fjölmargir hafa lagt sitt af mörkum og eru flest húsgögnin og mikið af heimilismunum gjafir frá fyrirtækjum og einstaklingum sem hafa viljað styrkja starfið.

Margt hefur breyst á þeim tíu árum sem athvarfið hefur verið starfrækt. Gestum hefur farið fjölgandi á síðari árum og mest hafa verið sextán konur yfir nótt en rúm eru fyrir átta en alla jafna eru í kringum átta konur á nóttu. „Það er engum vísað frá,“ segir Hanna sem hefur unnið hér til margra ára. Sjálfboðaliðar skipa stóran sess í starfsemi Konukots en að jafnaði starfa þar 30-40 sjálfboðaliðar sem skipta með sér kvöldvöktum. Alltaf eru tveir starfsmenn á vakt. Sjálfboðaliðar eru yfirleitt á kvöldvöktum, síðan starfsfólk á næturvöktum og þar til kotið lokar klukkan 10 á morgnana.

Inni í hlýlegri borðstofu er búið að leggja á borð morgunverð. Ung kona sest niður og fær sér morgunkorn. Hún staldrar stutt við og heldur af stað út í daginn. Önnur eldri fær sér sæti við borðið. Hún hefur verið hér í átján mánuði en segist vera að bíða eftir íbúð. Önnur kona á svipuðum aldri sest við borðið, sú hefur verið hér síðan í apríl og segist einnig vera bíða eftir íbúð. Þær ræða daginn og veginn meðan þær borða morgunverðinn og gera sig tilbúnar undir daginn. Borgarverðir sækja þær klukkan tíu og keyra þær niður í bæ. Það er misjafnt hvernig þær eyða deginum. Sumar eru í Dagsetrinu, aðrar niðri í bæ og einhverjar hjá vinum. Síðan er kotið opnað aftur klukkan fimm og þá eru þær velkomnar inn á ný. Þá býðst þeim heitur kvöldmatur og þær geta þvegið af sér.

Flestar þeirra kvenna sem dvelja í Kotinu eiga við vímuefnavanda að stríða. Þær Kristín Helga Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Konukots, og Þórey segja margt hafa breyst í starfinu eftir að þær fóru að vinna eftir aðferðafræði skaðaminnkandi nálgunar. Virðing er lykilorð í starfseminni. „Árið 2009 breyttist þetta mikið. Við vorum farin að finna alls kyns fíkniefnaáhöld hér. Við tókum fyrir það, nú má ekki fara með óhrein áhöld inn í húsið. Þær sem eru í neyslu rétta okkur budduna sína þegar þær koma og við pössum upp á það,“ segir Þórey. „Við erum ekki að reyna segja þeim til en við reynum að hjálpa þeim eins og við getum. Þær fylgja reglum og með því að skapa öruggt umhverfi geta þær betur tekist á við lífið,“ segir Kristín.



**SÓTTAR** Borgarverðir sækja konurnar klukkan 10 á morgnana. Hér eru tvær þeirra að búast til ferðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Konukot var opnað 10. desember 2004 í Eskihlíð 4



**253** konur hafa dvalið í athvarfinu í mislangan tíma frá opnun.

**18-67** ára er aldur kvennanna sem dvalist hafa í Konukoti.

**30-40** sjálfboðaliðar skipta með sér vöktum í athvarfinu.

Úrræðum fyrir þann hóp sem nýtir sér Konukot hefur líka fjölgað mikið á þessum tíu árum. Til dæmis breytti það miklu þegar Borgarverðir komu til sögunnar og Frú Ragnheiður, skaðaminnkunarverkefni sem sinnir heilsuvernd fyrir þennan hóp og sér m.a. um að útvega hreinar sprautur. Auk þess eru rekin úrræði yfir daginn sem voru ekki í boði þegar Konukot var sett á laggirnar.

„Borgarverðir sækja þær á morgnana og það er minni kvíði sem fylgir því. Hér áður þurfti maður oft að skilja þær eftir á tröppunum í alls konar veðri og svo þurftu þær bara að koma sér niður í bæ,“ segir Þórey. „Það var stundum sem maður fór með alla hersinguna í strætó niður í bæ, það var ómögulegt að skilja þær eftir hér og við keyrðum svo í burtu,“ segir Þórey og í sama mund kemur niður stigann kona á fimmtugsaldri. „Hvað er að gerast hér?“ spyr konan og greiðir blautt hárið. Konan hefur verið reglulegur gestur hér alveg frá opnun Konukots en bíður þess nú að fá félagslega íbúð. „Hérna eru skórnir sem við fundum fyrir þig,“ segir Þórey og réttir henni fallega brúna kuldaskó með ullarsokkum í. „Þegar við fáum gefins föt þá reynum við að sigta inn eitthvað sem hentar hverri og einni. Við sáum þessa og vissum strax að þeir væru góðir fyrir hana. Það skiptir svo miklu máli að vera í góðum skóm,“ segir Þórey. Konan segir sögur af tónlistarferli sínum með miklum tilþrifum og segist óska sér að eiga eðlilegt líf þar sem hún geti farið að spila og syngja á ný. Konukot opnaði í byrjun þessa árs flóamarkað í sama húsnæði. Þar eiga konurnar kost á að velja sér föt og síðan er hitt selt og fer hagnaðurinn í að styrkja starfsemina.

Það er farið að birta úti og Borgarverðirnir eru mættir á stórum bíl að húsinu til að sækja konurnar. „Sjáumst á eftir,“ segir ein þeirra við starfskonurnar áður en hún gengur út í bílinn. Þær halda út í daginn og starfskonurnar ganga frá eftir vaktina.

Í tilefni afmælisins verður opið hús í Konukoti í dag frá klukkan 14-16. Þar gefst gestum kostur á að kynna sér starfsemina og auk þess verður flóamarkaðurinn opinn til klukkan 18.



**ÞÓREY OG KRISTÍN HELGA** Þær hafa báðar starfað í Konukoti frá opnun þess. Þórey er umsjónarkona þess og Kristín verkefnastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN







Rauði krossinn
Af mannúð í 90 ár



# Rauði krossinn á Íslandi er 90 ára í dag

Afmælisárið var tileinkað skyndihjálp en lögð var áhersla á að kynna fyrir landsmönnum hvernig rétt er að bregðast við bruna, blæðingu, aðskotahlut í hálsi og hvernig veita á endurlífgun. Hægt er að kynna sér málið betur á **skyndihjalp.is.**

**Maður veit aldrei hvenær á reynir!**

## Verið velkomin á afmælishátíð fyrir alla fjölskylduna!

Hús Rauða krossins, Efstaleiti 9, verður opið í dag frá kl. 14 til 18. Boðið verður upp á léttar veitingar frá Bakarameistaranum, ljósmyndasýningu um sögu félagsins og ýmis skemmtiatriði.

**Dagskrá**

| | |
|---|---|
| 14.00 | Húsið opnað |
| 14.30 | Gunni og Felix syngja skyndihjálparlagið ásamt 50 barna kór frá Leikskólanum Langholti |
| 14.40 | Afmælishátíðin sett – Forseti Íslands ávarpar gesti |
| 15.00 | Tónlist – Skuggamyndir frá Býsans |
| 15.45 | Sjúkrabílar afhentir með viðhöfn |
| 16.00 | Sirkus Íslands |
| 16.45 | Skoppa og Skrítla |
| 17.30 | Tónlist – Stefán Hilmarsson |

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 14-2185




Hægriflokkarnir í Svíþjóð vilja ekki vera með í stórri samsteypustjórn:

# Vilja sterkari minnihlutastjórnir

**SVÍÞJÓÐ** Hægriflokkarnir í Svíþjóð hafa engan áhuga á þátttöku í stórri samsteypustjórn með sósíaldemókrötum og græningjum. Þeir vilja frekar breyta reglum þingsins þannig að minnihlutastjórnir fái tryggari starfsgrundvöll.

Tveggja mánaða gömul minnihlutastjórn sósíaldemókrata og græningja féll í síðustu viku eftir að Svíþjóðardemókratarnir, flokkur hægri þjóðernissinna, greiddi atkvæði gegn fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar. Fjárlagafrumvarp stjórnarandstöðunnar var samþykkt og tekur gildi um áramótin. Stefan Löfven forsætisráðherra ákvað í framhaldinu að efna til þingkosninga snemma á næsta ári.

„Svíþjóð verður að öllum líkindum stjórnað af minnihlutastjórnum í fyrirsjáanlegri framtíð,“ segir í yfirlýsingu leiðtoga hægriflokkanna, sem birt var í dagblaðinu Dagens nyheter í gær. Þess vegna þurfi að breyta reglum um afgreiðslu fjárlaga og fleira í starfsháttum þingsins. **- gb**



**LEIÐTOGAR HÆGRIFLOKKANNA** Leiðtogarnir komu saman þegar stjórn sósíaldemókrata og græningja var fallin. NORDICPHOTOS/AFP






**DIANE FEINSTEIN** Formaður leyniþjónustunefndar fulltrúadeildar Bandaríkjaþings ræðir við blaðamenn á leiðinni til að kynna niðurstöður nefndarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Pyntingar afhjúpaðar

Pyntingar bandarísku leyniþjónustunnar CIA skiluðu engu öðru en að spilla orðspori Bandaríkjanna erlendis. Fyrrverandi ráðamenn verja enn framferðið.

**BANDARÍKIN** Ein af meginniðurstöðum sex þúsund blaðsíðna skýrslu bandarískrar þingnefndar um pyntingar er sú, að þær hafi alls ekki skilað neinum árangri – nema þjáningu hinna pyntuðu og hnekki fyrir Bandaríkin á alþjóðavettvangi.

Demókratar í leyniþjónustunefnd fulltrúadeildar Bandaríkjaþings birtu í gær um 500 blaðsíðna langa samantekt á helstu niðurstöðum skýrslunnar, en meginmál skýrslunnar verður áfram hjúpað leynd.

Barack Obama forseti sagðist vonast til þess að skýrslan verði til þess að pyntingar á vegum bandarískra stjórnvalda muni nú heyra sögunni til.

Það var George W. Bush, þáverandi forseti Bandaríkjanna, sem stuttu eftir árásir hryðjuverkamanna á Bandaríkin haustið 2001 heimilaði leyniþjónustunni CIA að pynta fanga, sem grunaðir voru um aðild að hryðjuverkastarfsemi. Pyntingarnar stóðu yfir til ársins 2006.

Í skýrslunni kemur fram að í yfirheyrslum hafi ýmiss konar aðferðum verið beitt á fangana, til viðbótar við „vatnspyntingar“, álagsstöður, hávaðatruflanir og fleira. Meðal annars hafi þeir verið látnir halda, að verið væri að taka þá af lífi. Þá hafi borvélum verið haldið ógnandi upp að höfði þeirra.

Í skýrslunni er tekinn af allur vafi um að þetta hljóti að teljast til pyntinga, enda kalli Bandaríkjamenn þetta sjálfir pyntingar þegar sams konar yfirheyrsluaðferðum er beitt annars staðar í heiminum.

Demókratinn Dianne Feinstein, sem er formaður nefndarinnar, hafnar því að þessar aðferðir hafi verið réttlætanlegar í nafni þjóðaröryggis, jafnvel þótt menn hafi talið sig vera undir miklum þrýstingi vegna ótta um fleiri hryðjuverk.

Dick Cheney, sem þá var varaforseti Bandaríkjanna, var mikill hvatamaður þessara pyntinga og enn í dag segir hann þær hafa verið nauðsynlegar. Á sínum tíma vildi hann þó ekki viðurkenna að þeim væri beitt á fanga í vörslu Bandaríkjanna, og talaði eins og aðrir bandarískir embættismenn og fjölmiðlar frekar um „harkalegar yfirheyrsluaðferðir“.

**gudsteinn@frettabladid.is**



# Lagerhreinsun á jólavörum hefst í dag



**Kassi með jólaskrauti**
50 hlutir.
**1.620.-** ~~2.495.-~~



**Jólakúlur, 12 í pakka**
Í rauðu og silfurlitu, þv. 6 cm.
**775.-** ~~1.195.-~~



**1.620.-** ~~2.495.-~~
**Jólaskraut úr keramíki**
Með 10 LED-ljósum. Rafhlöður fylgja ekki.



**970.-** ~~1.495.-~~
**LED-glerhjarta**
Þv. 10 cm. Með 10 LED-ljósum. Rafhlöður fylgja ekki.



KONST SMIDE
**1.165.-** ~~1.795.-~~
**LED-kerti**
Þv. 8 cm. Með LED-ljósi og tímastillingu. Grátt eða rautt mynstur, hæð 10 cm. Rafhlaða fylgir ekki.

## 35% AFSLÁTTUR
af öllum jólaseríum og jólaskrauti
Komið og gerið góð kaup - ótrúlegt úrval.



**970.-** ~~1.495.-~~
**LED-inniseria með skrautkúlum**
Með 10 LED perum, fæst í nokkrum litum. Þv. 2,5 cm. Rafhlöður fylgja ekki.



**645.-** ~~995.-~~
**Baruque LED-inniseria**
Með 10 LED-ljósakúlum, fæst í nokkrum litum. Rafhlöður fylgja ekki.



**5.195.-** ~~7.995.-~~
**Hreindýrasett**
Hreindýr úr akrýlefni, með rauða slaufu. Hæð 21 og 38 cm. IP44-vottuð.



**6.495.-** ~~9.995.-~~
**Mörgæs**
Úr akrýlefni. Hæð 45 cm, með 96 hvítum LED-perum. IP44-vottuð.



**3.245.-** ~~4.995.-~~
**Pílviðartré**
Hæð 100 cm með 100 LED-perum. IP44-vottað.



**6.495.-** ~~9.995.-~~
**LED-jólatré 180 cm**
Með hvítri ljósaslöngu. IP44-vottað.



**1.945.-** ~~2.995.-~~
**LED-jólatré**
Hæð 120 cm, með 80 LED-perum.



**2.270.-** ~~3.495.-~~
**LED-jólatré, 3 í pakka**
70 cm á hæð með 24 LED-perum hvert. IP44-vottað.

Auglýst verð gildir frá miðvikudeginum 10. desember til og með miðvikudeginum 17. desember 2014.
Gildir á meðan birgðir endast.

**BAUHAUS®**

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# Stóri dagurinn

EINN MIÐI, ÞREFALDIR MÖGULEIKAR

A

60

1

AÐALÚTDRÁTTUR
**70 MILLJÓNIR**
**3.000** manns fá allt frá 5 þúsund krónum upp í **25 milljónir**.

MILLJÓN Á MANN
5 x **1 MILLJÓN**
**5 heppnir** vinningshafar fá **eina milljón** króna hver.

MILLJÓNAVELTAN
**60 MILLJÓNIR**
króna á einn miða.



PIPAR\TBWA • SÍA • 144572

# SÍÐASTI ÚTDRÁTTUR ÁRSINS ER Í KVÖLD

# FÆRÐ ÞÚ 60 MILLJÓNIR Í JÓLABÓNUS?

Framundan er stærsti vinningur ársins þegar **60 milljónir** verða dregnar út á einn miða. Það verður því einn heppinn miðaeigandi sem fær ríflega desemberuppbót. Ekki missa af síðasta útdrætti ársins þar sem útgreiddir vinningar verða samtals um **135 milljónir!**

Tryggðu þér miða fyrir **kl. 18** í dag!

DRÖGUM Í DAG **10.** DESEMBER



Tryggðu þér miða á **www.hhi.is**, í síma **563 8300** eða hjá næsta umboðsmanni. **Miðaverð er aðeins 1.300 kr.**

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

*Vænlegast til vinnings*

Hagvöxtur er undir öllum spám og væntingum:

# Samdráttur, en ekki hagvöxtur

Almennt er gert ráð fyrir að Seðlabankinn tilkynni vaxtalækkun á fundi í dag. Áhyggjur eru vegna þess hversu hagvöxturinn, fyrstu níu mánuði ársins, er langt, langt frá því sem nokkurn óraði fyrir. Hagvöxturinn var aðeins hálft prósent meðan gert hafði verið ráð fyrir að hann yrði fimm til sex sinnum meiri en raun varð á. Á síðasta ársfjórðungi var samdráttur, ekki hagvöxtur.

Einkaneyslan skiptir miklu máli í hagvexti, en hún hefur verið fjarri því sem talið var að hún yrði. Meðal annars var gengið út frá því sem vísu, að skuldaleiðréttingar ríkisstjórnarinnar myndu hafa jákvæð áhrif á efnahagslífið, myndu auka einkaneysluna. Það hefur ekki gengið eftir. Alls jókst einkaneyslan um 2,8 prósent fyrstu níu mánuði ársins. Eitthvað veldur því að þegar skuldaleiðréttingar eru kynntar, dregst einkaneyslan saman. Þveröfugt við það sem gert var ráð fyrir.



**Sigurjón Magnús Egilsson**

sme@frettabladid.is

Gert er ráð fyrir að einkaneyslan taki við sér á síðasta hluta ársins. Skárra væri það nú, fólk ver eðlilega miklum peningum til jólahalds og jólagjafa.

Þrátt fyrir allt tal um betri tíð, lægstu verðbólgu í mannaminnum, minnkandi atvinnuleysi, stöðugra gengi krónunnar en lengi vel, og að sífellt fleiri ferðamenn sæki okkur heim og ýmislegt annað sem sýnir okkur að margt færist til betri vegar, heldur fólk samt að sér höndunum.

Það er ekki bara fólkið í landinu sem fer varlegar en gert var ráð fyrir. Að venju uppfærði Hagstofan tölur um fjárfestingar fyrir fyrsta og annan ársfjórðung. Mesta breytingin varð í fjármunamyndun, en Hagstofan áætlar nú að á öðrum ársfjórðungi verði hún um sjö prósentum lægri en þegar fyrstu tölur voru birtar í september.

Mest um vert er að hafa í huga að aðeins á öðrum ársfjórðungi þessa árs var hagvöxtur, þá var hann rúm tvö prósent en samdráttur varð bæði á fyrsta og þriðja ársfjórðungi ársins. Eftir samfelldan hagvöxt í nokkuð drjúgan tíma horfum við nú til þess að hér er samdráttur, sem meðal annars mælist í lágri verðbólgu og jafnvel verðhjöðnun. Þetta eru eflaust hættumerki og drjúg breyting frá því sem verið hefur, sennilegast frá árinu 2010.

Þetta og annað til bendir til að stýrivextir verði lækkaðir í dag. Það verður þá í annað sinnið í röð sem það verður gert. Og það eru blikur á lofti. Okkar litla hagkerfi er jú svo viðkvæmt. Hugsanlegir byggjendur iðjuversins á Bakka við Húsavík hafa frestað ákvörðun um uppbygginguna. Fari svo að þeir hætti við mun það hafa mikil áhrif. Slík dæmi þekkjum við af fréttum margra liðinna ára. Hálfbyggt álver í Helguvík er ágætt dæmi um það. Skaði samfélagsins þar er orðinn mikill og vonandi þurfa Húsvíkingar ekki að upplifa neitt ámóta.

Íslenskt hagkerfi er ógnarsmátt og óvarið fyrir svo mörgu. Og víst er að það þolir ekki samdrátt og því er brýnt að snúið verði frá þeirri þróun sem nú er og að takist að snúa henni við.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vilja að Tómas hætti

Læknar gantast með að sennilega væri best fyrir íslenska lækna ef Tómas Guðbjartsson skurðlæknir segði upp störfum vegna læknadeilunnar. Tómas hefur öðlast landsfrægð eftir að hafa stýrt magnaðri hjartaaðgerð á manni sem hafði verið stunginn með hnífi í gegnum hjartað. Vissulega eru læknar ekki að meina að þeir vilji að Tómas segi upp, en gantast með að ef hann gerði það yrði samið samstundis, til að tryggja að hann flytji ekki úr landi. Þar með heyrði verkfall lækna sögunni til. Sjálfur hefur Tómas sagt í viðtölum að hann ætli ekki að hætta og flytja burt.



### Hunsar Alþingi

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, sagði á Alþingi í gær að Halla Sigrún Hjartardóttir, stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, hlýði ekki óskum um að mæta fyrir þingnefnd. „Við höfum fengið þau svör við þeirri margítrekuðu málaleitan að hún hyggist ljúka störfum í kjölfar stjórnarfundar í Fjármálaeftirlitinu 3. desember. Hún hefur ekki fundið hjá sér tíma til þess að mæta fyrir nefndina á þeim tímum sem gefinn hefur verið kostur á. Svo heyrum við það frá Fjármálaeftirlitinu að hún sitji sem fastast sem stjórnarformaður,“ sagði Árni Páll á Alþingi. „Ef menn ætla að víkja úr starfi þá þurfa þeir að víkja úr starfi.“



### Í einum kór

Fleiri þingmenn en Árni Páll Árnason gerðu athugasemdir við að Halla Sigrún Hjartardóttir, stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, hlýði ekki óskum um að mæta fyrir þingnefnd. Svandís Svavarsdóttir, Guðmundur Steingrímsson, Jón Þór Ólafsson og Helgi Hjörvar tóku öll undir með Árna Páli. „Okkur var sagt að hún ætlaði að segja af sér út af þeim atburðum sem áður áttu sér stað með kaupum og sölum á eignum, en núna virðist hún ekki hafa sagt af sér og samt kemur hún ekki fyrir nefndina. Þetta er mjög einkennilegt þannig að ég vil beina því til forseta Alþingis að beita sér í þessu,“ sagði Guðmundur Steingrímsson.

sme@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Að ganga erinda náttúrunnar

UMHVERFISMÁL



**Ragnheiður Elín Árnadóttir**

iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Ögmundur Jónasson ritaði pistil í gær hér í Fréttablaðið um frumvarp ríkisstjórnarinnar um náttúrupassa. Andstaða Ögmundar kom reyndar ekki á óvart, hann hefur lagst eindregið gegn allri gjaldtöku inn á ferðamannastaði og því skyldi annað vera uppi á teningnum nú?

Þessi afstaða Ögmundar væri kannski skiljanleg ef ekki væri fyrir þá staðreynd að Ögmundur var einn þeirra sem samþykktu frumvarp Svandísar Svavarsdóttur, fyrrverandi umhverfisráðherra, til náttúruverndarlaga á síðasta ári. Þar segir í 92. grein: „*Rekstraraðili náttúruverndarsvæðis getur enn fremur ákveðið sérstakt gjald fyrir aðgang að svæðinu ef spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna eða hætta er á slíkum spjöllum og skal tekjum af því varið til eftirlits, lagfæringar og uppbyggingar svæðisins eða aðkomu að því.*“ Með öðrum orðum, Ögmundur studdi frumvarp sem heimilaði að rukkað yrði fyrir aðgang t.a.m. að Þingvöllum, sem hann hefur sérstaklega gert að umtalsefni.

Ögmundi er auðvitað frjálst að skipta um skoðun síðan hann samþykkti þetta lagaákvæði. Þessi heimild hefur reyndar verið í lögum allt frá árinu 1999 og því heimilt samkvæmt lögum að takmarka aðgang að svæðum með gjaldtöku, ekki bara í umræddum náttúruverndarlögum heldur einnig í þremur öðrum lagabálkum. En varla skiptir það Ögmund að máli að heimildin sé nýtt með náttúrupassa frekar en í innheimtuhliði við innganginn að Þingvöllum?

Það kom fátt á óvart í grein Ögmundar – en það sem er vont að sitja undir eru ávirðingar hans um að ég sé að láta eftir vilja einstakra fyrirtækja eða hagsmunaaðila. Ögmundur hefði þá átt að nefna björgunarsveitir landsins í þeirri upptalningu, en með frumvarpinu er gert ráð fyrir beinum fjárframlögum til þeirra sem fá í síauknum mæli verkefni við björgun ferðafólks samhliða örum vexti ferðaþjónustunnar. Því fer fjarri að gengið sé erinda ákveðinna hópa. Náttúrupassinn gerir það einmitt að verkum að hann leggst ekki á einn afmarkaðan anga ferðaþjónustunnar, heldur aðeins á þá einstaklinga sem kjósa að heimsækja vinsæla ferðamannastaði. Það eina sem hefur vakað fyrir mér frá því málið kom upp er að vernda náttúruna – „vöruna“ sem um 80% erlendra ferðamanna segjast koma til að upplifa.

Ég ætla ekki að fara fram á margt við Ögmund í þessari umræðu, en bið hann þó um það lítilræði að halda sig við málefnin og að tala út frá staðreyndum. Þannig gætum við jafnvel talað okkur niður á sameiginlega lausn.

# Atlaga að almannaréttinum

Nú bíður frumvarp ráðherra ferðamála, um náttúrupassa handa Íslendingum, þess að verða lagt fram á Alþingi. Það er ótrúlegt að þessi hugmynd skuli hafa náð svona langt, þar sem hún stríðir gegn heilbrigðri skynsemi og lögbundnum rétti almennings til umgengni við sitt eigið land. Það er með ólíkindum að láta sér detta það í hug að skerða almannaréttinn, til þess að bæta fyrir traðk erlendra ferðamanna og þess gullæðis sem fylgir ferðaþjónustunni. Sú atvinnugrein bjó til þetta vandamál, sem almenningur á nú að gjalda fyrir. Ekki bara með sérstökum skatti, heldur einnig einskonar reisupassa.

UMHVERFISMÁL



Stefán Þórsson
landfræðingur

**➜ Hvergi annars staðar fyrirfinnst sú firra að almenningur gangi með passa fyrir aðgang að eigin landi, og stangast það beint á við rétt almennings hér…**

**Í trássi við lög**

Til að bæta gráu ofan á svart, þá hefur ráðherra ferðamála sagt að „passinn“ muni gilda á völdum svæðum í eigu ríkis og sveitarfélaga, en einkaaðilar geti áfram rukkað inn á sín lönd. Það virðist skipta ráðherrann litlu máli þótt það sé í trássi við lög. Veit ráðherra kannski ekki að bæði umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun hafa gefið út þá yfirlýsingu að gjaldtaka Kerfélagsins í Grímsnesi sé ólögleg? Einnig hefur einn fróðasti lögfræðingur landsins, á sviði umhverfisréttar, sagt að sú gjaldtaka sé ólögmæt. Samningur við Umhverfisstofnun er nefnilega ekki til staðar, en hann er forsenda gjaldtöku. Ekki mun vera mikill áhugi hjá Kerfélaginu fyrir slíkum samningi, þar sem engar arðgreiðslur eru mögulegar. Öllum tekjum skal hinsvegar varið til uppbyggingar svæðisins.

Almannahagsmunir eru greinilega ekki leiðarljós ráðherra í þessum málum, þar sem hún hefur ítrekað lagt blessun sína yfir athæfi Kerfélagsins.

Hvenær má svo vænta þess að Umhverfisstofnun og umhverfisráðuneytið sinni skyldum sínum og beiti sér gegn þessum lögbrotum Kerfélagsins?

**Fordæmalaus náttúrupassi**

Árið 2013 vann Ráðgjafafyrirtækið Alta, að beiðni Ferðamálastofu, skýrslu til að varpa ljósi á það hvernig afla mætti tekna til að fjármagna uppbyggingu og viðhald ferðamannastaða.

Í skýrslunni er m.a. fjallað um brottfarar- og komugjöld og stendur þar orðrétt: „þessi gjaldtökuleið er að öllum líkindum bæði raunhæf og fremur einföld til notkunar hér á landi.“

Einnig er fjallað um náttúrupassann og stendur þar orðrétt: „Ekki er vitað til þess að erlendis sé að finna beina samsvörun við þetta fyrirkomulag á aðgangi að náttúrusvæðum sem unnt er að styðjast við.“

Sem sagt, hvergi annars staðar fyrirfinnst sú firra að almenningur gangi með passa fyrir aðgang að eigin landi, og stangast það beint á við rétt almennings hér á Íslandi. Væntanlega er það einnig ástæðan fyrir því að „náttúrupassa“ er ekki að finna í öðrum löndum.

Árið 2009 skipaði fjármálaráðherra nefnd um umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu. Í áliti sínu mælti nefndin með gistináttagjaldi eða blandaðri leið gistináttagjalds og farþegagjalds.

Hvaða ástæður skyldu liggja að baki þeirri ákvörðun Ragnheiðar Elínar að hafna þessum faglegu niðurstöðum og heimta náttúrupassa?

Einnig má geta þess að öll ferða- og útivistarfélög leggjast gegn passanum, ásamt samtökum ferðaþjónustunnar.

**Höfðað til sektarkenndar**

Náttúrupassinn hlýtur að vera fullkomið brot á almannaréttinum, þar sem Íslendingum verður meinaður aðgangur að þeim svæðum sem krefjast „passans“, þ.e.a.s þeim sem neita að greiða fyrir hann. Ég er handviss um að flestallir Íslendingar myndu samþykkja að ríkissjóður veitti meira fé til náttúruverndar, en það er með eindæmum ómerkilegt að höfða til sektarkenndar fólks, ef það vill ekki kaupa náttúrupassa ferðamálaráðherra.

Gefum okkur það, að þetta verði að raunveruleika. Hvaða tryggingu hefðu landsmenn gegn stöðugri fjölgun svæða sem væru „passaskyld“. Slíka þróun gæti verið erfitt að stöðva. Þetta er kannski svartsýni, en það hljóta allir að sjá hve galið það væri að veita einhverri stofnun heimild til þess að ákveða hvar fólk má vera, án einhverskonar passa, sem gæti þess vegna tvöfaldast í verði þriðja hvert ár. Hversu margir öryggisverðir verða í vinnu við „passaskoðun“? Verða þeir í sjálfboðavinnu? Enginn passi – enginn aðgangur. Þetta er ekkert annað en atlaga að almannaréttinum, það sér allt hugsandi fólk.

**Getulausar stofnanir**

Nú telur umhverfisráðuneytið, að náttúrupassinn skerði ekki almannarétt. Sama ráðuneyti og lætur lögbrot Kerfélagsins í Grímsnesi óáreitt, jafnvel eftir að hafa gefið út yfirlýsingu um ólögmæti þeirrar miðasölu, sbr. fyrirspurn Katrínar Jakobsdóttur þingkonu, nú fyrir skömmu. Hvers vegna stendur þetta ráðuneyti ekki vörð um almannahagsmuni? Hið sama má segja um Umhverfisstofnun.

Það er sorglegt að almenningur skuli sitja uppi með getulausar stofnanir og vanhæfa ráðherra, á sama tíma og sjálftökumenn með posavélar skjóta upp kollinum um land allt.

Óánægja fólks með náttúrupassann snýst ekki um fimmhundruð kall á ári, heldur þá atlögu að almannaréttinum sem honum fylgir.



†



Okkar ástkæra

**LAUFEY SIGURRÓS SIGURÐARDÓTTIR (DUDDA)**

andaðist á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, föstudaginn 5. des. sl. Útför hennar verður gerð frá Akraneskirkju fimmtudaginn 11. des. nk. kl. 14.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Helgi Sigurðsson**

†



Faðir okkar og tengdafaðir,

**JÓN S. EINARSSON**
***húsasmíðameistari,***

verður jarðsunginn frá Norðfjarðarkirkju föstudaginn 12. desember og hefst athöfnin kl. 13.00.

**Kristín Björg Jónsdóttir** **Jón Hlífar Aðalsteinsson**
**Margrét Jónsdóttir**
**og fjölskyldur.**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, elskulegur afi og langafi,

**EINAR ÓLAFSSON**
**fyrrverandi skipstjóri og útgerðarmaður,**
**Smáragötu 9, Vestmannaeyjum,**

andaðist sunnudaginn 30. nóvember. Hann verður jarðsunginn frá Landakirkju laugardaginn 13. desember kl. 14.00. Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast Einars er bent á líknarfélög.

**Viktoría Ágústa Ágústsdóttir**
**Ólafur Ágúst Einarsson** **Halla Svavarsdóttir**
**Agnes Einarsdóttir** **Kári Þorleifsson**
**Viðar Einarsson** **Dóra Björk Gunnarsdóttir**
**Hjalti Einarsson** **Dagmar Skúladóttir**
**afa- og langafabörn.**

# 90 ára afmæli Rauða krossins á Íslandi

Íslandsfélag Rauða krossins fagnar merkum tímamótum í dag því liðin eru 90 ár frá stofnfundi félagsins í Eimskipafélagshúsinu árið 1924. Opið hús verður í dag.

Íslandsfélag Rauða krossins, stærstu mannúðarsamtaka í heimi, fagnar merkum tímamótum í dag.

Liðin eru 90 ár frá stofnfundi félagsins sem fram fór í Eimskipafélagshúsinu árið 1924 þar sem Sveinn Björnsson, síðar fyrsti forseti lýðveldisins, var kjörinn formaður Rauða krossins.

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar, verkefnin hafa verið fjölmörg. Á fyrstu áratugum Rauða krossins á Íslandi voru hvers kyns lýðheilsuverkefni, heimahjúkrun, tímabundinn rekstur spítala og blóðsöfnun stór hluti af verkefnum félagsins. Kann það að skýrast af miklum áhuga lækna á Rauða krossinum en meðal fimm fyrstu formanna voru fjórir þeirra einmitt læknar.

Rauði krossinn hefur ekki alveg sagt skilið við þjónustu gagnvart heilbrigðiskerfinu og rekur enn allar sjúkraflutningabifreiðar á Íslandi. Þá er vert að minnast á skyndihjálpina. Þeir sem læra skyndihjálp á Íslandi gera það langflestir hjá skyndihjálparkennurum Rauða krossins.

Verkefnin eru fleiri og eiga þau það sameiginlegt að aðstoða fólk og veita því aðhlynningu í neyð. Má þar nefna félagslega aðstoð til innflytjenda, aldraðra og annarra sem upplifa félagslega einangrun. Rauði krossinn veitir hælisleitendum og flóttamönnum aðstoð og hefur frá 25. ágúst í ár annast allt málsvarastarf fyrir hælisleitendur. Athvörf eru rekin fyrir fólk með geðraskanir, Konukot er starfrækt fyrir heimilislausar konur og hjálparsíminn 1717 hefur ófáum hjálpað. Á alþjóðavettvangi hefur Rauði krossinn á Íslandi átt fulltrúa í Síerra Leóne þar sem ebólufaraldur geisar, verkefni hafa verið rekin í Malaví og Sómalílandi þar sem komið hefur verið á fót heilsugæslu á hjólum og aðbúnaður skólabarna hefur verið bættur. Langtímaverkefni eru einnig í fullum gangi í Hvíta-Rússlandi, Kákasuslöndunum og í stríðshrjáðri Palestínu. Þá er ótalin neyðaraðstoð sem veitt var í formi mannafla og sérfræðiþekkingar á Filippseyjum í kjölfar fellibylsins Haiyan.

Vinna að þessum mannúðarverkefnum, auk allra þeirra verkefna sem að baki eru, væri aldrei möguleg án stuðnings almennings og, fyrst og fremst, sjálfboðaliða Rauða krossins. Í tilefni af þessum merku tímamótum vill Rauði krossinn bjóða til afmælisveislu í húsi félagsins við Efstaleiti 9 í Reykjavík í dag. Allir eru velkomnir og verður húsið opið milli 14 og 18.

freyr@frettabladid.is




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## → Afmælisdagskrá Rauða krossins í dag

**14.00** Húsið opnað.
**14.30** Gunni og Felix syngja skyndihjálparlagið ásamt 50 barna kór frá Leikskólanum Langholti.
**14.40** Afmælishátíðin sett. Forseti Íslands ávarpar gesti.
**15.00** Tónlist – Skuggamyndir frá Býsans.
**15.45** Sjúkrabílar afhentir með viðhöfn.
**16.00** Sirkus Íslands.
**16.45** Skoppa og Skrítla.
**17.30** Tónlist – Stefán Hilmarsson.

**RAUÐI KROSSINN** Margvísleg starfsemi fer fram á vegum Rauða krossins. Merkum tímamótum verður fagnað í dag.

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**KJARTAN ÓLAFSSON**
***fv. deildarstjóri***
***í búvörudeild Sambandsins***
***Ársölum 3, Kópavogi,***
***áður Hlíðarhvammi 10, Kópavogi,***

lést mánudaginn 1. desember 2014 á hjúkrunarheimilinu Eir. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 11. desember kl. 15.

**Jóhanna Bjarnadóttir**
**Margrét I. Kjartansdóttir** **Sigmundur Einarsson**
**Ólafur Kjartansson** **Nanna Bergþórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær sonur okkar, bróðir, mágur og stjúpsonur,

**BRYNJAR VALDIMARSSON**
**Laufási 5, Garðabæ,**

lést fimmtudaginn 4. desember síðastliðinn. Útför hans verður gerð frá Vídalínskirkju, Garðabæ, miðvikudaginn 17. desember kl. 13.00.

**Sigríður Scheving Þorleifsdóttir**
**Valdimar Jónsson**
**Þorleifur Scheving Haraldsson**
**Ásta Hjördís Valdimarsdóttir** **Guðmundur Sigurðsson**
**Jón Ágúst Valdimarsson** **Sigurbjörg Dóra Ragnarsdóttir**
**Sölvi Mar Valdimarsson**
**Margrét Friðriksdóttir**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**SIGÞÓR SIGURJÓNSSON**
**frá Ekru, Norðfirði,**

lést í Orlando síðastliðinn laugardag. Útförin verður auglýst síðar.

**Sigrún Guðmundsdóttir**
**Gauti Sigþórsson**
**Börkur Sigþórsson**
**Vera Júlíusdóttir**
**Dagur Bærings Bjarnason**
**Viktor, Aron, Kári og Egill.**

†



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**SIGRÍÐAR EINARSDÓTTUR**
**Selvogsgrunni 14, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir sendum við Helgu Hansdóttur öldrunarlækni, hjúkrunarfræðingum Karitas og starfsfólki Heimaþjónustu Reykjavíkur fyrir ómetanlegan stuðning, umhyggju og hlýju.

**Kristín Ragnarsdóttir**
**Arne Nordeide**
**Þórunn Ragnarsdóttir** **Snorri Egilson**
**Málfríður Ragnarsdóttir**
**Einar Ragnarsson** **Claudia Gluck**
**Guðmundur Ragnarsson** **Þóra Friðriksdóttir**
**og fjölskyldur.**

†



Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURBJÖRG GUÐJÓNSDÓTTIR**
**Viðarrima 4,**

verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju mánudaginn 15. desember kl. 15.00.

**Jakob Jónsson**
**Guðjón Árni Eggertsson** **Helena Karlson**
**Anna Sóley Eggertsdóttir** **Gísli Gíslason**
**Eggert Smári Eggertsson** **Katharina Snorradóttir**
**Kristín Björg Eggertsdóttir** **Jens Ólafsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

†



Okkar ástkæri

**ÓLAFUR ÓSKAR LÁRUSSON**
**myndlistarmaður**

lést í faðmi fjölskyldunnar á hjartadeild Landspítala-Háskólasjúkrahúss fimmtudaginn 4. desember. Útför Ólafs Óskars fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 12. desember, klukkan 13.

**Sigrún Bára Friðfinnsdóttir**
**Ásdís Hrund Ólafsdóttir** **Stefán Hrafn Hagalín**
**Davíð Óskar Ólafsson** **Friðfinnur Örn Hagalín**
**Svava Ingimarsdóttir** **Guðmundur Már Hagalín**
**Halldóra Anna Hagalín**
**og fjölskyldur.**

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA



Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

†



Elskulegi bróðir okkar og frændi,

**SÆVAR BJÖRN KOLBEINSSON**
**Skólabraut 5, Seltjarnarnesi,**

sem lést 3. desember sl., verður jarðsunginn 11. desember frá kapellunni í Fossvogi kl. 11.00.

**Sverrir Kolbeinsson**
**Ævar Halldór Kolbeinsson**
**Guðjón Steinar Sverrisson** **Patricia Velasco Sverrisson**
**Kristín Ósk Guðjónsdóttir**
**Adda Björg Guðjónsdóttir**
**Viktor Ingi Guðjónsson**
**Magnús Guðjónsson**

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GÍSLI ÞORLEIFSSON**
**bóndi á Hofsá í Svarfaðardal,**

lést 6. desember. Útför hans fer fram frá Dalvíkurkirkju 13. desember klukkan 13.30. Jarðsett verður á Völlum.

**Dórothea Gísladóttir** **Þorsteinn Kristinsson**
**Laufey Gísladóttir**
**Elín Gísladóttir** **Benedikt Ásmundsson**
**Fanney Gísladóttir**
**Steinborg Gísladóttir** **Magnús I. Magnússon**
**Ásdís Gísladóttir** **Trausti Þórisson**
**Hlini Gíslason** **Guðrún Tryggvadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




MARKAÐURINN
Miðvikudagur 10. desember 2014 | 35. tölublað | 10. árgangur
Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

VIÐ ELSKUM AÐ PRENTA!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

# SPORVAGNAR STUÐLA AÐ DREIFINGU HÓTELBYGGINGA

- **Hjá skiptistöðvum léttlestakerfis í Reykjavík gætu orðið til þjónustukjarnar með stórborgarbrag.**
- **Borgarhönnuður hefur í lokaverkefni teiknað lestarkerfi í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur til 2030.**
- **Léttlestakerfið sem neglir niður skipulag til langframa gæti hugnast fjárfestum og hækkað verð fasteigna í grennd.**

SÍÐUR 6–7



## Kringlan er næst á dagskrá



„Stærsta fasteignafélag landsins er núna að fara að starfa á réttum forsendum og það er að mínu mati stærsta fréttin að risinn er vaknaður af löngum svefni," segir Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita.

Fasteignafélagið lauk á mánudag 68 milljarða króna endurfjármögnun þar sem stærstu lífeyrissjóðir landsins keyptu 31 prósents hlut í Reitum, fyrir tólf milljarða króna, og skuldabréf af félaginu fyrir 25 milljarða. ➜ SÍÐA 4

## Breskir fjárfestar skoða Jivaro

Eigendur íslenska hugbúnaðarfyrirtækisins Jivaro eiga nú í viðræðum við breska fjárfesta sem vilja kaupa um tíu til tuttugu prósenta hlut í íslenska hugbúnaðarfyrirtækinu fyrir um 250 milljónir króna.

Samkvæmt heimildum Markaðarins krefjast bresku fjárfestarnir þess að höfuðstöðvar Jivaro verði fluttar til Bretlands en þróunarstarf fyrirtækisins yrði áfram hér á landi. ➜ SÍÐA 2

## Byrjaði með tvær hendur tómar



Brynja Guðmundsdóttir, forstjóri Azazo, vinnur nú að því að koma hugbúnaði fyrirtækisins á markað erlendis. Azazo hefur fjárfest fyrir tvo milljarða króna frá árinu 2007 þegar Brynja fékk lán út á húsið sitt til þess að koma fyrirtækinu af stað.

„Við erum að einblína á útrásina, ef maður má nota það orð, og eigum í viðræðum við stór erlend fyrirtæki sem hafa áhuga á að nota hugbúnað okkar til að selja þjónustu eins og rafrænar undirskriftir og fleira," segir Brynja. ➜ SÍÐA 8

STJÓRNARMAÐURINN
@stjornarmadur

**Heiðari Má Guðjónssyni er farið að leiðast þófið og vill að bankinn verði gerður upp í eitt skipti fyrir öll.**

➜ SÍÐA 12

Útsölumarkaður 30-80% afsláttur

Heimabíómagnarar • Nintendoleikir • Fartölvutöskur • Hljómtækjastæður • Bluetooth hátalarar • Geisladiskar • I pad hulstur • Spilað & Skilað / Spilaðir tölvuleikir • Vefmyndavélar • PC stýripinnar • Tölvusnúrur • WIFi hátalarar • Diskahýsingar • Leikjastýripinnar • Þráðlaus talnaborð • Farsímahulstur o.fl.

ormsson.is
ORMSSON
Opið laugardag kl. 11-15
Lágmúla 8 - Sími 530 2800

# Eðlilegt að leita ekki eftir hæsta verði?

Skjóðan



**BANKASTJÓRI LANDSBANKANS** heldur því fram fullum fetum að ekkert sé óeðlilegt við að bankinn skuli hafa selt hlut sinn í Borgun í beinni sölu til annarra eigenda félagsins án þess að leita eftir tilboðum til að hámarka söluverðið. Hann gengur lengra og telur bankann ekki hafa átt annan kost en að fara þessa leið.

**LANDSBANKINN** er líka að selja hlut sinn í Valitor og ætlar að nota sömu aðferð og við söluna á Borgun. Það á að selja hlutinn í beinni sölu til Arion banka án þess að leita eftir öðrum tilboðum.

**LANDSBANKINN** er næstum að fullu í eigu ríkisins og því eru stjórnendur Landsbankans að höndla með eigur almennings þegar þeir ráðstafa eignum bankans. Það hlýtur að vera ófrávíkjanleg krafa að þeir sem véla með almannaeignir leggi ávallt höfuðáherslu á að hámarka virði þeirra og gæta þess að gegnsæi við ráðstöfun þeirra sé eins mikið og mögulegt er.

**ÞAÐ ERU VOND RÖK** og óboðleg að rétt hafi verið að selja hluti bankans í greiðslukortafyrirtækjum án þess að leita eftir hæstu tilboðum vegna þess að Landsbankinn hafi sem minnihlutaeigandi haft takmarkaða möguleika á að afla sér upplýsinga um rekstur þessara fyrirtækja. Óboðlegt er líka að bankar séu sjálfir að sjá um sölu á fyrirtækjum í sinni eigu. Mun heillavænlegra og eðlilegra er að fengnir séu óháðir aðilar til að sjá um slíkar sölur í opnu ferli.

**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** fer með hluti ríkisins í endurreistu bönkunum og felur Bankasýslu ríkisins að fara með eigendavald á hluthafafundum þeirra. Bankasýslan ber þannig ábyrgð á því hvernig stjórn Landsbankans er skipuð og þar með einnig því hver situr í forstjórastóli bankans og hvernig eignum hans er ráðstafað.

**NÚ HEFUR KOMIÐ** fram að hlutabréf Landsbankans í Borgun voru seld á tæplega sjöföldu margfeldi hagnaðar síðasta árs. Þetta margfeldi er mun lægra en margfeldi sambærilegra fyrirtækja erlendis, þar sem algengt er að margfeldið sé á bilinu 20-30 sinnum. Ekki er hægt að reikna með fyllilega sambærilegu margfeldi inni í gjaldeyrishöftum og tíðkast í Bandaríkjunum en við blasir að margfeldi sem er á bilinu 1/3-1/4 af því sem tíðkast erlendis gefur til kynna að Borgun hafi verið seld á allt of lágu verði.

**SLÍKT** væri mögulega hægt að réttlæta að undangengnu útboði fyrir opnum tjöldum en ekki þegar ákveðið er að selja hlutinn beint til valinna aðila án þess að leita annarra tilboða.

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.






# Vilja færa höfuðstöðvar Jivaro til Bretlandseyja

***Breskir fjárfestar eiga í viðræðum við eigendur Jivaro um kaup á allt að fimmtungshlut í íslenska hugbúnaðarfyrirtækinu. Hefur þróað samfélagsmiðil og hugbúnað fyrir pókerspilun á netinu.***

**NÝSKÖPUN**

**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

Eigendur Jivaro eiga nú í viðræðum við breska fjárfesta sem vilja kaupa um tíu til tuttugu prósenta hlut í íslenska hugbúnaðarfyrirtækinu fyrir um 250 milljónir króna. Samkvæmt heimildum Markaðarins krefjast bresku fjárfestarnir þess að höfuðstöðvar Jivaro verði fluttar til Bretlands en þróunarstarf fyrirtækisins yrði áfram hér á landi.

Jivaro þróar nú samfélagsmiðil og hugbúnað fyrir þá sem spila póker á netinu. Hugbúnaðinum er ætlað að aðstoða notendur við að spila betur og greina andstæðingana, samkvæmt upplýsingum af vefsíðu fyrirtækisins. Samkvæmt ársreikningi Jivaro árið 2012 voru hluthafar fjörutíu talsins. Félagið Alterego Studios ehf. átti þá stærstan hlut eða tæp 57 prósent.



STEFÁN ÁLFSSON

Stefán Álfsson, framkvæmdastjóri Jivaro, vildi ekki tjá sig um hugsanlega aðkomu bresku fjárfestanna að fyrirtækinu eða hvort til stæði að færa höfuðstöðvarnar úr landi. Hann segir fyrirtækið hafa leitað eftir áhugasömum fjárfestum, bæði hér heima og erlendis, og bendir á vankanta í rekstrarumhverfi nýsköpunarfyrirtækja hér á landi.




**MERKIÐ** Fyrirtækið var stofnað árið 2011 og er með skrifstofur við Hlíðasmára í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Stuðningur við sprotafyrirtæki hér heima mætti vera meiri, bæði við fyrirtækin sjálf sem og þá sem vilja fjárfesta í þeim. Sérstaklega er það augljóst þegar maður skoðar þetta í öðrum löndum hvort sem það er í Norður-Ameríku, Bretlandi eða annars staðar á Norðurlöndum. Í Bandaríkjunum eru bæði skattaívilnanir fyrir fjárfesta og beinir styrkir fyrir nýsköpunarfyrirtæki. Í Bretlandi geta nýsköpunarfyrirtæki til að mynda gengið að því vísu að fá styrki frá hinu opinbera sem ekki er hægt að fá hér,“ segir Stefán.

Um tuttugu manns starfa að hans sögn hjá fyrirtækinu. Helmingur starfsliðsins vann áður hjá CCP og Stefán segir fyrirtækið búa að mikilli reynslu „þungavigtarmanna“ úr hugbúnaðargeiranum.

„Við reiknum með að næsta ár verði vaxtaárið okkar en á sama tíma fáum við ekki þá styrki sem við sækjum um hér heima og ég tel ástæðuna tengjast því að við störfum með þeim sem spila póker á netinu. Við komum því oft að lokuðum dyrum, sem má yfirleitt rekja til vanþekkingar, en póker er ekki fjárhættuspil heldur viðurkennd hugaríþrótt líkt og skák eða bridds,“ segir Stefán.

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**11 Á UPPLEIÐ** Félög sem hækkuðu í verði

**3 Á NIÐURLEIÐ** Félög sem lækkuðu í verði

**0 STÓÐU Í STAÐ** Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**ÖSSUR** 65,5% frá áramótum

**VÍ** 6,3% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**BANK NORDIC** -19,2% frá áramótum

**NÝHERJI** -5,3% í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Bank Nordic (DKK) | 105,0 | -19,2% | -0,9% |
| Eimskipafélag Íslands | 238,75 | -8,9% | 3,1% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 35,95 | 31,9% | -2,6% |
| Hagar | 42,50 | 10,7% | 0,6% |
| HB Grandi* | 36,55 | 31,9% | 2,1% |
| Icelandair Group | 20,65 | 13,5% | 4,3% |
| Marel | 133,00 | 0,0% | 0,4% |
| N1 | 23,50 | 24,3% | 0,2% |
| Nýherji | 5,35 | 46,6% | -5,3% |
| Reginn | 14,25 | -8,4% | 1,1% |
| Sjóvá* | 12,60 | -6,7% | 5,3% |
| Tryggingamiðstöðin | 27,65 | -13,7% | 4,1% |
| Vátryggingafélag Íslands | 9,45 | -12,4% | 6,3% |
| Össur | 379,00 | 65,5% | 2,2% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI8** | 1.314,47 | 4,4% | 2,5% |
| **First North Iceland** | | | |
| Century Aluminum | 3.300,00 | 187,0% | -5,7% |
| Hampiðjan | 22,20 | 67,5% | 7,2% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,85 | 51,6% | 0,0% |

*upphafsverð m.v. útboð í apríl

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 10. DESEMBER**
**Seðlabanki Íslands - Vaxtaákvörðunardagur**
**Hagstofan - Efnahagslegar skammtímatölur í desember 2014**

**FÖSTUDAGUR 12. DESEMBER**
**Hagstofan - Vísitala launa á 3. ársfjórðungi 2014**

**ÞRIÐJUDAGUR 16. DESEMBER**
**Þjóðskrá - Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu**
**Hagstofan - Fiskafli í nóvember 2014**

**MIÐVIKUDAGUR 17. DESEMBER**
**Þjóðskrá - Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis**

**FIMMTUDAGUR 18. DESEMBER**
**Hagstofan - Verðmæti sjávarafla janúar-september 2014**
**Hagstofan - Samræmd vísitala neysluverðs**

**FÖSTUDAGUR 19. DESEMBER**
**Hagstofan - Mánaðarleg launavísitala í nóvember 2014**







**REITIR**
fasteignafélag

100 milljarða króna eignasafn
130 fasteignir
410 þúsund fermetrar
480 viðskiptavinir






# TIL HAMINGJU
# REITIR

## með 68 milljarða króna endurfjármögnun

Endurfjármögnun stærsta fasteignafélags landsins er lokið. Fjárfestingabankasvið Arion banka hafði umsjón með verkefninu sem fólst í 17 milljarða hlutafjáraukningu, útgáfu 25 milljarða skuldabréfaflokks og 26 milljarða bankalánum. Íslenskir lífeyrissjóðir hafa fjárfest í Reitum fyrir 37 milljarða.

Geta til fjárfestinga, arðgreiðslna og kaupa á eigin bréfum er umtalsverð í kjölfar endurfjármögnunarinnar. Þá veitir fyrirkomulag tryggingar mikinn sveigjanleika til fjármögnunar í framtíðinni á sem hagkvæmastan máta.

Stjórn Reita stefnir að því að óska eftir skráningu á hlutabréfum Reita og skuldabréfaflokki í Kauphöll Íslands í apríl á næsta ári.

Arion banki óskar Reitum til hamingju með áfangann.

Arion banki

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

# „Risinn er vaknaður af löngum svefni“

***Reitir hafa lokið 68 milljarða króna endurfjármögnun þar sem stærstu lífeyrissjóðir landsins eignuðust 31% hlut. Stefnt að skráningu í Kauphöll í apríl. Geta nú einbeitt sér að verkefnum eins og stækkun Kringlunnar.***

**VIÐTAL**
Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is



„Stærsta fasteignafélag landsins er núna að fara að starfa á réttum forsendum og það er að mínu mati stærsta fréttin að risinn er vaknaður af löngum svefni,“ segir Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita.

Félagið lauk á mánudag 68 milljarða króna endurfjármögnun þar sem stærstu lífeyrissjóðir landsins keyptu 31 prósents hlut í Reitum, fyrir tólf milljarða króna, og skuldabréf af félaginu fyrir 25 milljarða. Sala á skuldabréfum og ný bankalán, þar með talið það sem tilkynnt var um í október síðastliðnum, skiluðu samtals 51 milljarði. Endurfjármögnunin á að vera að fullu frágengin fyrir áramót og stefnt er að skráningu Reita í Kauphöllina í apríl.

### Langur aðdragandi

Viljayfirlýsing um endurfjármögnun Reita, með aðkomu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, Gildis – lífeyrissjóðs og Eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka, var undirrituð í júní 2013. Lengra komst félagið ekki því Seðlabanki Íslands taldi ákvæði í viðaukum þriggja lánasamninga Reita við Hypothekenbank Frankfurt AG brot á gjaldeyrislögum. Fasteignafélagið gekk frá sátt við Seðlabankann í sumar eins og kom fram í viðtali við Guðjón í Markaðinum í júlí síðastliðnum. Erlend lán félagsins voru síðan að mestu greidd upp í október.

„Fjárhagsstaða félagsins er nú gríðarlega sterk og við endurfjármögnunina var horft til þess að gera hana sem hagkvæmasta til lengri tíma litið. Við förum því þá leið að veita sameiginlegar eða hliðstæðar tryggingar fyrir nýjum skuldabréfum og lánum en aftur á móti var eignasafn Reita ekki brotið niður eða aðgreint á annan hátt til tryggingar á einstökum lánveitingum.“

Guðjón segir fasteignafélagið því ekki þurfa að leita eftir sérstakri heimild lánardrottna fyrir nýrri fjármögnun eða breytingum á eignasafni Reita. Félagið geti því farið í fjárfestingar eða arðgreiðslur eftir því hvaða stefnu hluthafar kjósa og markaðsaðstæður bjóða.

„Svo lengi sem umsamin fjárhagsviðmið standast. Þetta gerir okkur kleift að vera virkari þátttakandi á leigumarkaði með atvinnuhúsnæði heldur en við höfum verið frá árinu 2009. Við ætlum hins vegar að stíga varlega til jarðar og það eru engin áform um sameiningar eða kaup á öðrum fasteignafélögum. Við munum byggja ofan á eignasafnið með kaupum á áhugaverðum fasteignum og vinna að spennandi þróunarverkefnum sem við höfum ekki komist í vegna þessara tafa.“

### Kringlan næst á dagskrá

Verkefnin sem Guðjón nefnir tengjast áformum Reita um að stækka verslunarmiðstöðina Kringluna um 20 þúsund fermetra og framkvæmda upp á allt að 100 þúsund fermetra af nýju húsnæði á svæðinu öllu. Einnig horfir félagið nú til uppbyggingar atvinnuhúsnæðis á svæðinu í kringum Vatnsmýrina og á gamla slippsvæðinu.

„Kringlan er verðmætasta eign Reita og það er til á deiliskipulagi bygging á turni við norðurenda Kringlunnar sem gæti orðið 16 til 21 hæð. Þrjár neðstu hæðir turnsins færu þá undir verslunarrými en hinar undir hótel, skrifstofur eða aðra starfsemi. Síðan myndi Kringlan einnig stækka í átt að Morgunblaðshúsinu. Við munum nú einblína meira á þessi verkefni, nú þegar fjármögnuninni er lokið, en engin ákvörðun hefur verið tekin,“ segir Guðjón.

Í skýrslu ráðgjafafyrirtækisins McKinsey, sem kynnt var í fyrra, kom fram að hér á landi eru til um 3,7 fermetrar af verslunarhúsnæði á hvern Íslending að meðaltali. Á hinum Norðurlöndunum og á Bretlandi er talan nær 2,1 fermetrum. Aðspurður segir Guðjón að hann óttist ekki að Kringlan eigi eftir að finna fyrir samdrætti í eftirspurn eftir verslunarplássi.

„Með fullri virðingu fyrir þeirri skýrslu þá eru þeir fermetrar ekki í Kringlunni því hér er biðlisti og okkur vantar meira pláss.“

### Arion banki á enn 31 prósent

Tafir á endurfjármögnun Reita höfðu einnig áhrif á skráningu félagsins í Kauphöllina. Eins og kom fram í gær ætlar stjórn Reita að óska eftir skráningu á hlutabréfum félagsins og skuldabréfaflokki í Kauphöllina í apríl á næsta ári.

„Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka vinnur með okkur að undirbúningi að þessu en bankinn áformar að selja hluta af eignarhaldi sínu í félaginu við skráninguna,“ segir Guðjón og bætir við að Arion banki sé enn stærsti hluthafinn með um 31 prósent.

„Við höfum hins vegar notað tímann sem þetta allt saman hefur tekið til að skoða alla innviði félagsins og verklag til að undirbúa félagið undir skráningu.“

Guðjón telur fyrirtækið áhugaverðan fjárfestingakost og segir að fasteignarekstur sé í mörgum tilvikum stöðugri en margur annar fyrirtækjarekstur.

„Við ætlum að vera þekkt fyrir það að vera með stöðugan rekstur, og stöðuga arðsemi og við munum klárlega fara í þessi þróunarverkefni. Aðalatriðið er þó að sýna nýjum eigendum félagsins að fjárfestingu þeirra sé vel borgið.“



**FORSTJÓRI REITA** Guðjón Auðunsson segir félagið nú geta farið í fjárfestingar eða arðgreiðslur eftir því hvaða stefnu hluthafar kjósa og markaðsaðstæður bjóða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**KRINGLAN** Fasteignafélagið á um 130 eignir.

## Eldri hluthafar keyptu bréf fyrir 5 milljarða

Stærstu einstöku eigendur Reita eru eftir sem áður Arion banki með 31 prósents hlut og Landsbankinn með 22 prósent. Eldri hluthafar félagsins keyptu hlutabréf fyrir fimm milljarða í endurfjármögnuninni en nýr hluthafalisti verður ekki birtur fyrr en síðar í vikunni.

Reitir á eignir sem eru samtals 410 þúsund fermetrar og eru metnar á um 100 milljarða króna. Meðal þeirra eru Kringlan, Hótel Hilton, Kauphallarhúsið, Holtagarðar og Spöngin.

---



**BETT-VERÐLAUNIN** Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentors, var stödd á síðustu verðlaunaafhendingu BETT sem er eftirsótt viðurkenning fyrir hugbúnaðarfyrirtæki.

Framúrskarandi veflausnir sem náð hafa alþjóðlegum árangri:

# Mentor tilnefnt til BETT-verðlaunanna

Hugbúnaðarfyrirtækið Mentor hefur verið tilnefnt til BETT-verðlauna í flokknum „International Digital Education Resource“ eða alþjóðlegt starfrænt kennsluúrræði, fyrir framúrskarandi veflausnir sem náð hafa árangri á alþjóðavísu.

„Það er okkur mikill heiður að vera tilnefnd til þessara verðlauna enda samkeppnin gríðarleg. Að baki er mikil vinna og við leggjum allt kapp á að verða leiðandi fyrirtæki í námskrármiðuðum veflausnum fyrir skólastarf í heiminum,“ segir Vilborg Einarsdóttir framkvæmdastjóri.

BETT-verðlaunin eru ein eftirsóttasta viðurkenning sem hugbúnaðarfyrirtæki geta fengið í menntageiranum en tilkynnt verður hverjir muni hljóta verðlaunin á BETT-sýningunni í London þann 21. janúar næstkomandi. - fbj

Síðasta gjaldeyrisútboð Seðlabanka Íslands þar sem boðið verður upp á fjárfestingarleiðina:

# Heldur þrjú útboð í febrúar



**SEÐLABANKINN** Útboðin eru liður í losun gjaldeyrishafta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Seðlabanki Íslands ætlar að halda þrjú gjaldeyrisútboð þriðjudaginn 10. febrúar á næsta ári. Bankinn mun þá bjóðast til að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi eða gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í flokknum RIKS 33 0321.

Þetta kemur fram í tilkynningu sem bankinn sendi frá sér í gær. Þar kallar Seðlabankinn einnig eftir tilboðum frá þeim sem vilja selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri.

Útboðin í febrúar verða þau síðustu þar sem boðið verður upp á fjárfestingarleiðina, þegar bankinn kaupir erlendan gjaldeyri fyrir íslenskar krónur og veitir afslátt til fjárfestingar hér á landi, samkvæmt núverandi fyrirkomulagi.

„Unnið er að því að uppfæra áætlun um losun fjármagnshafta í ljósi reynslunnar. Í uppfærðri áætlun verður fjallað nánar um næstu aðgerðir. Seðlabankinn áskilur sér rétt til að eiga viðskipti á milli útboða þar sem verð hverju sinni tekur mið af útboðsverði síðasta útboðs á undan,“ segir í tilkynningu Seðlabankans.


ROSENDAHL
COPENHAGEN
um morguninn
í vinnunni
eftir vinnu
um kvöldið
allan daginn
KÚNÍGÚND
Laugavegi | Kringlunni
www.kunigund.is

# Tækifæri og stórborgarbragur með

***Sporvagn þar sem byggð á að þéttast í Reykjavík næstu áratugina getur stuðlað að dreifingu hótelrýmis í borginni, auk þess að stórborgarbragur verður til í ys og þys skiptistöðvanna. Gísli Rafn Guðmundsson borgarhönnuður segir þar líka geta byggst upp margvíslega þjónustu. Í lokaverkefni við háskólann í Lundi teiknaði hann upp mögulega framtíðarsýn með lestarkerfi í borginni.***



**VOGASTÖÐIN EINS OG HÚN GÆTI LITIÐ ÚT** Í aðslskipulagi Reykjavíkurborgar fram til ársins 2030 er gert ráð fyrir mikilli þéttingu byggðar. Með því að byggja upp léttlestakerfi samhliða þéttingunni segir Gísli Rafn Guðmundsson borgarhönnuður að hafa megi góð áhrif á uppbygginguna og borgarbraginn til framtíðar. MYND/GÍSLI RAFN GUÐMUNDSSON

**BORGARSKIPULAG**
**Óli Kristján Ármannsson** | olikr@frettabladid.is

Svonefndur þróunarás með áherslu á þéttingu byggðar er skilgreindur í aðalskipulagi Reykjavíkur til ársins 2030. „Meðfram slíkum framkvæmdum opnast möguleikar á að bæta almenningssamgöngur,“ segir Gísli Rafn Guðmundsson borgarhönnuður. Í lokaverkefni hans í meistaranámi í arkitektúr með áherslu á borgarhönnun við háskólann í Lundi í Svíþjóð, eða sjálfbærri borgarhönnun, teiknar hann upp möguleika tengda lagningu léttlestakerfis (sporvagna) í Reykjavík.

Gísli Rafn segir hugmyndina að lokaverkefninu hafa vaknað hjá sér eftir námskeið sem hann lauk í námi sínu ytra þar sem nemendur innleiddu léttlestakerfið í Helsingborg í Svíþjóð. Aðalskipulag Reykjavíkur hafi þá verið samþykkt rétt fyrir jól. „Og mér þótti það nokkuð gott og langaði að útfæra aðalskipulagið og taka það skrefinu lengra. Hugmyndirnar sem ég byggi á eru þannig úr aðalskipulaginu en þar er einmitt tæpt á möguleikunum á léttlest.“

## Annar fleiri farþegum

Í aðalskipulagi borgarinnar til 2030 bendir Gísli Rafn á að mikil áhersla sé lögð á þéttingu byggðar innan núverandi þéttbýlis á ákveðnum þéttingarreitum, auk þess sem gert sé ráð fyrir breyttri landnotkun á ákveðnum svæðum. „Í þessu felst meginbreytingin frá fyrri stefnu borgarinnar auk þess að vera nýmæli í áherslum við gerð aðalskipulagsáætlana hér á landi,“ segir hann. Stefnan sé engu að síður í takt við þróun sem átt hafi sér stað erlendis undanfarna áratugi í þeirri viðleitni að gera borgir sjálfbærari.

Gísla Rafn langaði hins vegar til að útfæra léttlestakerfið á þróunarási þeim sem teiknaður er upp í aðalskipulaginu. Þróunarásinn, sem segja má að liggi frá miðbæ í vestri og um Suðurlandsbraut, Voga og upp í Grafarvog, eða að Keldnaholti í austri, er svæðið þar sem möguleikar eru sagðir mestir í þéttingu byggðar í borginni. Meðfram slíkum framkvæmdum segir Gísli Rafn opnast möguleika á að bæta almenningssamgöngur í leiðinni. Þar hafi léttlestakerfi ákveðna kosti umfram hraðvagna (stóra strætisvagna sem fá eigin akrein).

„Kannski skiptir ekki öllu máli hvort kerfið verður ofan á. Til dæmis má segja að ákveðinn kostur sé hversu sveigjanlegt hraðvagnakerfið er og auðvelt að færa til biðstöðvar,“ bendir hann á. En um leið segir Gísli Rafn kosti léttlestarinnar felast í hversu ósveigjanlegt kerfið sé, auk þess sem léttlestir geti annað umtalsvert meiri fjölda farþega en hægt sé að gera með strætisvögnum. „Fjárfestar, íbúar og allir sem koma að þróun og uppbyggingu borgarinnar geta þá gengið að kerfi sem er fjárfest í og er komið til að vera næstu áratugina.“

## Fasteignaverð hækkar

Uppbygging léttlestakerfis geti þannig orðið eins og drifkraftur í skipulagi borgarinnar og ákveðnir áherslupunktar verði til í kring um skiptistöðvar sem settar eru upp. „Það hefur líka sýnt sig erlendis að fasteignaverð hækkar í kjölfar þess að ákveðið er að leggja sporvagnabraut um ákveðið hverfi.“

Um leið bendir Gísli Rafn á að hótel séu við það að verða of mörg í miðbænum, en forsenda þess að hægt sé að dreifa hótelrekstri víðar um borgina sé gott almenningssamgöngukerfi. Þannig mætti jafnvel sjá fyrir sér hótel við hverja stöð. „Í kring um stöðvarnar aukast líka möguleikar á skemmtilegu borgarumhverfi. Þar verður ys og þys og mikið um að vera.“

Dæmi um slíka miðstöð er teiknað upp á „Vogastöð“ í lokaverkefni Gísla Rafns, en þar hefur verið



**VOGATORG** Myndin er lýsandi fyrir það sem gæti orðið að sögn Gísla Rafns. Vogatorg með skiptistöð fyrir léttlest fari til dæmis saman við þær hugmyndir sem settar hafa verið fram varðandi uppbyggingu á því svæði. MYND/GÍSLI RAFN GUÐMUNDSSON



> Í kring um stöðvarnar aukast líka möguleikar á skemmtilegu borgarumhverfi.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**OFTAST TIL LONDON**

**London er sú borg sem oftast var flogið til frá Keflavík í nóvember eða í 20,3 % tilvika. Í næstu sætum voru Kaupmannahöfn, Ósló, New York og París í fimmta sæti. Nánar á túristi.is**














**ALLTAF VINSÆL** „Fólk er sólgið í skötuna og við höfum því sífellt verið að færa okkur framar í desember," segir Magnús Ingi Magnússon, veitingamaður á Sjávarbarnum. MYND/GVA


**2 FYRIR 1**

*af skötu á kvöldin 10.-22. desember gegn framvísun þessa miða. Gildir ekki á Þorláksmessu. Aðeins 2.800 kr. fyrir tvo.*

*Sjavarbarinn.is s: 517 3131*


# SKÖTUVEISLAN HAFIN Á SJÁVARBARNUM

**SJÁVARBARINN KYNNIR** *Árleg skötuveisla á Sjávarbarnum við Grandagarð stendur í þrettán daga og veitir ekki af. Íslendingar eru vitlausir í kæsta skötu.*

Í dag kyndir Magnús Ingi Magnússon undir skötupottunum á Sjávarbarnum og þar með hefst árleg skötuveisla hans sem margir bíða eftir í eftirvæntingu. Hann og hans fólk stendur svo yfir pottunum þar til allir eru orðnir mettir á Þorláksmessukvöld. Verðið á skötunni er í lágmarki, aðeins 2.800 kr. á mann. Stærri hópar þurfa að panta borð og einstaklingar og minni hópar ættu að hafa það í huga fyrir Þorláksmessu og helgina á undan.



„Fólk er sólgið í skötuna og við höfum því sífellt verið að færa okkur framar í desember," segir Magnús Ingi og fullyrðir að bæði sjóað fólk og viðvaningar fái skötu við sitt hæfi, en hann verkar hana sjálfur. „Við bjóðum upp á miskæsta skötu – milda, miðlungs og sterka – kæsta tindabikkju, hefðbundna skötustöppu og einnig nýmóðins með hvítlauk, saltfisk, plokkfisk, síldarrétti, grafinn lax og karfa og fjölbreytt meðlæti. Þar ber kannski hæst sérverkaðan hnoðmör frá Hafsteini bónda Guðmundssyni í Flatey, sá sterkari er fiðraður sem kallað er."

Líf og fjör er á Facebooksíðu Sjávarbarsins í tilefni skötuveislunnar. „Við ætlum að bjóða nokkrum heppnum í skötu til okkar sem taka þátt í örlitlum leik með okkur," segir Magnús Ingi. „Þannig að það er um að gera að kíkja á síðuna okkar."

Skatan er fáanleg jafnt í hádeginu sem á kvöldin og allan daginn.

Allar nánari upplýsingar um skötuveisluna er að finna á vef Sjávarbarsins, sjavarbarinn.is og á Facebock Sjávarbarinn.







**FÓLK** ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kkolbeins@365.is, s. 512 5447




# MISS WORLD ER GAMALL DRAUMUR

**KEPPNISKONA** *Tanja Ýr Ástþórsdóttir, Ungfrú Ísland 2013, er stödd í London og verður fulltrúi okkar í Miss World á sunnudag. Margt ævintýralegt hefur á daga hennar drifið undanfarnar vikur við undirbúning keppninnar.*

Tanja Ýr segir að langþráður draumur hennar sé að rætast með þátttöku í Miss World. „Ég horfði á keppnina þegar Unnur Birna Vilhjálmsdóttir varð Miss World með stjörnur í augunum. Mér fannst þetta allt glæsilegt, sérstaklega kjólarnir. Ég hef alltaf haft áhuga á tísku,“ segir Tanja. Hún fékk reyndar tækifæri til að hitta Unni Birnu áður en hún hélt utan til að fá góð ráð varðandi keppnina. „Að vísu hefur keppnin breyst mikið frá því hún tók þátt í henni fyrir níu árum,“ bætir hún við.

Tanja var á æfingu fyrir keppnina þegar blaðamaður náði tali af henni en fram undan er meðal annars mikilvægt viðtal við dómara. „Ég kom hingað 20. nóvember og hef fengið að upplifa ótrúlega margt skemmtilegt alla dagana. Svo hef ég kynnst frábærum stelpum hvaðanæva úr heiminum. Þetta eru stelpur með ólíkan bakgrunn, menningu og lífsstíl. Það hafa verið alls kyns spennandi viðburðir hér fyrir okkur. Fyrir utan aðalkeppnina eru sex aðrir titlar sem keppt er um. Gefin eru stig fyrir hverja keppni,“ segir hún.

### Í RAUÐUM KJÓL

Tanja segist hlakka mikið til sunnudagsins. „Þetta er virkilega spennandi. Margt hefur komið mér á óvart, til dæmis hvað mikið er að gerast hjá okkur. Þetta hefur reynst mun skemmtilegra en ég bjóst við. Mér finnst gaman að klæða mig upp í fallega kjóla og vera með öðrum þátttakendum. Reyndar er ég með miklu minna af fötum en margar stúlkurnar. Ég kom með þrjár stórar töskur en aðrir keppendur eru með sjö upp í tuttugu og fimm,“ segir hún hlæjandi.

Tanja ætlar að klæðast rauðum, síðum kjól á aðalkvöldinu. „Ég valdi kjól frá bandaríska kjólahönnuðinum Mac Duggal. Það var svolítið fyndið að þegar ég pantaði hann var hann uppseldur. Ég leitaði um allt en fann engan. Mér datt þá í hug að senda bréf á Mac Duggal og segja honum frá vandræðum mínum. Hann brást vel við og reddaði mér kjólnum. Ég fékk hann degi áður en ég hélt hingað til London,“ segir Tanja. „Kjóllinn er einfaldur í sniði en bakið á honum er virkilega flott og það gerir hann glæsilegan.“

### MIKIL LÍFSREYNSLA

Þegar Tanja er spurð hvort hún eigi von á að vinna og verða fjórða íslenska stúlkan sem hlýtur titilinn Miss World, svarar hún: „Ég held að það sé best að búast ekki við neinu, reyna fremur að njóta alls þess sem ég er að upplifa. Ég mun þó gera mitt allra besta. Það væri æðislegt ef mér tækist að feta í fótspor Hófíar, Lindu Pé og Unnar Birnu. Keppnin hefur veitt mér lífsreynslu sem ekki er hægt að fá annars staðar. Maður lærir eitthvað nýtt á hverjum degi. Við höfum farið í mörg viðtöl vegna keppninnar og athyglin virðist beinast mikið að því hvernig karakter maður er.“

Tanja Ýr er 22 ára Reykjavíkurmær. Foreldrar hennar eru Drífa Þorgeirsdóttir og Ástþór Björnsson. Hún á tvær eldri systur. Tanja stundar nám í hugbúnaðarverkfræði við Háskólann í Reykjavík og fékk að taka prófin áður en hún fór utan. Hún segir að fegurðarsamkeppni Íslands hafi gefið sér mörg tækifæri.

„Ég stofnaði til dæmis góðgerðarnefnd í HR þar sem við söfnum fyrir langveik börn. Nú er árleg góðgerðarvika í skólanum.“



**GLÆSILEG** Tanja Ýr hefur fengið tækifæri til að klæðast glæsilegum kjólum en það finnst henni einmitt mjög skemmtilegt. Hér er Tanja á leið í gala-kvöldverð þar sem allar stúlkurnar komu með gjöf frá landi sínu. MYND/EINKASAFN



**Í LONDON** Það hefur verið mikið um að vera síðustu vikur hjá Tönju, eitthvað nýtt að sjá og gera á hverjum degi. MYND/EINKASAFN

### MEÐ STUÐNING Í LONDON

Foreldrar hennar og önnur systir koma til London fyrir helgi til að fylgjast með keppninni. „Fimmtán vinir mínir koma líka svo ég hef mikinn stuðning í salnum.“ Tanja segir að hægt verði að horfa á beina útsendingu frá keppninni á YouTube auk þess sem hægt er að hlaða henni niður á appi. Sjálf er hún með Facebook-síðu, Miss World Iceland, en hana fékk hún afhenta frá stjórnendum keppninnar. „Ég á að vera dugleg að dreifa síðunni, fá fólk til að skrifa eða læka. Sú sem er með öflugustu síðuna vinnur titilinn Miss Media Award.“

Þegar Tanja er spurð hvað hún vilji segja við þá sem eru á móti svona keppnum, svarar hún. „Mér finnst að allir eigi að fá tækifæri til að gera það sem þeir vilja. Það pínir mann enginn í svona keppni. Keppnin gengur út á að nota fegurð fyrir góðgerðarmál. Vakin er athygli á ýmsu sem betur má fara í heiminum. Ég á eftir að nýta þessa reynslu mína í framtíðinni, jafnt í skóla sem vinnu.“

Miss World fer fram í nýlegri sýningarhöll, ExCel, London. Keppendur eru 121 frá jafn mörgum löndum.

■ elin@365.is

### FARANGUR

„Reyndar er ég með miklu minna af fötum en margar stúlkurnar. Ég kom með þrjár stórar töskur en aðrir keppendur eru með sjö upp í tuttugu og fimm.“







CANADA GOOSE® ARCTIC PROGRAM
CANADA GOOSE®
LODGE
kr.99.990.-
MONTEBELLO
kr.104.990.-
CITADEL
kr.129.990.-
KENSINGTON
kr.129.990.-
VICTORIA
kr.114.990.-
TRILLIUM
kr.114.990.-
CHATEAU
kr.114.990.-
HYBRIDGE
kr.89.990.-
GRÍPTU GÆSINA
SETTU ALVÖRU GÆÐI Í JÓLAPAKKANN!
SPORTÍS
MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS















**KANDOVAN** Hellisbúar hófu að grafa í mjúkt gosbergið á þrettándu öld. NORDICPHOTOS/GETTY

# HEIMILI Í HELLUM

**FERÐIR** *Mannabústaðir eru af ýmsum toga í heiminum og sumir þeirra furðulegri en aðrir. Í spænska bænum Guadix og íranska bænum Kandovan, hafa hús verið útbúin með því að grafa inn í berg.*

**GUADIX Á SPÁNI**

Bærinn Guadix er um fimmtíu kílómetra frá borginni Granada á Spáni. Stór hluti bæjarbúa býr í hellahúsum í skugga Sierra Nevada-fjallgarðsins. Yfir tvö þúsund hellaheimili er að finna í bænum og flest þeirra eiga uppruna sinn að rekja til sextándu aldar þegar Márar flúðu til fjalla vegna ofsókna kristinna manna.

Þeir ristu hella í mjúkan sandsteininn til að búa í. Í dag eru mörg húsanna mjög vel útbúin, með rennandi vatni, rafmagni og jafnvel marmaragólfum og internettengingu.

Húsin þykja fullkomin á þessu landsvæði þar sem hitinn getur farið upp í 40 gráður á sumrin. Inni í hellunum helst hitinn hins vegar alltaf í þægilegum 20 gráðum. Bæjarbúar Guadix eru þekktir fyrir vinsemd og ekki er óalgengt að þeir bjóði forvitnum ferðamönnum að skoða heimili sín.

Í nálægum bæ, Purullena, er að finna diskótek í helli. Ferðamenn sem þess óska geta fundið gistiheimili sem byggð eru inn í bergið.

**KANDOVAN Í ÍRAN**

Hellisbúarnir í Kandovan hófu að rista heimili sín í mjúkt gosberg Sahandfjallsins á þrettándu öld. Bærinn er um 55 kílómetra suður af Tabriz og lítur í fjarlægð út eins og þyrping risastórra termítabúa.



**GUADIX** Mörg hellishúsanna eru glæsileg og útbúin öllum nútímaþægindum. NORDICPHOTOS/GETTY

Þrátt fyrir fornaldarlegan stíl bygginganna reynast þær hellisbúunum í Kandovan fyrirtaks hús.

Veturinn er afar kaldur í Kandovan og sumrin heit en inni í húsunum er hitinn stöðugur enda mikil einangrun í berginu. Ferðamenn geta upplifað hellismenninguna með því að panta sér herbergi í einu af hótelum bæjarins.

Sem dæmi má nefna Kandovan Laleh Rocky hótelið, en í því eru tíu lúxussvítur með nuddpottum og hita í gólfum.

# AÐVENTUHÁTÍÐ Á HÓLUM

Allir ættu að komast í jólaskap með því að heimsækja aðventuhátíð sem haldin verður á Hólum í Hjaltadal sunnudaginn 14. desember.

Í torfbænum Nýjabæ verður líf og fjör. Þar verður jólabasar með ýmiss konar handverki og alls kyns jólamat, matarsmökkun og upplestri fyrir börnin. Kaffi og vöfflusala verður í Hólaskóla, opið verður í Bjórsetrinu og í Brugghúsinu. Sögusetur íslenska hestsins er opið gestum og yngri kynslóðin getur prófað rugguhesta af ýmsum stærðum og gerðum.

Hægt verður að kaupa og ná sér í jólatré í Hólaskógi. Opið verður í Hóladómkirkju og hægt að fá leiðsögn um hana. Jólasveinarnir verða að sjálfsögðu á ferðinni og kór mun syngja jólalögin utan dyra.



**HÓLAR Í HJALTADAL** Jólalegt verður um að litast á Hólum á þriðja sunnudegi í aðventu.

# Gómsætur desember!

IÐA

Tilboðin gilda til og með 12.12.14




Maturinn hennar Nönnu
verð áður: 4.990 kr.
verð nú: 3.999 kr.




Nenni ekki að elda
verð áður: 4.990 kr.
verð nú: 3.999 kr.




MMM...
verð áður: 5.990 kr.
verð nú: 4.999 kr.




Dísukökur
verð áður: 4.990 kr.
verð nú: 3.999 kr.




Leyndarmál Tapasbarsins
verð áður: 6.990 kr.
verð nú: 5.699 kr.




Sveitasæla
verð áður: 6.990 kr.
verð nú: 5.699 kr.




Matur og drykkur
verð áður: 5.490 kr.
verð nú: 4.499 kr.




Stóra alifuglabókin
verð áður: 9.990 kr.
verð nú: 7.499 kr.




Af bestu lyst 4
verð áður: 3.990 kr.
verð nú: 3.499 kr.




Thailand: The Cookbook
verð: 8.995 kr..




Curry: Easy Vegeterian
verð: 7.995 kr.




1001 Restaurants
verð: 5.995 kr.
.

Lækjargata 2a og Vesturgata 2a 101 Reykjavík

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna óskast

Bílstjóri með öll meiraprófsréttindi, ADR og vinnuvélaréttindi óskar eftir vinnu. Á ferilskrá. Sími 611-2294. omarw@talnet.is

**SMIÐIR**
Geta bætt við sig uppsteypu. Uppl. í s. 783 6006

## Atvinna í boði

**SÓLAR EHF**
Óskum eftir hressu fólki í ræstingarvinnu, hlutastarf. Nánari uppl á skrifstofu Sólar Kleppsmýarveg 8, 104 R milli 10-16. We are looking for people for cleaning jobs, part time. More info at Sólar office Kleppsmýrarveg 8, 104 R between 10-16. Must speak icelandic or english.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

64 kvk óska eftir að kynnast góðum vin á svipuðum aldri, ýmis áhugamál. s. 772 4209

57 kvk óskar eftir að kynnast heiðarlegum manni á aldri 62-63 ára og hef gaman að dansa. s. 865 1450 kl. 20-21.

## fasteignir





Mjög gott tæplega 1000 fm atvinnuhúsnæði er skiptist í tvo hluta. Annars vegar 764 fm stálgrindarhús m. yfir 100 fm millilofti ásamt þremur iðnaðarhurðum og 6 metra lofthæð skv. teikningu. Hins vegar steypt skrifstofuhúsnæði á einni hæð alls 128 fm.


Nánari upplýsingar veitir
**Jón Rafn Valdimarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Eignin er í útleigu í dag.
**Óskað er eftir tilboðum.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -




**OPIÐ HÚS** miðvikudag 10. desember frá **kl.17:30-18:30**


Nánari upplýsingar veitir
**Helgi Jónsson**
sölufulltrúi
sími: 780 2700
helgi@miklaborg.is


**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Glæslilegt mjög mikið endurnýjað
126,1 fm parhús
á þessum einstaka stað í miðborginni.
Verönd út frá borðstofu.
Góðar svalir út frá efri hæð.
Sérbílastæði.
Verð: **55,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## fasteignir

**JÖFUR** ATVINNUHÚSNÆÐI **534 1020** Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is



**TIL LEIGU/SÖLU** Faxafen 10, 108 Reykjavík

668,4 fm. skrifstofu-/kennsluhúsnæði á jarðhæð

Húsnæðið skiptist í 6 stór vinnurými/skólastofur, 2 stór fundarherbergi, eitt tæknirými, rúmgott anddyri, stórt opið rými með móttökuborði, rúmgóða kaffistofu með innréttingu, Wc, þ.a. eitt með aðstöðu fyrir fatlaða auk sturtu. Loftræstibúnaður er til staðar. Á gólfum eru flísar og dúkar. Laust strax!

Allar nánari upplýsingar veitir:


**Helgi Már Karlsson**
*Löggiltur leigumiðlari / Löggiltur fasteignasali*
534 1024 / 897 7086
hmk@jofur.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT




# LAUGAVEGUR 151-155 (gengið inn bakatil).

## OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAG 10. DESEMBER kl.17:00 - 17:30






Höfum hafið sölu á glæsilegum 2ja og 3ja herbergja íbúðum í nýju 8 íbúða lyftuhúsi á þessum frábæra stað í **„NÝJA MIÐBÆNUM“.**
Íbúðir munu verða afhentar fullbúnar með vönduðum innréttingum frá PARKA. Íbúðir eru án gólfefna á aðalrýmum en búið er að flísaleggja baðherbergi og þvottahús. Stæði í bílgeymslu með flestum íbúðum.

Sveinn Eyland lögg.fasteignasali á staðnum.

**Landmark leiðir þig heim!**

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
Sími 512 4900
landmark.is
**Íris Hall**, löggiltur fasteignasali

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

# léttlestum í Reykjavík



**TENGINGAR FRAMTÍÐAR** Á rauða ásnum má sjá mögulegt léttlestarkerfi eftir þróunarásnum þar sem í aðalskipulagi Reykjavíkur er gert ráð fyrir umtalsverðri þéttingu byggðar næstu áratugina. MYND/GÍSLI RAFN GUÐMUNDSSON

gert ráð fyrir Vogatorgi, með verslunum og margvíslegri þjónustu.

**Virkar í Bergen og Freiburg**

Gísli Rafn segist hins vegar ekki hafa lagst mikið yfir mögulegan kostnað við uppbyggingu léttlestakerfis í Reykjavík eða rekstrarlegar forsendur slíks kerfis. „Ég bíð bara eftir því að einhver sérfróður um hagfræði eða viðskiptafræði taki næstu skref í þeim útreikningi,“ gantast hann. Það sé hins vegar þannig að um helmingi meira kosti að vera með léttlest en hraðvagna. Um leið rifjar Gísli Rafn upp að Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, hafi áður haft á orði að ýmislegt bendi til þess að léttlestakerfi gæti borgað sig hér á landi á næstu fimm til tíu árum. „Þar hefur verið vísað til íbúaþróunar og hvað notendum Strætó hefur fjölgað mikið síðustu ár.“

Gísli Rafn segir auðvelt að ímynda sér leið léttlestar um þróunarásinn frá Mýrargötu um Hverfisgötu, Laugaveg, Suðurlandsbraut, yfir Elliðavog, um Stórhöfða og að nýrri byggð við Keldnaholt í Grafarvogi. Uppbygging slíks kerfis fjölgi samgöngukostum í borginni, dragi úr bílaumferð, stytti ferðatíma fólks og stuðli að líflegra borgarumhverfi með aukinni umferð gangandi vegfarenda í og við biðstöðvar. „Þetta hefur reynst vel í borgum af svipaðri stærð og Reykjavík,“ segir hann og nefnir sem dæmi Bergen í Noregi og Freiburg í Þýskalandi.



**YFIR TEIKNINGUNUM** Í lokaverkefni sínu í meistaranámi í arkitektúr með áherslu á borgarhönnun teiknaði Gísli Rafn Guðmundsson upp möguleika tengda lagningu léttlestakerfis í Reykjavík. FRÉTTABLAÐÐIIÐ/GVA



# Fékk lán út á húsið til að komast af stað

***Brynja Guðmundsdóttir, forstjóri Azazo, vinnur nú að því að koma hugbúnaði fyrirtækisins á markað erlendis. Azazo hefur fjárfest fyrir tvo milljarða króna frá árinu 2007. Stundar hjólreiðar, golf, hlaup og fer á skíði.***

**SVIPMYND**
**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

„Við erum að einblína á útrásina, ef maður má nota það orð, og eigum í viðræðum við stór erlend fyrirtæki sem hafa áhuga á að nota hugbúnað okkar til að selja þjónustu eins og rafrænar undirskriftir og fleira," segir Brynja Guðmundsdóttir, stofnandi og forstjóri tæknifyrirtækisins Azazo.

Brynja stofnaði fyrirtækið árið 2007 en það hét þá Gagnavarslan. Síðan þá hefur fyrirtækið vaxið hratt og selur nú hugbúnaðinn CoreData, rekur gagnavörslu á Ásbrú í Reykjanesbæ, ráðgjafasvið í Hafnarfirði og býður skönnunar- og prentþjónustu.

„Og nú erum við á fullu við að koma okkur á markað erlendis samhliða starfseminni hér heima og því höfum við tekið upp nafnið Azazo," segir Brynja.

Hún lærði viðskiptafræði með áherslu á endurskoðun við Háskóla Íslands og útskrifaðist þaðan 1991. Eftir það var hún ráðin skrifstofustjóri og aðalbókari Kaupfélags Húnvetninga og Sölufélags Austur-Húnvetninga á Blönduósi. Félögin áttu á þeim tíma meðal annars fyrirtækið Vilko og hótelið í bænum og Mjólkursamlag Austur-Húnvetninga.

„Þetta var mjög erfið ákvörðun enda þekkti ég engan þarna og var ein með tvö lítil börn en það fylgdi einbýlishús með fimm herbergjum þannig að ég lét slag standa," segir Brynja og hlær.

„Þarna fékk ég að gera allt enda var enginn tölvumaður til að reka netkerfin eða forrita og það endaði á mér. Þetta var því ein besta ákvörðun sem ég hef tekið."

Brynja starfaði síðar hjá Stöð 2 og Símanum og sem fjármálastjóri hjá Skýrr.

„Árið 2005 ákvað ég að segja upp hjá Skýrr en ég var þá að koma úr barneignarfríi og ætlaði þá að kaupa fyrirtæki og var búin að redda fjármögnun og allt. Það datt upp fyrir og eftir stutt stopp hjá Alfresca ákvað ég að stofna Gagnavörsluna árið 2007," segir Brynja.



**AZAZO** Brynja er nú með um 50 manns í vinnu og hyggur á frekari landvinninga.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hún byrjaði frá grunni en fékk lán út á húsið sitt til að koma fyrirtækinu af stað. Síðan þá hefur Azazo fjárfest fyrir tvo milljarða króna. Stór hluti þeirrar upphæðar kom úr eigin rekstri fyrirtækisins en ólíkt því sem þekkist í mörgum öðrum sprotafyrirtækjum þá gátu Brynja og samstarfsmenn hennar skapað fyrirtækinu tekjur nánast frá fyrsta degi.

„Bankinn sem ákvað á endanum að lána mér hefur ekki tapað krónu á því og ég hef verið duglega að fá inn nýja fjárfesta."

Spurð um áhugamál nefnir Brynja skíði, hjólreiðar, golf og fjallgöngur.

„Ég er frekar ofvirk þótt ég sé alltaf að vinna. Svo á ég fjögur börn í fótbolta þannig að ég er mikið á vellinum. Nú hlakka ég til þess að eiga góðar stundir með fjölskyldunni og vinum um hátíðarnar."

## DUGNAÐARFORKUR SEM ÞORIR OG LÆTUR VAÐA



„Brynja er ótrúlegur dugnaðarforkur sem leitar lausna við hverri áskorun og verkefnum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Betri vin er varla hægt að hugsa sér. Það er búið að vera mikið ævintýri að fylgjast með henni byggja upp Azazo (Gagnavörsluna) og er óhætt að segja að Brynja sýni mikinn kjark og dugnað. Hún er líka einstaklega ósérhlífin þannig að stundum höfum við vinirnir nú áhyggjur af vinnuálaginu. Það er alltaf líf og fjör í kringum Brynju enda segir hún sjaldnast nei við áskorunum. Þó svo hún beri við lofthræðslu hikar hún ekki við að reyna eitthvað nýtt hvort sem það eru fjallgöngur, skíði, fjallahjól eða hvað sem okkur dettur í hug hverja stundina."

**Vigdís Sif Hrafnkelsdóttir,** vinkona Brynju.



„Brynja er ótrúlegur dugnaðarforkur. Hún þorir og lætur vaða. Við höfum unnið saman síðan 2008 að þróun hugbúnaðarlausna á sviði skjala- og upplýsingastýringar og það hefur verið mjög lærdómsríkt að fylgjast með henni. Hún gefst aldrei upp og henni hefur tekist að keyra fyrirtækið áfram á afar erfiðum tímum í íslensku atvinnulífi. Hún þorir líka þegar margir þora ekki. Til dæmis voru margir sem höfðu enga trú á því að veðja á opna staðla og skýjavæddan hugbúnað þegar við lögðum af stað. Hún fattaði þetta hins vegar og var til í að veðja á að framtíðin lægi í þessari tækni. Það segir margt um hana."

**Jónas Sigurðsson**, kerfishönnuður og tónlistarmaður.

# *Er það nú góður bissness?*

***Hin hliðin***

**Þóranna K. Jónsdóttir**
MBA, markaðsnörd

„Hvers konar bissness er nú það?" hváði vinur minn á dögunum þegar ég sagði honum að ég væri að gefa út mína fyrstu bók á Amazon og hún myndi verða ókeypis fyrstu dagana. Eðlilega skildi hann ekki alveg hvers konar viðskiptavit markaðsnördinn hefði að gefa bara verkið sitt.

Í frábæru YouTube-vídeói bendir rithöfundurinn Neil Gaiman á að flestir uppgötva uppáhaldsrithöfundinn sinn með því að labba inn í bókabúð og kaupa bók eftir hann. Flestir uppgötva hann með því t.d. að fá bókina lánaða. Eftir því sem bækurnar hans dreifðust meira frítt á netinu sá hann líka gríðarlega aukningu í sölu.



**Er hún ókeypis?**

Það er heldur ekki þar með sagt að bókin sé ókeypis. Fólk þarf að „kaupa" hana með því að vera tilbúið að eyða tíma og orku í lesturinn. Ef því líkar það sem það fær, þá er það tilbúið að kaupa aðeins dýrara verði næst, með því að borga og eyða tíma. Ef þú vilt koma þér og þínu á framfæri, þá verðurðu að gefa fólki tækifæri til að „smakka". Með því nærðu að koma á sambandi sem þú getur svo ræktað áfram.

Annað sem svona frítt „smakk" gerir er að koma orðinu af stað. Einhver prufar, líkar við og segir öðrum frá, hvort sem það er maður að manni, eða t.d. með því að skilja eftir ritdóm á Amazon. Allt þetta er nauðsynlegt til að koma hlutum á framfæri. Úti í hinum stóra heimi er ég algjörlega óþekkt stærð. Hver myndi rjúka til og kaupa bók eftir mig á Amazon ef enginn talaði um hana og það væru engir ritdómar?

**Gefðu af þér**

Fyrsta skrefið er að ná athyglinni og svo að fá fólk til að kynnast þér, vörunum þínum eða þjónustu. Matvörufyrirtæki býður þér smakk þegar þú labbar í gegnum Bónus, fataverslanir bjóða þér að máta, þú reynsluekur bílnum, og þegar þú selur hugvitið þitt, þá verðurðu að sýna fólki hvað það fær. Gefðu af þér og fólk skilur betur hvað þú gerir, það byggir traust, fólk finnur hvort þú ert fyrir það og þú sýnir hvað þú ert fær á þínu sviði. Við skulum vona að ég hafi meira að gefa úr kollinum en kemst í eina litla bók ;) Þess vegna var það góður bissness að gefa bókina mína.



# BARNAGJÖFIN Í ÁR!




## 8" SPJALDTÖLVA Í JÓLAPAKKANN FYRIR AÐEINS 14.990!

**Spjaldtölvur eru vinsælasta jólagjöfin hjá okkur fyrir börn. Skemmtilegar í leikina, sjónvarpið, bíómyndirnar, netið og tónlistina.**

## JÓLATILBOÐ

# 14.990

**FULLT VERÐ 19.990**

nextbook NEX-NX008HD8G

**Skemmtilega hönnuð og meðfærileg 8" Nextbook spjaldtölva með 1.5GHz Dual Core Cortex A9 örgjörva. Kristaltær snertiskjár með 1024x768 punkta upplausn í 4:3 hlutföllum. 1GB DDR3 vinnsluminni og 8GB Flash minni sem má stækka í 40GB með MicroSD minniskorti. Android 4.1 Jelly Bean stýrikerfið, myndavél að framan og aftan.**

### Frábær jólagjöf fyrir börnin
Það er fátt sem börnum finnst skemmtilegra en að leika sér í skemmtilegum leik í spjaldtölvu. Hægt er að nálgast þúsundir ókeypis leikja og fræðsluforrita í gegnum Google Play.

### Hentug barnastærð
8" passar mjög vel í litlar hendur og er góð millistærð á milli farsímastærðar og fullvaxinnar 10" spjaldtölvu. Hún er létt og meðfærileg til að taka með hvert sem er.

### Sjónvarpið í spjaldtölvunni
Með Sjónvarpi Símans eða OZ opnast nýjir möguleikar við að streyma sjónvarpsefni í spjaldtölvurnar. Börnin geta horft á sína uppáhaldsþætti hvar sem er án þess að vera bundin við sjónvarpsskjáinn.

### Dual Core örgjörvi
Tveggja kjarna Cortex A9 örgjörvi sem skilar hraðri vinnslu með 1GB vinnsluminni.

### Allt að 40GB minni
Kemur með 8GB innbyggðu Flash minni sem hægt er að stækka í 40GB með 32GB MicroSD minniskorti.

### Kristaltær fjölsnertiskjár
Næmur og hraðvirkur skjár með 1024x768 punkta upplausn. 4:3 skjáhlutföll.

### Myndavél að framan og aftan
Tvær myndavélar til að taka ljósmyndir eða myndbönd. 2MP að aftan og VGA upplausn að framan.

### Android 4.1 Jelly Bean
Notendavænt stýrikerfi með aðgang að þúsundum ókeypis og hagkvæmra smáforrita með Google Play.

### 2 ára traust ábyrgð
Tölvulistinn hefur í yfir 20 ár rekið sitt eigið þjónustuverkstæði og veitt ábyrgðarþjónustu sem hægt er að treysta.

**ALLT SPJALDTÖLVUÚRVALIÐ FYRIR JÓLIN Á TL.IS**




BORGAÐU JÓLAREIKNINGINN 2. FEBRÚAR
Netgíró
Betri leið til að borga

tl.is
TÖLVULISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 333 | Sími 414 1750 |

Sagafilm hefur breytt hjá sér skipulaginu síðustu misseri:

# Breytt stjórnendateymi

Stjórnendateymi Sagafilm hefur tekið breytingum að undanförnu, samhliða breyttu skipulagi, að því er fram kemur í tilkynningu.

„Fastir starfsmenn Sagafilm eru um 50 talsins en stöðugildi á ársgrundvelli eru um 150. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í gamla Sjónvarpshúsinu við Laugaveg 176, auk þess sem fyrirtækið rekur skrifstofu í Stokkhólmi,“ segir þar.

Stjórnendur eru Kjartan Þór Þórðarson meðeigandi, stjórnarformaður og fyrrverandi forstjóri, **Ragnar Agnarsson** meðeigandi og forstjóri, Guðný Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri, Pétur Óli Gíslason, verkefnastjóri og einn eigenda, Þórhallur Gunnarsson framkvæmdastjóri sjónvarpsframleiðslu, Margrét Jónasdóttir framkvæmdastjóri heimildamyndadeildar, Fjalar Sigurðarson framkvæmdastjóri auglýsingadeildar, Árni Björn Helgason framkvæmdastjóri erlendrar framleiðslu, **Dagmar Haraldsdóttir**, framkvæmdastjóri viðburðadeildar, Bragi Reynisson, framkvæmdastjóri tækjaleigunnar Luxor, og Örn Sveinsson, yfirmaður eftirvinnsludeildar Sagafilm. - óká









Bio-Kult

Bio Kult Candéta inniheldur góðgerla, hvítlauk og grape seed extract

Styrkir meltinguna, vinnur á Candida sveppasýkingu í meltingavegi


## Ekki enn verið samið við fjölskyldur látinna starfsmanna




**PRÝST Á AÐGERÐIR** Aðgerðasinnar úr hópunum „Peuples Solidaires“ eða Samstaða þjóðar og „Ethique Sur l'étiquette“ eða Siðferði merkinga mótmæltu í gær fyrir utan fataverslunina Benetton við Óperuhúsið í París. Verið var að mótmæla því að tuttugu mánuðum eftir hrun verksmiðju þar sem Benetton meðal annars framleiddi vörur sínar og yfir 1.100 manns létu lífið hafi ekki verið samið við fjölskyldur hinna látnu um bætur. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Hver borgar?

*Skoðun*



**Ásdís Kristjánsdóttir**
forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins (SA)

Ríkissjóður Íslands er nú loks farinn að skila afgangi hafandi verið rekinn með halla í hálfan áratug frá árinu 2008. Skuldirnar sem söfnuðust á þeim tíma sliga nú ríkissjóð og er svo komið að vaxtagreiðslur eru orðnar meðal þriggja stærstu útgjaldaliða ríkisins. Árlega jafngilda þær nánast öllum viðbótarskatttekjum sem innheimtar eru af fyrirtækjum og heimilum vegna skattahækkana síðustu ára, ríflega 80 milljörðum króna.

Þrátt fyrir alvarlega skuldastöðu ríkissjóðs er ekki að merkja hjá núverandi stjórnvöldum metnaðarfull áform um að grynnka á þessum skuldum. Þvert á móti gerir langtímaáætlun stjórnvalda ráð fyrir að skuldahlutfallið lækki aðallega samfara verðbólgu og hagvexti frekar en með beinni niðurgreiðslu skulda. Sú stefna veldur því að vaxtakostnaður verður áfram dragbítur á ríkissjóði og gerir stjórnvöldum erfitt um vik að lækka álögur og auka samkeppnishæfni innlendra aðila. Einhver þarf að borga.

Íslenskt fjármálakerfi hefur ekki farið varhluta af auknum skatta- og gjaldaálögum síðastliðinna ára. Regluverkið í kringum það hefur á sama tíma verið aukið og auknar kröfur um eiginfjárbindingu hafa aukið fjármögnunarkostnað íslenskra fjármálafyrirtækja. Vissulega má færa rök fyrir því að bankastofnanir greiði fyrir t.a.m. ríkisábyrgð innlána á meðan hún er til staðar en slík skattheimta þarf að vera í samræmi við þann opinbera stuðning sem þær hljóta. Einnig væri eðlilegt að slíkur stuðningur væri valkvæður og bankastofnanir hefðu val um hvort þær starfi í skjóli slíkrar ábyrgðar.

En er það svo að á meðan að bankarnir borga meira að þá borgi fólkið í landinu minna? Það liggur í hlutarins eðli að fyrirtækin sjálf bera ekki kostnaðinn. Við skattleggjum hvorki hús né borð né stóla. Kostnaðurinn er alltaf borinn af einstaklingum, eigendum, launþegum eða viðskiptavinum og spurningin er einungis hvernig kostnaðurinn dreifist.

Til skemmri tíma geta auknar álögur komið fram í minni arðsemi og eigendur þannig borið kostnaðinn. Slíkt er þó ekki jafnvægisástand en á endanum munu allar varanlegar álögur á bankastofnanir skila sér í auknum vaxtamun og þ.a.l. í lakari vaxtakjörum fyrir bæði fyrirtæki og heimili. Viðskiptavinir bera því ávallt stóran hluta þess kostnaðar sem lagður er á fyrirtækin.

Þrátt fyrir að vaxtamunur íslenskra banka hafi lækkað síðustu misserin, m.a. vegna minnkandi verðbólgu, þá er vaxtamunur þeirra enn mikill í alþjóðlegum samanburði. Álagður vaxtamunur veitir sterka vísbendingu um samkeppnishæfni bankanna en margar ástæður eru fyrir því hve mikill hann er hér á landi, og flestar þeirra „sér-íslenskar“. Smæð bankakerfisins, tilkoma fjármagnshafta, mikil eiginfjárbinding, óstöðugt efnahagsumhverfi og mikil skattbyrði í samanburði við önnur lönd er allt til þess fallið að auka vaxtamun, þó ekki sé einungis við ytri þætti að sakast. Rekstrarkostnaður íslensku bankanna er einnig hár, hærri en almennt er hjá erlendum bönkum svipuðum að stærð.

Það skyldi því engan undra að erlendir bankar séu orðnir nokkuð fyrirferðarmiklir í útlánum til innlendra fyrirtækja og að þeir séu enn að sækja í sig veðrið. Að vissu leyti er jákvætt að erlendir lánamarkaðir skuli á ný vera að opnast innlendum fyrirtækjum en um leið er mikilvægt að hafa í huga að á meðan að íslenskir bankar búa ekki við sömu starfsskilyrði og erlendir samkeppnisaðilar þá munu þeir ávallt eiga á brattann að sækja. Að öðru óbreyttu er því fyrirséð að útlánamarkaður muni breytast á komandi árum.

> **Verði ekkert aðhafst til að lækka skuldir ríkissjóðs mun áfram þurfa að skattleggja fólk og fyrirtæki til að standa undir þeim kostnaði.**

Sé ætlunin að tryggja samkeppnishæfni innlendra fyrirtækja þarf að finna leiðir til að minnka álögur á innlenda starfsemi. Nauðsynlegt er að rjúfa vítahring mikillar skuldsetningar og íþyngjandi vaxtakostnaðar og til þess þarf tvennt að eiga sér stað. Í fyrsta lagi þarf að koma böndum á ríkisútgjöld og nýta svigrúmið sem af því myndast til niðurgreiðslu skulda. Það eitt dugir þó ekki til og þarf í öðru lagi að selja ríkiseignir.

Fjármálaráðherra hefur nú þegar boðað sölu á 30% eignarhlut í Landsbankanum en með hliðsjón af skuldsetningu ríkissjóðs yrði það einungis dropi í hafið. Nauðsynlegt er að ganga lengra og t.a.m. endurgreiða gjaldeyrisforðalánin að hluta og huga að sölu á eignarhlut í Landsvirkjun.

Allt er þetta samhangandi. Verði ekkert aðhafst til að lækka skuldir ríkissjóðs mun áfram þurfa að skattleggja fólk og fyrirtæki til að standa undir þeim kostnaði. Þeir peningar munu þó ekki falla af himnum ofan heldur mun álagningin skila sér í hærra verði til neytenda. Fyrirtækin verða ósamkeppnishæf og við fáum að borga!




# JÓLAGJÖFIN ER GJAFABRÉF Á KOL

## Tilvalin gjöf fyrir sælkerann

*Pantaðu gjafabréf í síma 517 7474 eða á info@kolrestaurant.is.*
*Hægt er að sækja til okkar eða fá sent í pósti.*

KOL RESTAURANT · SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 40 · SÍMI 517 7474 · KOLRESTAURANT.IS

# MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**


**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 124,27 | DKK 20,65 | NOK 17,42 | CHF 127,78 |
| GBP 194,54 | EUR 153,63 | SEK 16,52 | JPY 1,03 |

**FTSE 100**
6.529,47 -142,68
(2,14%)

**Viðskiptavefur Vísis**
@VisirVidskipti

## UBER-BANNAÐ
**Undirbúa starfsemi hér**

Spænsk stjórnvöld hafa ákveðið að banna starfsemi Uber þar í landi. Dómari í Madríd á Spáni kvað upp úrskurð í dag um að fyrirtækið starfaði ekki eftir settum reglum þar sem ökumenn væru ekki skráðir. Uber starfar að mörgu leyti á svipaðan hátt og hefðbundnar leigubílaþjónustur og fyrirtækið er sagt undirbúa starfsemi hér á landi.



**8.12.2014** Í morgun komu á fund efnahags- og viðskiptanefndar bankastjóri Landsbankans ásamt samstarfsmönnum og fulltrúi Bankasýslu og forstjóri Samkeppniseftirlits vegna sölu Landsbankans á Borgun og fyrirhugaðrar sölu á fyrirtækinu Valitor. Það verður að segjast alveg eins og er að þessi heimsókn í morgun svaraði ekki þeirri spurningu hvers vegna hlutur ríkisins eða Landsbankans í Borgun var ekki seldur í opnu ferli. Hún varð ekki til þess að slá á áhyggjur þess sem hér stendur um að farið verði með hlutinn í Valitor eins og æskilegast væri, það er að selja hann í opnu ferli.

***Þorsteinn Sæmundsson**, þingmaður.*

## 10.340 MILLJÓNIR
**Útboði Arion banka lokið**

Arion banki lauk í gær útboði á tveimur nýjum flokkum sértryggðra skuldabréfa til sjö og fimmtán ára. Bankanum bárust í heild tilboð upp á 10.340 milljónir króna og var tilboðum tekið fyrir samtals 6.360 milljónir.

Stefnt er á að flokkarnir verði teknir til viðskipta í Kauphöllinni (NASDAQ OMX ICELAND) nú í desember.

## STJÓRNAR-MAÐURINN

## Að renna blóðið til skyldunnar

Slitastjórn Glitnis fagnaði nýverið sex ára afmæli sínu. Slitastjórnirnar áttu aðeins að vera starfandi til skamms tíma; nógu lengi til að ráðrúm næðist til að ná nauðungasamningum við kröfuhafa gömlu bankanna. Sex ár eru meira en flestir óskuðu sér.

**SAMKVÆMT** síðasta árshlutareikningi Glitnis eru 653 milljarðar af 961 milljarðs eignum félagsins peningar eða skammtímafjármunir. Með öðrum orðum, 70% af eignasafni bankans hefur verið komið í verð. Líklegt má teljast að bestu bitarnir séu farnir og að langan tíma muni taka að klára þau 30% sem eftir standa. Skortur á gagnsæi um eignasafn og framtíðaráform bankans rennir ekki stoðum undir þær fullyrðingar Steinunnar Guðbjartsdóttur, formanns slitastjórnar Glitnis, að slitastjórn sé á lokasprettinum.

**STJÓRNARMAÐURINN** hefur áður kvartað yfir sjálfskipuðu hlutverki slitastjórnanna sem langtímafjárfesta og fagnar því tilraunum Heiðars Más Guðjónssonar til að reynt sé flýta ferlinu með beiðni um gjaldþrotaskipti á hendur Glitni í síðustu viku. Heiðari er farið að leiðast þófið og vill að bankinn verði gerður upp í eitt skipti fyrir öll. Þar með yrði stigið skref í átt að eðlilegra rekstrar- og viðskiptaumhverfis á Íslandi. Heiðari virðist renna blóðið til skyldunnar.

**HEIÐAR MÁR** er útsjónarsamur fjárfestir með ýmis járn í eldinum hérlendis. Hvort gjaldþrotaskiptabeiðnin sé eingöngu sett fram til að flýta uppgjöri Glitnis, eða hvort um upphafsleik í lengri skák sé að ræða, er ekki auðvelt að segja. Óljóst er hvort hagsmunir Heiðars séu í samræmi við hagsmuni þjóðarinnar í þessu máli.

**AFTUR** á móti er ljóst að hagsmunir þjóðarinnar stangast á við hagsmuni slitastjórnanna með beinum hætti. Slitastjórnirnar, stjórnendur þeirra, starfsfólk og fjöldi ráðgjafa eru í áskrift að háum þóknunum og hafa því beina fjárhagslega hagsmuni af því að draga uppgjörin á langinn. Slitastjórnunum er ekki treystandi til að slátra eigin mjólkurkúm.

**FYRIR** þeim sem eru virkir í efasemdum gæti fléttan horft aðeins öðruvísi við. Krafa Heiðars hljóðar upp á rúmlega 3,1 milljón króna. Óhætt er að fullyrða að Heiðar hafi ekki greitt fullt verð fyrir kröfuna og ætlar Stjórnarmaðurinn að hún hafi ekki kostað meira en 1,5 milljónir króna. Fyrir þá upphæð hefur Heiðar fengið umtalsverða umfjöllun í öllum fjölmiðlum landsins og rennt frekari stoðum undir þá staðalímynd að Heiðar Már sé einmitt útsjónarsamur fjárfestir.

**TVÆR** flugur í einu höggi. Ekki amaleg viðskipti það.

@stjornarmadur




netto
Í JÓLASKAPI

# FRAMÚRSKARANDI UM JÓLIN



2 ANNAÐ SÆTI | Bragðkönnun DV

KJÖTSEL HAMBORGARHRYGGUR



1 FYRSTA SÆTI | Bragðkönnun DV

KEA HAMBORGARHRYGGUR

Nettó er eina verslunarkeðjan sem býður upp á bæði Kjötsels- og Kea hryggina sem skipuðu 2 efstu sætin í bragðkönnunum DV.



KL. 18:10

**Jóladagatal Skoppu og Skrítlu**

Bestu vinir barnanna, þær Skoppa og Skrítla, opna nýjan glugga á nýju jóladagatali á hverjum degi fram að jólum á Stöð 2. Lúsí og Bakari Svakari láta sig ekki vanta í fjörið ásamt Snæfinni snjókarli sem tekur lagið. Endursýnt á Krakkastöðinni alla daga klukkan 19.

# Frábært miðvikudagskvöld

KL. 20:15

**Heimsókn**

Sindri Sindrason færir okkur flotta samantekt á þáttunum frá því í haust.



KL. 21:40

**Bones**

Stórskemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings



KL. 22:00

**Season Of The Witch**

Mögnuð mynd með Nicolas Cage sem gerist á tímum nornaveiða og svarta-dauða á hinum myrku miðöldum.



KL. 21:50

**Chuck**

Chuck Bartowski er mættur í þriðja sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum.



KL. 20:55

**The Gates**

Spennandi þættir um mann sem tekur að sér stöðu lögreglustjóra í rólegum bæ en ekki er allt sem sýnist.



Krakka stöðin | KL. 19:10

**Skoppa og Skrítla í bíó**

Í þessari frábæru kvikmynd sláumst við í för með vinkonunum, Skoppu og Skrítlu, í heimsókn til Lúsíar.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 6 | | 8 | 7 | | | 9 |
| 7 | | | 5 | 3 | | | | 6 |
| 5 | 1 | | | 4 | | | 8 | 3 |
| | | 4 | 2 | 5 | | | | |
| 8 | 6 | | | | | | | |
| 9 | 2 | 5 | 6 | | 8 | | | 4 |
| | | | | 6 | | | 9 | |
| | 9 | | | | | | 6 | |
| | 7 | | 4 | | 1 | | | 2 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | | | 1 | | 9 | |
| | | 5 | | | 9 | | | |
| | 1 | | | 2 | | 3 | | 7 |
| | | | | 9 | 5 | | | |
| | | 2 | 4 | | | | | 6 |
| | 8 | 9 | | 7 | 3 | 1 | 5 | |
| | 4 | | | 6 | | 2 | | |
| | | 1 | 8 | 3 | 2 | | | |
| | | 7 | 1 | 5 | | 8 | 6 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | | | 8 | 4 | | |
| | | 3 | | 7 | | | 5 | |
| | | 6 | 1 | | | | | 8 |
| | | 5 | | 4 | | 3 | | |
| | | | | | 1 | | | 9 |
| | | 2 | | | 3 | 5 | | |
| | | 9 | | | | 7 | 4 | |
| 4 | 3 | | | | 7 | 8 | | 2 |
| 6 | | | 4 | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 7 | 3 | 6 | 9 | 4 | 5 | 2 |
| 6 | 2 | 4 | 7 | 8 | 5 | 9 | 3 | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 1 | 2 | 4 | 6 | 7 | 8 |
| 5 | 4 | 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 6 | 7 |
| 1 | 6 | 3 | 4 | 7 | 2 | 5 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 2 | 6 | 5 | 8 | 1 | 4 | 3 |
| 2 | 8 | 9 | 5 | 4 | 3 | 7 | 1 | 6 |
| 3 | 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 8 | 9 | 4 |
| 4 | 7 | 1 | 8 | 9 | 6 | 3 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 9 | 4 | 2 | 7 | 3 | 6 | 5 |
| 3 | 4 | 2 | 6 | 5 | 1 | 7 | 9 | 8 |
| 5 | 6 | 7 | 9 | 8 | 3 | 1 | 2 | 4 |
| 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 2 | 4 | 8 | 9 |
| 4 | 7 | 8 | 3 | 9 | 5 | 6 | 1 | 2 |
| 9 | 2 | 1 | 8 | 4 | 6 | 5 | 3 | 7 |
| 7 | 9 | 6 | 2 | 1 | 4 | 8 | 5 | 3 |
| 1 | 8 | 4 | 5 | 3 | 9 | 2 | 7 | 6 |
| 2 | 3 | 5 | 7 | 6 | 8 | 9 | 4 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 7 | 6 | 5 | 8 | 1 | 2 | 4 |
| 4 | 8 | 2 | 1 | 3 | 7 | 9 | 5 | 6 |
| 1 | 5 | 6 | 9 | 2 | 4 | 3 | 7 | 8 |
| 8 | 9 | 3 | 2 | 1 | 6 | 5 | 4 | 7 |
| 5 | 6 | 4 | 3 | 7 | 9 | 2 | 8 | 1 |
| 7 | 2 | 1 | 8 | 4 | 5 | 6 | 9 | 3 |
| 2 | 1 | 8 | 4 | 9 | 3 | 7 | 6 | 5 |
| 3 | 4 | 5 | 7 | 6 | 2 | 8 | 1 | 9 |
| 6 | 7 | 9 | 5 | 8 | 1 | 4 | 3 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




**SPAKMÆLI DAGSINS**

*„Ef þú getur ekki gefið hundrað manns að borða, gefðu þá bara einum."*

*Móðir Teresa.*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** sælgæti, **6.** kusk, **8.** duft, **9.** bókstafur, **11.** aðgæta, **12.** orðtak, **14.** urga, **16.** rás, **17.** bókstafur, **18.** kvabb, **20.** tveir eins, **21.** ögn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** munnvatn, **3.** umhverfis, **4.** græðgi, **5.** hamfletta, **7.** ólaglegur, **10.** framkoma, **13.** gerast, **15.** sál, **16.** egna, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** buff, **6.** ló, **8.** mél, **9.** eff, **11.** gá, **12.** frasi, **14.** ískra, **16.** æð, **17.** enn, **18.** suð, **20.** dd, **21.** arða.
**LÓÐRÉTT: 1.** slef, **3.** um, **4.** fégirnd, **5.** flá, **7.** ófríður, **10.** fas, **13.** ske, **15.** andi, **16.** æsa, **19.** ðð.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.




...góðar fréttir fyrir umhverfið

# Framúrskarandi myndgæði og glæsileg hönnun

Curved UHD TV

Ultra High Definition 4K




**SAMSUNG**

SAUE55HU7205UXXE

Stærð: 55" eða 138cm
Upplausn skjás: 3840x2160 (4K)
Tegund skjás: Samsung Ultra Clear
UHD Upscaler: Já
Rið: Clear Motion Rate 800
3D: Nei

**55" UH55HU7205 560.000.-**
**NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 448.000.-**

**65" UH65HU7205 749.900.-**
**NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 599.920.-**



**SAMSUNG**

SAUE65HU8505QXXE

Stærð: 65" eða 163cm
Upplausn skjás: 3840x2160 (4K)
Tegund skjás: Samsung Ultra Clear
UHD Upscaler: Já
Rið: Clear Motion Rate 1200
3D Stuðningur: Já, ásamt 2D to 3D Converter

**55" UH55HU8505 749.900.-**
**NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 599.920.-**

**65" UH65HU8505 1.159.900.-**
**NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 927.920.-**

**SAMSUNG SOUNDBAR** 310W og þráðlaus tenging við síma eða tölvu. Til í svörtu og silfur.



MÍNUS 20%

HWH550
Sniðin fyrir 46" tæki.
**111.920** áður 139.900



MÍNUS 20%

HWH751
310W lampamagnari.
**151.920** áður 189.900



MÍNUS 20%

HWH7501
Bogin og hentar vel með 55".
**151.920** áður 189.900

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | SR · BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333




# Sumt gott, annað ekki – en gaman

★★★☆☆

**Sumt gott, annað ekki – en gaman**

Söngfjelagið flutti jólatónlist í Langholtskirkju sunnudaginn 7. desember.

**STJÓRNANDI: HILMAR ÖRN AGNARSSON.**

**EINSÖNGVARAR: BJÖRG ÞÓRHALLSDÓTTIR OG HRÓLFUR SÆMUNDSSON.**



**SÖNGFJELAGIÐ** „Greinilegt var að kórinn hafði gaman af því sem hann var að gera og það var smitandi,“ segir meðal annars í dómnum.

Svokallaðir sing along-tónleikar geta verið skemmtilegir. Slíkar samkomur einkennast af því að áheyrendur taka undir í söngnum. Þá er eins gott að sessunautur manns haldi lagi. Það væri ferlegt ef hann eða hún öskraði upp í eyrað á manni eitthvað falskt. Eða væri með ljóta rödd. Ég var heppinn að svo var ekki á tónleikum í Langholtskirkju á sunnudagskvöldið.

Þarna kom fram blandaður kór, Söngfjelagið sem laut stjórn Hilmars Arnar Agnarssonar. Þetta voru jólatónleikar að breskum sið og fyrri hluti dagskrárinnar var helgaður lögum sem allir þekkja. Þar á meðal var Fögur er foldin, O Little Town of Bethlehem, o.s.frv. Tónlistarflutningurinn var pottþéttur, kraftmikill og lifandi.

Tveir einsöngvarar voru á tónleikunum, þau Björg Þórhallsdóttir sópran og Hrólfur Sæmundsson barítón. Björg söng fallega og Hrólfur var stórglæsilegur, röddin var þétt og sterk. Ave María eftir Sigvalda Kaldalóns var áhrifarík hjá þeim tveimur, lagið var þrungið tilfinningu.

Því miður syrti í álinn þegar hléið fór að nálgast. Dagskráin varð þá metnaðarfyllri, en frammistaðan oft síðri. Tónleikagestir hættu að syngja með er hér var komið sögu. Enda þekktu færri lögin sem voru á boðstólunum. Cantique de Jean Racine eftir Fauré olli t.d. vonbrigðum. Karlarnir í byrjun sungu svo loðið að það var hálf óskiljanlegt. Lagið í heild vantaði allan fókus.

Svipað er að segja um frumflutninginn á Ave Maríu eftir Georg Kára Hilmarsson. Lagið sjálft virtist lofa góðu, laglínurnar voru áheyrilegar og hljómagangurinn sjarmerandi. En annaðhvort var raddsetningin bölvað klúður eða þá að kórinn söng svona illa. Þetta var nánast eins og veislusöngur í áttræðisafmæli þar sem hver syngur með sínu nefi.

Ekki var þó allt slæmt á síðari hluta tónleikanna. Ég vil lofa eina þá eftir Báru Grímsdóttur var frábærlega sungin, skýr og samtaka. Og Hallelújakórinn úr Messíasi eftir Händel var alveg magnaður, tandurhreinn og þróttmikill.

Hljóðfæraleikurinn var oftast fínn. Peter Tompkins spilaði á óbó og gerði það yfirleitt vel; sama var uppi á teningnum hjá Elísabetu Waage hörpuleikara. Undirleikur Martins Neary orgelleikara var líka fagmannlegur, en einleikur hans í Pastorale BWV 590 eftir Bach var síðri. Hraður kafli var býsna órólegur og eftir því óskýr, það var hálfgerður andarteppustíll á honum.

En samt! Þrátt fyrir þá annmarka sem hér hafa verið taldir upp voru tónleikarnir ekki leiðinlegir. Greinilegt var að kórinn hafði gaman af því sem hann var að gera og það var smitandi. Sem aukalag söng hann We Wish You a Merry Christmas, en það mun vera siður í lok jólatónleika í Bretlandi.

Kórinn hálfpartinn dansaði út úr kirkjunni um leið og hann söng lagið, sem var skemmtilegt. Óneitanlega var maður í jólaskapi að tónleikunum loknum. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Dálítið misjafnir tónleikar, en fullir af gleði.






**Í TÍMUM** Íslenski dansflokkurinn dansverk Helenu Jónsdóttur á hátíðinni Ice Hot í Ósló.

# Dansa í Taugum og Tímum

## Íslenski dansflokkurinn sýnir Tíma eftir Helenu Jóns.

Íslenski dansflokkurinn er á förum til Óslóar að túlka verkið Tímar eftir Helenu Jónsdóttur í Óperuhúsinu á laugardaginn, 13. desember.

Flokkurinn er byrjaður að æfa fyrir næstu uppfærslu sem ber titilinn Taugar og þann 6. febrúar mun hann frumflytja nýtt verk eftir Grímuverðlaunahafann Sögu Sigurðardóttur á Nýja sviði Borgarleikhússins. Hallvarður Ásgeirsson samdi tónlistina við það. Sama kvöld verður frumflutt nýtt verk eftir danshöfundinn og dansarann Karol Tyminski sem er pólskur og er talinn öflugur fulltrúi kynslóðar ungra listamanna. Verk hans Beep var álitið eitt róttækasta og mest spennandi verk sem sést hefur lengi á Impuls-danshátíðinni, stærstu danshátíð Evrópu.

**- gun**

# Jólagleði og gaman

## Diddú og Anna Guðný í Salnum í hádeginu í dag.

Þær verða væntanlega í ekta jólaskapi vinkonurnar Sigrún Hjálmtýsdóttir og Anna Guðný Guðmundsdóttir á hádegistónleikum í Salnum í dag sem hefjast klukkan 12.15.

Byrjað verður á að bjóða gestum upp á kaffi, te og piparkökur fyrir tónleikana svo betra er að mæta tímanlega.

Tónleikarnir hafa yfirskriftina Nú minnir svo ótalmargt á jólin og er það tilvísun í einn textann. Sem dæmi um fleiri lög á efnisskránni má nefna Það á að gefa börnum brauð, Jól, Hin fyrstu jól, Maríukvæði, Tíðin rennur og lagið Madrigal sobre un tema popular frá Katalóníu.



**MOSFELLINGAR** Anna Guðný og Diddú flytja valdar perlur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tónleikarnir eru hálftíma langir og hefjast eins og fyrr segir klukkan 12.15.

Miðaverð er 1.200 krónur.

**- gun**

# BÓKIN SEM ALLIR ERU AÐ TALA UM

## „RISASTÓR SKÁLDSAGA.“
ÞORGEIR TRYGGVASON / KILJAN

★★★★ „ÆÐIR ÁFRAM.“
ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

★★★★ „FER ALLA LEIÐ.“
JÓN YNGVI JÓHANNSSON / FRÉTTABLAÐIÐ

„EIN BESTA SPENNUSAGA SEM ÉG HEF LESIÐ LENGI.“
AUÐUR HARALDS / VIRKIR MORGNAR

## „GRÍPANDI OG SVAKALEG.“
STEINUNN RÖGNVALDSDÓTTIR / KNUZ.IS

## „FEYKILEGA KRÖFTUG!“
EGILL HELGASON / KILJAN

★★★★★
RAGNHEIÐUR EIRÍKSDÓTTIR / PRESSAN.IS

## „MEÐ BETRI BÓKUM SEM ÉG HEF LESIÐ.“
GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN

★★★★
INGI FREYR VILHJÁLMSSON / DV




*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

## Fimm jólatónleikar á fimm dögum

Fjöldi tónleika er í boði næstu daga fyrir þá sem vilja komast í jólaskap.

**Miðvikudagur:**
**Borgardætur**



Hinir árlegu jólatónleikar Borgardætra á Rósenberg. Á efnisskrá eru jólalög úr ýmsum áttum og farið með gamanmál.

**Fimmtudagur:**
**Baggalútur**



Baggalútur mætir að sjálfsögðu í dúndrandi jólafíling í Háskólabíó. Með í för verða ótal jólasmellir, dægurslagarar og leynigestir.

**Föstudagur:**
**Norðurljósin**



Norðlenskir tónlistarmenn syngja ásamt stúlknakór Akureyrarkirkju og góðum gestum í Hofi. Magni Ásgeirsson og Birgitta Haukdal á meðal söngvara.

**Laugardagur:**
**Jólagestir Björgvins**



Þetta er áttunda árið í röð sem þessir tónleikar eru haldnir í Laugardalshöll. Á meðal gesta verða Eivör, Jóhanna Guðrún og Ragnheiður Gröndal.

**Sunnudagur:**
**KK og Ellen**



Einstök aðventustemning hefur skapast á þessum tónleikum þar sem látlausir og hugljúfir tónar einkenna tónlistarflutning systkinanna.

# TILBÚINN TIL AÐ SIGRA HEIMINN

Johan Bülow var á dögunum kjörinn leiðtogi ársins í Danmörku. Lakkrísævintýri hans hófst í eldhúsinu hjá mömmu. Núna rekur hann átta verslanir í Danmörku og er gæðalakkrís hans seldur víða um heiminn.



**JOHAN BÜLOW** Hvetur frumkvöðla til að missa aldrei trúna á verkefnið, því allt sé mögulegt í þessum heimi.

Lakkrískóngurinn Johan Bülow var á dögunum kjörinn leiðtogi ársins í Danmörku af hagsmunasamtökunum Lederne. Hann hefur undanfarin sjö ár byggt upp fyrirtækið sitt Lakrids by Johan Bülow, sem er þekkt fyrir gæðalakkrís sem er núna seldur víða um heim.

Aðrir tilnefndir sem leiðtogi ársins voru Niels B. Christiansen frá fyrirtækinu Danfoss, Dorte Gleie, yfirmaður hjá Den Blå Planet, og skólastjórinn Birgit Lise Andersen. Þetta var tólfta árið í röð sem verðlaunin voru afhent en á meðal þeirra sem hafa hlotið þau er Jørgen Vig Knudstorp, forstjóri Lego.

Aðspurður segir Bülow að verðlaunin hafi að sjálfsögðu komið honum á óvart, enda afar hæft fólk sem var einnig tilnefnt. Hann segir þau samt ekki hafa neina sérstaka þýðingu fyrir sjálfan sig. „Ég rek fyrirtækið mitt áfram, ótrauður. Það er gaman að fá svona verðlaun en þetta var ekkert aðalmarkmiðið hjá mér. Þetta var samt skemmtileg reynsla og auðvitað er ég mjög ánægður með verðlaunin.“

Lakkrísævintýri Bülows hófst í eldhúsinu heima hjá mömmu hans í bænum Bornholm. „Ég var alinn upp af móður sem hvatti mig til að gera eitthvað sem ég hafði ástríðu fyrir og eitthvað sem ég gæti verið stoltur af en einnig eitthvað sem ég gæti þénað ágætlega á til að fjölskyldan mín hefði það gott. Þess vegna byrjaði ég í lakkrísnum,“ segir hann. „Mig langaði að búa til eitthvað betra en var í boði á þessum tíma. Markaðurinn var uppfullur af stórum framleiðendum og litlum gæðum og ég vildi búa til meiri gæðalakkrís. Ég hef reynt að gera það undanfarin sjö ár og það hefur gengið alveg ótrúlega vel.“

Hinn þrítugi Bülow hefur skotist upp á stjörnuhimininn á skömmum tíma. Spurður hvort velgengnin hafi gengið hraðar fyrir sig en hann bjóst við segist hann alltaf hafa haft trú á sjálfum sér. „Auðvitað hefur þetta gengið mjög hratt fyrir sig en ég trúði alltaf á fyrirtækið og tækifærið til að gera eitthvað frábært. Ég var sannfærður um að ég gæti ráðið eitt hundrað starfsmenn á sex til sjö árum og þannig er staðan einmitt í dag. Það er frábær tilfinning. Ég trúði alltaf á þetta.“

Bülow rekur átta lakkrísverslanir í Danmörku og fyrir skömmu var opnuð ný verslun í Ósló. „Þetta hefur gengið mjög vel. Planið er að opna fleiri verslanir í Noregi og í Svíþjóð á næstu árum. Við höfum viðskiptavini víða og takmarkið er að selja gæðalakkrís úti um allan heim,“ segir hann en lakkrísinn er einnig seldur á Spáni, Ítalíu, í Finnlandi, Þýskalandi, Dubai og á Íslandi.

Fyrirtækið leggur áherslu á að selja lakkrísinn á sérvöldum verslunum í öðrum löndum, þar á meðal í Epal hér á landi. „Við þurfum rétta samstarfsfélaga til að geta þetta. Epal er fullkominn samstarfsfélagi fyrir okkur, þau trúa á gæðin og allt í kringum vöruna. Við viljum bara litlar verslanir með mikil gæði og mikla ástríðu. Það er okkar markaður. Við viljum ekki eyða tímanum í neitt annað,“ segir hann og bætir við: „Við hefðum getað selt lakkrísinn okkar í öllum stóru verslunarmiðstöðvunum í Evrópu en við höfum ekki farið þá leið. Við viljum réttu sendiherrana fyrir vörurnar okkar, ekki fólk með excelskjöl sem reynir að græða á okkur. Þetta er hluti af okkar stefnu, að passa upp á sendiherrana okkar og að selja lakkrísinn á réttum stöðum.“

Spurður hvort hann geti veitt frumkvöðlum sem eru að stíga sín fyrstu skref í bransanum góð ráð hefur lakkrískóngurinn þetta að segja: „Trúið því að allt sé mögulegt í þessum heimi. Ég fékk þá hugmynd að búa til besta lakkrís í heimi. Ég hef reynt að gera það í mörg ár, 120 klukkustundir á viku, og það hefur tekist. Núna erum við með nýja verksmiðju, með fullt af góðum starfsmönnum og tilbúin til að sigra heiminn.“

**freyr@frettabladid.is**

### Á eftir að smakka kaffið í Búðinni

Lakkrísinn frá Johan Bülow er seldur í Búðinni í New York, kaffibar og verslun sem einblínir á norræna hönnun. Þar er dýrasti kaffidrykkurinn, svokallaður lakkríslatté með sérinnfluttu lakkríssírópi og lakkrísdufti frá Bülow. Drykkurinn seldist upp á fyrsta degi en hann kostar heila sjö dollara eða um 794 íslenskar krónur. „Ég hef ekki bragðað á þessu kaffi en það ætti að vera mjög gott. Ég hef heyrt að þetta sé dýrasta kaffið í New York og ég mun pottþétt smakka það einn góðan veðurdag,“ segir hann hress.

**600-800** tonn af lakkrís hefur Lakrids by Johan Bülow framleitt það sem af er árinu.

> **Við hefðum getað selt lakkrísinn okkar í öllum stóru verslunarmiðstöðvunum í Evrópu en við höfum ekki farið þá leið.**

# Gefa út barnabók fyrir fullorðna

Hljómsveitin Per: Segulsvið hefur gefið út sína fyrstu ritsmíð, Smiður finnur lúður.

„Upphaflega átti þetta að vera barnabók en síðar fannst okkur vanta smá í hana, þá gerðum við textann aðeins sérkennilegri og glæsilegri,“ segir Sveinn Haukur Magnússon, meðlimur hljómsveitarinnar Per: Segulsvið.

Hún hefur gefið út sína fyrstu ritsmíð, bókina Smiður finnur lúður. „Þetta er kannski ekki barnabók í hefðbundnum skilningi og ekki heldur hefðbundin fullorðinsbók, hún er þarna á jaðrinum. Við köllum þetta Tækifærisbók – bók sem fínt er að grípa með og gefa einhverjum ef þú veist ekki hvað á að gefa honum.“

Hljómsveitin fjármagnaði prentun bókarinnar í gegnum vefsíðuna Karolina Fund og gekk það mætavel. „Það er verkaskipting í Per: Segulsvið – Sveinn skrifar textann, Árni Þór Árnason sér um myndlistina og ég sem tónlistina,“ segir Ólafur Josephsson, annar meðlimur sveitarinnar en allir þrír meðlimirnir tóku þátt í hugmyndavinnunni í kringum bókina. „Textinn í henni er svolítið súrrealískur en hann virkar á bæði krakka og fullorðna. Þessir tveir aldurshópar mundu örugglega finna hvor sinn húmorinn í þessu þó.“

- þij



**PER: SEGULSVIÐ** Það er verkaskipting í hljómsveitinni. MYND/BIRGIR BREIÐFJÖRÐ

> **Þetta er kannski ekki barnabók í hefðbundnum skilningi og ekki heldur hefðbundin fullorðinsbók.**

# Einstakur samhugur á jólahátíð fatlaðra

Jólahátíð fatlaðra fer fram á Hilton-hóteli í 32. sinn.

Jólahátíð fatlaðra fer fram á Hilton Reykjavík Nordica á annað kvöld. Þetta er í 32. sinn sem André Bachmann stendur fyrir hátíðinni en yfir 1.400 manns sóttu hátíðina í fyrra.

Hátíðin er fyrir löngu orðin ómissandi þáttur í jólaundirbúningi fatlaðs fólks og aðstandenda þeirra. Aðgangur er ókeypis. Að vanda gefur fjöldi listafólks vinnu sína á hátíðinni og komast þar færri að en vilja, enda er hátíðin orðlögð fyrir þann einstaka og einlæga samhug sem þar ríkir, eða eins og einn tónlistarmaður hafði á orði eftir síðustu hátíð: „Ég hef aldrei kynnst annarri eins stemningu og þakklæti á nokkrum tónleikum sem ég hef verið á síðustu 25 ár.“

Fram koma að þessu sinni: Heiða Ólafs, Laddi, Hreimur, Gummi Jóns og Vestanáttin, Lögin úr teiknimyndunum, Ingó Veðurguð, Skítamórall ásamt André Bachmann og hljómsveitinni Mjallhvíti.



**HEIÐA ÓLAFSDÓTTIR** Á meðal þeirra sem koma fram annað kvöld eru Heiða Ólafsdóttir, Laddi og Hreimur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skólahljómsveit Árbæjar- og Breiðholts undir stjórn Snorra Heimissonar leikur í anddyri frá 19.15. Kynnir sem fyrr er Sigmundur Ernir Rúnarsson, skáld og rithöfundur. Heiðursgestur er forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson. Skemmtunin stendur frá kl. 20.00 til 21.30.










*Gildir ekki af Viva Glam
né jólalínu frá MAC

Finndu okkur á facebook

*Gerðu lífið skemmtilegra*

Opið í dag frá kl. 11:00 - 19:00

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

SAMBÍÓIN












SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BEGIN AGAIN | KL. 8 - 10:20 | 7 |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 8 | 12 |
| MÖRGÆSIRNAR FRÁ MADAGASCAR ÍSL TAL 2D: | KL. 5:50 | L |
| MÖRGÆSIRNAR FRÁ MADAGASCAR ÍSL TAL 3D: | KL. 6 | L |
| DUMB AND DUMBER TO | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| INTERSTELLAR | KL. 5:40 - 8:20 - 9:30 | 12 |
| INTERSTELLAR VIP | KL. 5 - 8:30 | VIP |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 | L |
| JOHN WICK | KL. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| BEGIN AGAIN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| INTERSTELLAR | KL. 6:30 - 8 - 10 | 12 |
| MÖRGÆSIRNAR FRÁ MADAGASCAR ÍSL TAL 2D: | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| BEGIN AGAIN | KL. 10:20 | 7 |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| VIKINGO | KL. 6 | 12 |
| THE RAILWAY MAN | KL. 8 | 16 |
| INTERSTELLAR | KL. 5:30 - 9 | 12 |
| AFINN | KL. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BEGIN AGAIN | KL. 10:20 | 7 |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 10:30 | 12 |
| THE HUNGER GAMES | KL. 8 | 12 |
| DUMB AND DUMBER TO | KL. 8 | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BEGIN AGAIN | KL. 10:20 | 7 |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 8 | 12 |
| THE RAILWAY MAN | KL. 5:40 | 16 |
| INTERSTELLAR | KL. 8:30 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 6 | L |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ







SMÁRABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| MOCKINGJAY – PART 1 | KL 5 – 8 – 9 – 10.45 | 12 |
| MOCKINGJAY – PART 1 LÚXUS | KL 5 – 8 – 10.45 | 12 |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL 3.15 – 5.30 | L |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 3D | KL 3.15 – 5.30 | L |
| MÖRGÆSIR ENSKT TAL 3D | KL 8 | L |
| DUMB AND DUMBER TO | KL 3.30 – 6 – 8 – 10.30 | 7 |
| GONE GIRL | KL 10.15 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| MOCKINGJAY– PART 1 | KL 6 – 9 – 10.30 | 12 |
| DUMB AND DUMBER TO | KL 5.30 – 8 – 10.30 | 7 |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL 5.30 | L |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 3D | KL 5.30 | L |
| NIGHTCRAWLER | KL 8 – 10.30 | 16 |
| ST. VINCENT | KL 8 | 12 |

LAUGARÁS BÍÓ — ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI







LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES: MOCKINGJAY | 5, 7, 10(P) | 12 |
| MÖRGÆSIRNAR 2D | 5 | L |
| DUMB & DUMBER TO | 5:30, 8, 10:20 | 7 |
| NIGHTCRAWLER | 8, 10:30 | 16 |




**RAPPKÓNGAR** Drake og Diddy þegar allt lék í lyndi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Diddy & Drake í slagsmálum

Röppurunum Sean „Diddy“ Combs og Drake lenti saman fyrir utan næturklúbb í Miami á Art Basel-listahátíðinni á sunnudagsnótt. Endaði það með því að Drake fór á spítala eftir að hafa slasað sig í öxlinni.

Ekki liggur nákvæmlega fyrir hver ástæðan var fyrir útistöðunum en samkvæmt grein slúðursíðunnar Page Six lenti þeim saman eftir að hafa rifist um höfundarréttinn á einhverju ákveðnu lagi. Heimildir Daily News segja hins vegar að Diddy hafi kýlt Drake í andlitið fyrir að misbjóða kærustu sinni, Cassie.

„Drake og Diddy fóru að rífast fyrir utan klúbbinn og lentu í slagsmálum,“ segir eitt vitnið í grein slúðursíðunnar Page Six en afmælisveisla tónlistarmannsins DJ Khaled var í fullu fjöri inni í klúbbnum þegar þetta á að hafa gerst. - þij



**PEGAR ALLT LÉK Í LYNDI** Kate Hudson og Matt Bellamy eru búin að slíta trúlofun sinni.

# Hudson byrjuð með Hough

Leikkonan Kate Hudson og Muse-rokkarinn Matt Bellamy eru búin að slíta trúlofun sinni. Kate er byrjuð með dansaranum Derek Hough ef marka má heimildir tímaritsins Us Weekly.

Hudson og Bellamy byrjuðu saman árið 2010 og trúlofuðu sig í apríl ári síðar. Þau eiga saman soninn Bingham Hawn Bellamy, þriggja ára.

Heimildarmenn Us Weekly segja að Hudson og Hough hafi eytt tíma saman á veitingastaðnum Nice Guy í Los Angeles um síðustu helgi. Létu þau vel hvort að öðru, drukku, borðuðu góðan mat og voru á veitingastaðnum eftir að honum var lokað.

# Jól hinna eldföstu móta

**BAKÞANKAR**
Viktoríu Hermannsdóttur



Jólin þegar ég var átján ára eru mér alltaf sérlega minnisstæð. Ég var nýflutt að heiman ásamt þáverandi kærasta og fannst ég vera orðin fullorðin að mörgu leyti.

**LITLA** kjallaraíbúðin sem við bjuggum í þjónaði aðallega þeim tilgangi að vera góður partístaður fyrir okkur vinina þar sem enginn úr vinahópnum var fluttur að heiman nema ég. Enda enn þá öll börn og börn eiga ekki að flytja að heiman heldur búa í foreldrahúsum eins lengi og þau geta.

**Á JÓLUNUM** var ég hjá foreldrum mínum og beið spennt eftir uppáhaldinu mínu: pökkunum.

**ÚR** fyrsta pakkanum komu eldhúsáhöld. Ekki var það nú spennandi gjöf. Næsti pakki hlyti að bjóða upp á eitthvað betra. Ég opnaði fagurlega innpakkaða gjöfina. Undir rauðum pappírnum leyndist eldfast mót. Hvað er þetta? hugsaði ég með mér. Til hvers notar maður þetta?

**NÆSTU** pakkar hlytu að vera eitthvað meira spennandi. Sú varð ekki raunin. Í næsta pakka var líka eldfast mót. Og í þeim fjórða líka. Ég var átján ára og hafði fengið þrjú eldföst mót í jólagjöf. Ég lagði varla í að opna fleiri pakka. Hvar voru skemmtilegu gjafirnar?

**ÉG TÓK** mér stutt hlé frá pökkunum. Var ég virkilega komin á þann stað í lífinu að ég fengi bara eldhúsvörur í jólagjöf? Ég sem kunni ekki einu sinni að elda. Vissulega voru gjafirnar fyrsta heims vandamál með tilliti til þess að margir hefðu það mun verra en ég um jólin. Ég var hins vegar ekki þroskaðri en þá að þetta skemmdi pakkagleðina og það breyttist eitthvað innra með mér. Ég var engan veginn tilbúin til þess að fá eldföst mót í jólagjöf.

**NOKKRUM** mánuðum eftir jól hættum við kærastinn saman og ég flutti aftur heim. Jólin á eftir bjó ég hjá mömmu og pabba og fékk engin eldhúsáhöld í jólagjöf það árið. Það myndi hins vegar ekki eyðileggja jólin fyrir mér núna, níu árum seinna, enda gjafirnar hættar að vera aðalmálið.



**ORRI FINN** Flétta er þriðja skartgripalína Helgu og Orra en línan verður kynnt í útgáfuhófi á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fíngerðar fléttur úr óstýrilátum málmum

## Skartgripalína frá Orra Finn kynnt með ljósmyndum frá Sögu Sig á morgun.

Parið Helga Gvuðrún Friðriksdóttir og Orri Finnbogason hanna skartgripi undir nafninu Orri Finn.

Á morgun verður útgáfuhóf þriðju skartgripalínu þeirra, Fléttu. „Við erum búin að vera að vinna með fléttuformið frekar lengi og gerðum meðal annars fléttaða höfuðkúpu,“ segir Helga. Höfuðkúpan er samsett úr mörgum litlum málmfléttum og er til sýnis í Hönnunarsafni Íslands.

Í útgáfuhófinu verður samnefnd ljósmyndasería Sögu Sig ljósmyndara sýnd. „Við ákváðum að gera eitthvað skemmtilegt og meira fyrir útgáfuna, þannig að við töluðum við Sögu Sig sem var ótrúlega jákvæð og áhugasöm. Hún er búin að taka fallega ljósmyndaseríu sem verður frumsýnd úti á Granda á fimmtudagskvöldið,“ segir Helga. Hún og Orri hafa reynt að fara óhefðbundnar leiðir í útgáfu á skartgripalínum sínum.

„Maður er vanur því að fléttur séu úr hári, sem er auðvitað mjúkt efni og frekar viðráðanlegt. Við erum að vinna með málma, flétta þá og finna út hvernig maður á að láta málm lúta sömu lögmálum og hár.“ Helga segir fléttur að mörgu leyti táknrænar. „Allir tengja á einhvern hátt við þetta form og þekkja það. Það kannast allir við að hafa fléttað vinabönd sem eru tákn um gjafmildi og vináttu.“ Ferlið tók langan tíma en Helga segir vinnuna á bak við línuna hafa verið skemmtilega og óvenjulega. „Þetta var frekar flókið fyrst, þegar maður var að átta sig á hvernig maður á að ná að flétta hart efni sem lætur illa að stjórn og vill bara standa út í loftið.“

Á endanum tókst Helgu og Orra að finna leið til þess að gera fíngerðar fléttur úr óstýrilátum málminum. „Þetta er í fyrsta skipti sem við setjum demanta í hringa, en Orri er sérhæfður í demantsísetningu.“ Línan samanstendur af eyrnalokkum, armböndum, hálsmenum og hringum með demöntum.

> **Allir tengja á einhvern hátt við þetta form og þekkja það. Það kannast allir við að hafa fléttað vinabönd sem eru tákn um gjafmildi og vináttu.**

„Við ætlum að freista þess að fá höfuðkúpuna lánaða frá sýningunni á Hönnunarsafninu. Hún er fyrsta afurðin úr þessu fléttuævintýri okkar. Þetta verður vonandi svona allsherjar fléttuuppskera,“ segir Helga hlæjandi. Útgáfuhóf Fléttu verður að Grandagarði 33 á morgun og hefst klukkan átta.

gydaloa@frettabladid.is





BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

| | |
|---|---|
| Clouds og Sils Maria | 17.30 |
| Whiplash | 17.45, 20.00 |
| 20.000 days on Earth | 18.00, 22.00 |
| Hross í Oss Eng Sub | 20.00 |
| Turist | 22.15 |
| White God | 22.15 |




Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á nægum svefni

ENN MEIRA

# JÓLA FJÖR

## 25-50% AFSLÁTTUR AF JÓLAVÖRUM

Gildir 10.-14. desember

VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ

VIÐ ERUM Í JÓLASKAPI

**BYKO**
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



25% afsláttur af glösum



25% afsláttur af pottum og pönnum



25% afsláttur af lömpum og skermum



20% afsláttur af smáraftækjum



LIFANDI JÓLATRÉ
Timbursala Breidd, Granda og Selfossi

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð.
Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

Allt sem þarf til að gera jólin að þínum

14 DAGAR TIL JÓLA!

## Eiður má spila um helgina



**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen fékk keppnisleyfi með enska B-deildarliðinu Bolton í gær og má spila með liðinu þegar það tekur á móti Ipswich á laugardaginn. Sá leikur mun væntanlega marka endurkomu Eiðs til Bolton eftir fjórtán ára fjarveru, en leikurinn verður sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 3.

Eiður var kynntur fyrir fjölmiðlum á blaðamannafundi Bolton í gær þar sem hann fagnaði því mikið að vera kominn aftur „heim“ ef svo má segja.

„Það er frábært að vera kominn aftur. Þetta er svolítið eins og ferðast aftur í tímann, en ég finn enn sama vinalega andrúmsloftið sem ég mundi eftir,“ sagði Eiður Smári.

Hann kveðst spenntur fyrir því að byrja að spila með Bolton og vill hann klífa upp töfluna með liðinu.

„Það er mikið af fótbolta eftir og ég get ekki beðið eftir því að byrja. Ég verð hérna til loka tímabilsins og það er möguleiki á að vera lengur. Ég er bara staðráðinn í að njóta verunnar og sýna hvað ég get.“

## Atli og Sigrún Ella með flestar stoðsendingar

**FÓTBOLTI** Bókin Íslensk knattspyrna, árbók fótboltans á Íslandi, kom út í 34. sinn í gær, en að vanda er það Víðir Sigurðsson, blaðamaður á Morgunblaðinu, sem ritar.

Við sama tilefni veitti Bókaútgáfan Tindur verðlaun fyrir flestar stoðsendingar í deildinni eins og hefur tíðkast undanfarin ár.

Atli Guðnason, framherji FH, og Sigrún Ella Einarsdóttir, leikmaður Stjörnunnar, voru stoðsendingakóngur og -drottning Pepsi-deildanna í ár. Bæði lögðu upp ellefu mörk fyrir samherja sína.

Ólafur Páll Snorrason, leikmaður FH, og Ragnar Leósson, leikmaður Fjölnis, voru í öðru og þriðja sæti hjá körlunum og þær Shaneka Gordon og Harpa Þorsteinsdóttir í öðru og þriðja sæti í Pepsi-deild kvenna. Þetta er í annað sinn á þremur árum sem Atli á flestar stoðsendingar en Sigrún Ella var í þriðja sæti í fyrra.

Bókaútgáfan Tindur veitti jafnframt árleg heiðursverðlaun sín og þau hlaut að þessu sinni Leiknir í Reykjavík fyrir frábæran árangur liðsins sem varð sigurvegari í 1. deild karla. - tom



**FYRIRGJAFIR** Atli Guðnason og Sigrún Ella Einarsdóttir gáfu flestar fyrirgjafir í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## ÚRSLIT

### MEISTARADEILD EVRÓPU

**A-RIÐILL**

**OLYMPIACOS - MALMÖ 4-2**
1-0 David Fuster (22.), 1-1 Simon Kroon (58.), 2-1 Alejandro Dominguez (63.), 2-2 Markus Rosenberg (81.), 3-2 Kostas Mitroglou (87.), 4-2 Ibrahim Affelay (90.).

**JUVENTUS - ATLÉTICO 0-0**
**Lokastaðan:** Atlético 13, Juventus 10, Olympiacos 9, Malmö 3.

**B-RIÐILL**

**LIVERPOOL - BASEL 1-1**
0-1 Fabian Frei (25.), 1-1 Steven Gerrard (81.)

Rautt **spjald:** Lazar Markovic, Liverpool (60.).

**REAL MADRID - LUDOGORETS 4-0**
1-0 Cristiano Ronaldo (20., víti.), 2-0 Gareth Bale (38.), 3-0 Alvaro Arbeloa (80.), 4-0 Alvaro Medran (88.).

Rautt spjald: Marcelinho, Ludogorets (20.)

**Lokastaðan:** Real Madrid 18, Basel 7, Liverpool 5, Ludogorets 4.

**C-RIÐILL**

**MONACO - ZENIT 2-0**
1-0 Aymen Abdennour (63.), 2-0 Fabinho (89.).

**BENFICA - LEVERKUSEN 0-0**
**Lokastaðan:** Monaco 11, Leverkusen 10, Zenit 7,Benfica 5.

**D-RIÐILL**

**GALATASARAY - ARSENAL 1-4**
0-1 Lukas Podolski (3.), 0-2 Aaron Ramsey (11.), 0-3 Aaron Ramsey (29.), 1-3 Wesley Sneijder (88.), Lukas Podolski (90.).

**DORTMUND - ANDERLECHT 1-1**
1-0 Ciro Immobile (58.), 1-1 Aleksandar Mitrovic (84.).
**Lokastaðan:** Dortmund 13, Arsenal 13, Anderlecht 6, Galatasaray 1.

### POWERADE-BIKAR KARLA

**VALUR - SNÆFELL 69-80**
**Stigahæstir hjá Val:** Danero Thomas 22/11 fráköst, Illugi Auðunsson 13/16 fráköst/4 varin skot, Bjarni Geir Gunnarsson 8.

**Stigahæstir hjá Snæfelli:** Christopher Woods 30/16 fráköst, Sigurður Á. Þorvaldsson 15/9 fráköst, Stefán Karel Torfason 14/12 fráköst.

### COCA COLA-BIKAR KARLA

**HK - STJARNAN 25-38**
**HK - Mörk (skot):** Guðni Már Kristinsson 7/4 (10/4), Valdimar Sigurðsson 5, Leó Snær Pétursson 4 (6), Þorgrímur Smári Ólafsson 4 (8), Daði Laxdal Gautason 3 (8), Andri Þór Helgason 1 (2), Aron Gauti Óskarsson 1 (3), Pálmi Fannar Sigurðsson (1), Garðar Svansson (3).

**Stjarnan - Mörk (skot):** Andri Hjartar Grétarsson 7 (8), Ari Magnús Þorgeirsson 7, Starri Friðriksson 6/1 (8/1), Egill Magnússon 6, Víglundur Jarl Þórsson 4 (4), Gunnar Harðarsson 2, Hilmar Pálsson 2 (2), Eyþór Magnússon 2 (4), Þórir Ólafsson 1/1 (1/1), Hrannar Bragi Eyjólfsson 1.

**FJÖLNIR - AKUREYRI 24-31**
**Mörk Fjölnis:** Kristján Örn Kristjánsson 10, Breki Dagsson 5, Bergur Snrorason 4, Brynjar Loftsson 3, Bjarni Ólafsson 1, Björgvin Páll Rúnarsson 1.

**Mörk Akureyrar:** Kristján Orri Jóhannsson 10, Heiðar Þór Aðalsteinsson 8, Daníel Örn Einarsson 4, Halldór Logi Árnason 3, Þrándur Gíslason 2, Heimir Örn Árnason 2, Bergvin Þór Gíslason 2.

**KR - VALUR 23-31**




# Spila gegn NBA-stjörnum

Ísland mætir fimm sterkum liðum á Evrópumeistaramótinu í körfubolta. Allir andstæðingar Íslands í riðlinum eiga fulltrúa í NBA-deildinni og reiknar Teitur Örlygsson með því að flestir þeirra verði með í haust.

**KÖRFUBOLTI** Þegar ljóst varð að Ísland yrði í B-riðli með hverri stórþjóðinni á fætur annarri á EM í körfubolta næsta haust fór um marga stuðningsmenn íslenska landsliðsins. Það var ljóst að verkefnið hefði varla getað verið erfiðara fyrir strákana okkar sem þreyta frumraun sína á stórmóti í körfubolta í Berlín í septembermánuði næstkomandi.

Teitur Örlygsson, fyrrverandi landsliðsmaður og núverandi aðstoðarþjálfari Njarðvíkur, fylgdist eins og margir aðrir gríðarlega spenntur með drættinum í fyrradag og honum leist vel á útkomuna.

„Mér finnst þetta hálfgerður draumur,“ segir Teitur. „Draumur fyrir kannski alla aðra en leikmenn íslenska landsliðsins enda varla raunhæft að ætlast til þess að liðið fari langt í þessari keppni. Vonandi eiga þeir eftir að valda hinum liðunum einhverjum vandræðum en fyrst og fremst eiga þeir að njóta þess að spila gegn þessum köllum. Það verður hápunktur ferilsins hjá öllum þessum strákum sem fá að taka þátt í þessu,“ segir Teitur.

Eins og sjá má á úttektinni hér til hliðar eiga öll liðin sem eru með Íslandi í riðli minnst einn leikmann í NBA-deildinni, líkt og Snorri Örn Arnaldsson körfuboltaþjálfari benti á skömmu eftir dráttinn. Spánverjar, sem Teitur segir að séu fyrirfram með sterkasta lið riðilsins, eiga sjö.

„Þetta eru langflestir NBA-leikmenn sem eru að byrja inn á hjá sínum liðum. Þetta eru engir aukvisar og ég á von á að sviðsljósið í keppninni verði fyrst og fremst á þessum riðli,“ segir Teitur. „Svo verða Þjóðverjar á heimavelli og vonandi að þeir fái að njóta krafta þeirra Dirk Nowitzky og Chris Kaman í mótinu. Mér finnst líklegt að fyrst Þjóðverjar verða á heimavelli að þeir reyni að koma saman sínu allra sterkasta liði.“

Evrópskir leikmenn í NBA-deildinni hafa ekki alltaf getað gefið kost á sér þegar lönd þeirra keppa á Evrópumeistaramóti en Teitur telur að stemningin fyrir þessari keppni sé slík að það sé vilji hjá langflestum þeirra til að taka þátt. „Sérstaklega í þessum riðli. Hann er það sterkur að öll lið vilja mæta til leiks með sína allra bestu leikmenn.“

Evrópumeistaramótið í körfubolta hefst þann 5. nóvember og stendur yfir í fimmtán daga. Fjögur lið úr hverjum riðli komast áfram í 16-liða úrslitin í keppninni.

eirikur@frettabladid.is



**FRÁBÆRIR** Gasol-bræðurnir fara fyrir ógnarsterku liði Spánverja. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

### Spánn

**Pau Gasol**: Miðherji/kraftframherji, Chicago Bulls, 213 cm. Meðaltal: 20,1 stig – 11,9 frák. – 2,1 stoðs. – 36 mín.

**Jose Calderon:** Leikstjórnandi, New York Knicks, 188 cm. Meðtal: 8,9 stig – 3,2 frák. – 3,8 stoðs – 27,9 mínútur.

**Victor Claver:** Framherji, Portland Trail Blazers, 206 cm. Meðaltal: 2,2 stig – 1,9 frák. – 0,6 stoðs – 8,8 mín.

**Marc Gasol**: Miðherji, Memphis Grizzlies, 216 cm. Meðaltal: 19 stig – 8,1 frák. – 3,7 stoðs. – 34,4 mín.

**Serge Ibaka:** Miðherji/kraftframherji, Oklahoma City Thunder, 208 cm. Meðaltal: 15,3 stig – 7,7 frák. – 1 stoðs –33,1 mín.

**Nikola Mirotic:** Kraftframherji, Chicago Bulls, 208 cm. Meðaltal: 6,9 stig – 5,1 frák. – 1,2 stoðs –17,5 mín.

**Ricky Rubio:** Leikstjórnandi, Minnesota Timberwolves, 193 cm. Meðaltal: 9,4 stig – 5,6 frák. – 10 stoðs –28,9 mín.

### Tyrkland



**Omer Asik:** Miðjherji, New Orleans Pelicans, 213 cm. **Meðaltal**: 7,9 stig – 10,5 frák. – 1,1 stoðs. – 27,4 mín.

**Ersan Ilyasova:** Kraftframherji, Milwaukee Bucks, 208 cm. **Meðaltal**: 10,1 stig – 3,8 frák. – 0,9 stoðs. –18,6 mín.

**Enes Kanter:** Miðherji, Utah Jazz, 211 cm. **Meðaltal**: 13,7 stig – 6,7 frák. – 0,7 stoðs –25,6 mín.

### Þýskaland



**Dirk Nowitzki**: Kraftframherji, Dallas Mavericks, 213 cm. Meðaltal: 19,2 stig – 5,6 frák. – 2,3 stoðs. – 29,3 mín.

**Chris Kaman:** Miðherji, Portland Trail Blazers, 213 cm. Meðtal: 10,3 stig – 6,7 frák. – 0,8 stoðs – 19,0 mín.

**Dennis Schröder**: Leikstjórnandi, Atlanta Hawks, 185 cm. Meðaltal: 9,2 stig – 1,8 frák. – 2,9 stoðs –17,1 mín.

### Ítalía



**Andrea Bargnani**: Miðherji/kraftframherji, New York Knicks, 213 cm. Meðaltal: 13,3 stig – 5,3 frák. – 1,1 stoðs. – 29,9 mín.

**Marco Belinelli:** Bakvörður, San Antonio Spurs, 196 cm. Meðtal: 6,9 stig – 2,3 frák. – 1,6 stoðs – 17,1 mínútur.

**Gigi Datome:** Lítill framherji, Detroit Pitsons, 203 cm. Meðaltal: 7 stig – 1 frák. – 1 stoðs –12,0 mín.

**Danilo Gallinari:** Lítill framherji, Denver Nuggets, 208 cm. Meðaltal: 6,7 stig – 3 frák. – 1 stoðs –17,8 mín.

### Serbía



**Ognjen Kuzmić**: Miðherji, Golden State Warriors, 213 cm. Meðaltal: 0,3 stig – 1,4 frák. – 0 stoðs. – 4,6 mín.

# Þurfa að klára erfitt verkefni án Aguero

Manchester City þarf að skella Roma á Ítalíu í kvöld ef liðið ætlar sér að komast áfram í Meistaradeildinni.

**FÓTBOLTI** Riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu lýkur í kvöld. Stórlið Man. City á það á hættu að falla úr keppni í kvöld.

City þarf að leggja Roma að velli á Ítalíu og vonast til þess að Bayern afgreiði CSKA Moskvu snyrtilega á Allianz Arena. Bayern er búið að vinna riðilinn en City, Roma og CSKA eiga öll möguleika á því að fá farseðil í sextán liða úrslit.

Það verður því gríðarleg spenna í þessum leikjum. Það sem meira er þá á Man. City ekki einu sinni möguleika á sæti í Evrópudeildinni ef liðinu bregst bogalistin á Ítalíu.

Til þess að gera verkefnið enn erfiðara fyrir City þá verður liðið án síns besta manns, Sergio Aguero, en hann er meiddur.

„Þessi riðill er búinn að vera skrautlegur og það er allt undir hjá báðum liðum. Þess vegna ætti þetta að geta orðið frábær leikur,“ segir Pablo Zabaleta, leikmaður Man. City. „Við erum með liðið til þess að klára þennan leik. Markmið okkar var alltaf að fara áfram og það hefur ekkert breyst. Sjálfstraust leikmanna er hátt um þessar mundir og því ekkert til fyrirstöðu að við mætum með höfuðið hátt í þennan leik og klárum verkefnið.“

Það er líka spenna fyrir stórleik Barcelona og PSG. Bæði lið eru komin áfram en berjast um efsta sæti riðilsins. Það er dýrmætt að ná toppsætinu eins og sýndi sig í sextán liða úrslitunum í fyrra er öll liðin sem unnu sína riðla fóru áfram í átta liða úrslit. - hbg



**MEIDDUR** Aguero haltrar af velli um síðustu helgi. Man. City þarf að finna lausnir til þess að klára leikinn gegn Roma án hans. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

### MEISTARADEILDIN

LEIKIR KVÖLDSINS:

**E-riðill:**
Roma - Man. City *Sport & HD*
Bayern - CSKA Moskva
**Staðan**: Bayern 12 stig, Roma 5, CSKA 5, Man. City 5.

**F-riðill:**
Ajax - APOEL
Barcelona - PSG *Sport 3*
**Staðan**: PSG 13 stig, Barcelona 12, Ajax, 2, APOEL 1.

**G-riðill:**
Chelsea - Sporting *Sport 4*
Maribor - Schalke
**Staðan**: Chelsea 11 stig, Sporting 7, Schalke 5, Maribor 3.

**H-riðill:**
Athletic - BATE
Porto - Shaktar
**Staðan**: Porto 13 stig, Shaktar 8, Athletic 4, BATE 3.




The Power to Surprise

# Magnaður **sálufélagi**

Við kynnum Kia Soul, magnaðan nýjan sálufélaga. Hann fæst bæði sem raf- og dísilbíll og hefur ótal spennandi eiginleika. Þú situr hátt í honum, hann er afar rúmgóður og rafbílinn er einn langdrægnasti bíll í sínum flokki. Kia Soul hefur þegar unnið til fjölda verðlauna, m.a. sem besti borgarbíllinn á cars.com.

**Komdu á stefnumót með mögnuðum sálufélaga. Við tökum vel á móti þér.**

Verð frá **3.890.777** kr.

Kia Soul — dísilbíll

Einnig fáanlegur sem rafbíll á **4.750.777** kr.
í **Kia Soul EV Luxury** útgáfu.

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Brandenburg

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20.20
**Heimsókn**

Sindri Sindrason kíkir í heimsókn hjá íslenskum fagurkerum, bæði hér heima og erlendis.





### Jamie's Best Ever Christma

**STÖÐ 2 KL. 19.25** Jamie Oliver ætlar að kynna fyrir okkur allar sínar eftirlætis uppskriftir af jóla- og hátíðarmat. Hér er notaleg stemmingin í fyrirrúmi eins og venjulega og hann fer sínar eigin leiðir í eldhúsinu.



### Modern Family

**GULL KL. 19.20** Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum alltof vel.



### Bones

**STÖÐ 2 KL. 21.35** Níunda röðin af þessum stórskemmtilegu þáttum þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan vinnur náið með rannsóknarlögreglumanninum Seeley Booth sem kunnugt er.

### Bylgjan kl. 16.00
**Reykjavík síðdegis**

Málefni líðandi stundar á Íslandi. Þorgeir, Kristófer og Bragi í Reykjavík síðdegis fram að kvöldfréttum.








## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2s
**08.05** Wonder Years
**08.30** I Hate My Teenage Daughter
**08.55** Mindy Project
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** Spurningabomban
**11.00** Mad Men
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Gatan mín
**13.25** Dallas
**14.10** Fairly Legal
**14.55** The Goldbergs
**15.15** Victorious
**15.40** Grallararnir
**16.05** Hello Ladies
**16.35** New Girl
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** The Simpsons
**18.10** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu Bestu vinir barnanna, þær Skoppa og Skrítla, opna nýjan glugga í nýju jóladagatali á hverjum degi frá og með 1. desember og fram að jólum á Stöð 2.
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.16** Veður
**19.25** Jamie's Best Ever Christmas
**20.20** Heimsókn
**20.45** Forever
**21.35** Bones
**22.25** Getting on
**22.55** NCIS
**23.40** Person of Interest
**00.25** Tomorrow When the War Began
**02.10** La Delicatesse
**03.55** Largo Winch
**05.40** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**07.00** Meistarad. - Meistaramörk
**07.45** Meistarad. - Meistaramörk
**08.30** Meistarad. - Meistaramörk
**11.25** Juventus - Atletico Madrid
**13.05** Galatasaray - Arsenal
**14.45** Liverpool - Basel
**16.25** Meistarad. - Meistaramörk
**17.10** Þýsku mörkin
**17.40** Flensburg - Fuchse Berl. BEINT
**19.10** Meistaradeildin - upphitun
**19.30** Roma - Man. City BEINT
**21.45** Meistarad. - Meistaramörk
**22.30** Barcelona - PSG
**00.20** Chelsea - Sporting

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.00** Aston Villa - Leicester
**13.45** Football League Show
**14.15** Tottenham - Crystal Palace .
**15.55** Messan
**17.20** Stoke - Arsenal
**19.00** Premier League Review
**19.55** Man. City - Everton
**21.40** Liverpool - Southampton
**23.20** West Ham - Swansea

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur og tækni **21.00** ABC barnahjálp **21.30** Frá Haga í maga

## STÖÐ 3

**18.15** Last Man Standing
**18.40** Are You There, Chelsea?
**19.00** Hart of Dixie
**19.45** Save With Jamie
**20.30** Baby Daddy
**20.55** The Gates
**21.40** Flash
**22.25** Arrow
**23.05** Wilfred
**23.30** Originals
**00.15** Supernatural
**01.00** Hart of Dixie
**01.45** Save With Jamie
**02.30** Baby Daddy
**02.55** The Gates
**03.40** Flash
**04.20** Arrow
**05.05** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.45** Elías **07.55** UKI **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.22** Kalli á þakinu **08.47** Ævintýraferðin **09.00** Ljóti andarunginn og ég **09.25** Latibær **09.47** Tommi og Jenni **09.54** Tommi og Jenni **10.00** Könnuðurinn Dóra **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.45** Elías **11.55** UKI **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.22** Kalli á þakinu **12.47** Ævintýraferðin **13.00** Ljóti andarunginn og ég **13.25** Latibær **13.47** Tommi og Jenni **13.53** Tommi og Jenni **14.00** Könnuðurinn Dóra **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.45** Elías **15.55** UKI **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.22** Kalli á þakinu **16.47** Ævintýraferðin **17.00** Ljóti andarunginn og ég **17.25** Latibær **17.47** Tommi og Jenni **17.53** Tommi og Jenni **18.00** Könnuðurinn Dóra **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **19.10** Skoppa og Skrítla í bíó **20.10** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.00** Strákarnir
**18.30** Friends
**18.55** 2 Broke Girls
**19.20** Modern Family
**19.45** Two and a Half Men
**20.10** Heimsókn
**20.30** Eitthvað annað
**21.00** The Americans
**21.50** Chuck
**22.35** Cold Case
**23.20** E.R.
**00.05** The Untold History of the United States
**01.05** Heimsókn
**01.25** Eitthvað annað
**01.55** The Americans
**02.40** Chuck
**03.25** Cold Case
**04.10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**12.15** Another Cinderella Story
**13.45** Underground: The Julian Assange Story
**15.20** Austenland
**17.00** Another Cinderella Story
**18.35** Underground: The Julian Assange Story
**20.15** Austenland
**22.00** Season of the Witch
**23.35** Dark Tide
**01.30** The Eagle
**03.25** Season of the Witch

## RÚV

**15.55** Lottóhópurinn
**16.48** Disneystundin
**16.49** Finnbogi og Felix
**17.11** Sígildar teiknimyndir
**17.18** Herkúles
**17.40** Jesús og Jósefína Danskt jóladagatal.
**17.59** Jólastundakorn
**18.05** Táknmálsfréttir
**18.15** Nigellissima
**18.45** Geðveik jól – Upprifjun Eitt af þeim átta lögum sem keppa um titilinn „geðveikasta jólalagið 2014“. Almenningur getur valið uppáhaldslag sitt og lagt góðu málefni lið.
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.20** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.00** Neyðarvaktin
**20.45** Hæpið #hæpið #gæði
**21.15** Kiljan
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Berlínarmúrinn – Saga klofinnar borgar Heimildarþáttur frá 2011 um Berlínarmúrinn, gerð í tilefni þess að 50 ár eru liðin frá byggingu hans. Múrinn skipti höfuðborg Þýskalands. Áhrifamikill vitnisburður um einn af merkilegri viðburðunum í mannkynssögunni á 20. öld.
**23.15** Höllin
**00.15** Kastljós
**00.35** Fréttir
**00.50** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**15.35** Jane the Virgin
**16.15** An Idiot Abroad
**17.00** Parks & Recreation
**17.25** Growing Up Fisher
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** 30 Rock
**20.10** Survivor
**21.00** Madam Secretary
**21.45** Unforgettable
**22.30** The Tonight Show
**23.15** Scandal
**00.00** How to Get Away With Murder
**00.45** Madam Secretary
**01.30** Unforgettable
**02.15** The Tonight Show
**03.05** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08:00** PGA Tour 2014
**13:00** Golfing World 2014
**13:50** PGA Tour 2014
**18:00** Golfing World 2014
**18:50** PGA Tour Latinoamerica
**19:15** PGA Tour 2014 - Highlights
**20:10** Samsung Unglingaeinvígið 2014
**20:40** FedExCup Playoffs Official Film
**21:30** PGA Tour Latinoamerica
**21:55** Golfing World 2014
**22:45** PGA Tour Latinoamerica
**23:10** Golfing World 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


LANGAR ÞIG TIL
ORLANDO
NÓA Konfekt
800 g
KAUPTU 800 G ÖSKJU
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ
FERÐ FYRIR 4*
Merktu kassakvittunina og sendu hana til Nóa Síríus, Hesthálsi 2-4, 110 Reykjavík
eða taktu mynd af kvittuninni og sendu á konfektleikur@noi.is.
*Fjórir vinna ferð fyrir 2 fullorðna og 2 börn.
ÁRNASYNIR
DREGIÐ ALLA SUNNUDAGA Á AÐVENTUNNI
30. nóvember: ORLANDO FERÐ FYRIR 4
7. desember: ORLANDO FERÐ FYRIR 4
14. desember: ORLANDO FERÐ FYRIR 4
21. desember: ORLANDO FERÐ FYRIR 4
Quality Cocoa for a Better Life
Sjálfbærni og samfélagsábyrgð
Nóa konfekt er QPP framleitt. QPP (Quality Partner Program) gerir kakóræktendum kleift að rækta og framleiða kakóið á sjálfbæran og ábyrgan hátt. QPP ferlið tryggir fræðslu til kakóbænda varðandi ræktunaraðferðir sem og aðbúnað starfsfólks sem gerir þeim kleift að auka framleiðni sína á ábyrgan hátt. Auk þess kemur QPP að fræðslumálum, heilsugæslu og aðgengi að hreinu vatni í kakóræktarsamfélögum og stuðlar þannig að betri lífsskilyrðum þeirra sem þar búa.
NÓA Konfekt

## JÓLAMYNDIN



**„Home Alone 2. Macaulay Culkin er í essinu sínu og myndin gerist í New York sem er miklu meira kúl heldur en í fyrstu myndinni.“**

Jón R. Jónsson tónlistarmaður og grínari

# Semja og leika allt sjálf í nýju jólaleikriti

Krakkar frá Akureyri úr leikhópnum Englunum sömdu jólaleikritið Týndu jólin sem þau leikstýra sjálf.

„Við vorum að leika saman í Gullna hliðinu hjá Leikfélagi Akureyrar og sýndum það svo í Borgarleikhúsinu, Við vorum alltaf að keyra á milli og þá datt okkur í hug að gera leikrit saman,“ segir Eik Haraldsdóttir, 12 ára, úr leikhópnum Englunum. Krakkarnir sömdu saman leikritið Týndu jólin sem frumsýnt verður á föstudag.

„Leikritið er um tvö systkini og það er ekkert jólalegt heima hjá þeim svo þau fara að leita að jólunum og þau hitta meðal annars Grýlu og jólasveinana,“ segir Eik, en krakkarnir í hópnum eru á aldrinum 12-15 ára og sjá þau um allt sjálf.

„Við fengum að nota búninga hjá leikfélaginu og gamli leikhússtjórinn, hún Ragnheiður, hefur líka hjálpað okkur mikið og leyfir okkur að sýna í Rýminu sem leikfélagið á,“ segir Eik.

Krakkarnir byrjuðu að semja leikritið í september og núna standa stífar æfingar yfir enda styttist í frumsýningu. „Við æfum þrisvar í viku milli átta og tíu á kvöldin svo það rekist ekki á neinar aðrar æfingar eða skólann,“ segir hún.

**„Leikritið er um tvö systkini og það er ekkert jólalegt heima hjá þeim svo þau fara að leita að jólunum.**

Aðeins tvær sýningar verða í boði, klukkan 17 og 19 á föstudag. En ætla þau að semja meira? „Okkur langar að gera annað leikrit, en þá kannski bara um sumarið.“ - asi



**ENGLARNIR** Eik, Brynjólfur, Bjarklind Ásta, Sigurður Bogi, Sandra Dögg, Sóley Dögg, Egill og Arndís Eva. MYND/EYÞÓR INGI JÓNSSON.






# Sá um teikningarnar í Sundance-kvikmynd

Sara Gunnarsdóttir á mikinn þátt í The Diary of a Teenage Girl sem verður sýnd á Sundance-hátíðinni með Alexander Skarsgård og Kristin Wig í aðalhlutverkum.

„Þetta er alveg rosalegt tækifæri fyrir mig,“ segir Sara Gunnarsdóttir myndskreytir, en hún sá um allar teikningar í myndinni The Diary of a Teenage Girl, sem sýnd verður á Sundance-kvikmyndahátíðinni í janúar.

„Myndin fjallar um 15 ára stelpu sem langar að vera listamaður. Hún teiknar mikið og allar myndirnar sem hún gerir í myndinni eru eftir mig,“ segir Sara, sem útskrifaðist úr Experimantal animation frá CalArt árið 2012. Leikstjóri myndarinnar, Mariella Heller, hafði samband við hana eftir að hún sá verkefni sem Sara hafði gert fyrir sjónvarpsstöðina MTV.

„Hún hafði samband við mig í febrúar 2013 og bað mig um að gera smá „teaser“ fyrir myndina. Svo í framhaldinu teiknuðum við upp söguna fyrir myndina. Vinnan hófst svo fyrir alvöru í mars,“ segir Sara, en þetta er fyrsta stóra myndin sem hún vinnur að. Meðal leikara í kvikmyndinni eru þau Alexander Skarsgård og Kristen Wiig og var Sara svo heppin að fá að hitta þau.

„Ég fór til San Francisco í janúar og að vinna með listrænum stjórnendum myndarinnar. Þá hitti ég þau og allt tökuliðið, sem var allt alveg frábært fólk,“ segir hún, og bætir við að Skarsgård sé alveg jafn myndarlegur í raunveruleikanum og í myndum. „Hann er samt svolítil týpa í þessari mynd, með mikið „70's“ yfirvaraskegg.“

Sara býr í Brooklyn þar sem hún er sjálfstætt starfandi myndskreytir. Hún er eins og er í veikindaleyfi, en hún þjáist af tennisolnboga, sem eðlilega er ekki það besta sem getur hent teiknara.



**Á FRAMTÍÐINA FYRIR SÉR** Þetta tækifæri mun án efa færa Söru fleiri stór verkefni.



➜ Meðal leikara í kvikmyndinni eru þau Alexander Skarsgård og Kristen Wiig og var Sara svo heppin að fá að hitta þau.

„Ég var farin að finna fyrir þessu áður en við byrjuðum að vinna við myndina. Ég fór í gegnum hana á þrjóskunni. En ég er að gjalda fyrir það núna,“ segir hún og hlær. Sundance-hátíðin verður haldin í bænum Park City í Utah dagana 21. janúar til 1. febrúar.

„Ég er rosalega spennt fyrir Sundance og ætla að fara þegar myndin verður frumsýnd, eða 24. janúar,“ segir hún. En mun þessi mynd ekki opna mörg tækifæri fyrir hana? „Ég bara hef ekki hugmynd, við verðum bara að sjá til.“

adda@frettabladid.is

# Ætla að fyrirgefa í beinni

X-ið stendur fyrir uppboði á landsliðstreyjum en ágóðinn rennur beint til SÁÁ.

„Við ætlum að bjóða upp á þessar landsliðstreyjur sem okkur áskotnaðist. Þetta er treyja handboltaliðsins þegar það náði öðru sæti á Ólympíuleikunum 2008 og síðan landsliðstreyjan frá stelpunum okkar sem komust á EM-mótið 2009,“ segir Máni Pétursson, útvarpsmaður á X-inu, en í dag hefst uppboð útvarpsstöðvarinnar X-ins á treyjunum.

Uppboðið er í tengslum við X-Mas-tónleikana sem haldnir verða í Gamla bíói 16. desember en allur ágóðinn af uppboðinu og tónleikunum rennur til unglingadeildar SÁÁ.

„Föstudaginn 19. desember ætlum við að tilkynna í beinni útsendingu í Harmageddon bestu fyrirtækin og einstaklingana á Íslandi, þá sem buðu hæst í þessar treyjur,“ segir Máni. „Það er alveg sama hvað fyrirtæki eða útrásarvíkingar hafa gert, þeim sem kaupa þessar treyjur á almennilegu verði verður fyrirgefið. Hver vill ekki láta tala vel um sig í Harmageddon?“

Máni segist treysta því að kvennatreyjan seljist fyrir jafn mikinn eða meiri pening en karlatreyjan. „Enda var þetta miklu meira afrek hjá þeim,“ segir hann. - þij



**MEÐ TREYJURNAR** Frosti og Máni selja landsliðstreyjur á uppboði í þætti sínum Harmageddon. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


Gjafir fyrir alla sem elska tónlist!
USB stjórnborð í úrvali frá AKAI , M-Audio ofl.
Heyrnartól frá SHURE í miklu úrvali !
Upptökubúnaður frá M-Audio, Presonus RME, Steinberg ofl.
Hinir vinsælu effektar fyrir söng og gítar frá TC Electronics í miklu úrvali
Úrval hljómborða og rafmagnspíanóa frá m.a. YAMAHA og KORG
Yamaha píanó og flyglar
Fender gítarpakki Alltaf jafn góður 26.990 kr.
Stúdíó hátalarar eitt besta úrval landsins!
Vaxtalaust Jólatilboð! YAMAHA Stage Custom 22.550 kr. á mánuði í 12 mánuði ...engin útborgun
YAMAHA blásturshljóðfæri
Dj Búnaður frá Numark
Hinn stórsniðugi IRIG VOICE aðeins 7.990 kr.
Hljóðmixerar, hljóðkerfi og hljóðnemar
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Síðumúla 20 . Reykjavík . s.: 5915340
www.hljodfaerahusid.is
TÓNABÚÐIN
Glerárgötu 7. Akureyri. s.: 4621415
www.tonabudin.is




**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • **OPIÐ** Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17

TAXFREE TILBOÐIÐ GILDIR BARA Á LA-Z-BOY OG JAFNGILDIR 20,32% AFSLÆTTI!

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

# FREE

## Á ÖLLUM STÓLUM OG SÓFUM FRÁ

## LA Z BOY®

### Á ANNAÐ HUNDRAÐ GERÐIR OG ÚTFÆRSLUR Í BOÐI – VERÐDÆMI



**63.737**

FULLT VERÐ: 79.990

**EMPIRE** La-z-boy stóll.
Áklæði fjóri litir.
B:80 D:70 H:102 cm.



**87.641**

FULLT VERÐ: 109.990

**ASPEN** La-z-boy stóll. Svart,
grátt, brúnt, grænt eða ljóst áklæði.
B:80 D:85 H:102 cm.



**114.733**

FULLT VERÐ: 149.990

**EMPIRE** La-z-boy stóll.
Svart leður.
B:80 D:70 H:102 cm.



**143.418**

FULLT VERÐ: 179.990

**PINNACLE** La-z-boy stóll.
Leður fimm litir.
B:80 D:85 H:104 cm.



**143.418**

FULLT VERÐ: 179.990

**DREAMTIME** La-z-boy stóll.
Svart, brúnt og vínrautt leður.
B:94 D:95 H:100 cm.



Uppfærðu í: POWERRECLINEXR+

**PINNACLE** LZB rafknúinn stóll.
Svart, hvitt og brúnt leður
B:80 D:85 H:102 cm.

**191.227**

FULLT VERÐ: 239.990

**RIALTO** LZB lyftistóll.
Svart og brúnt áklæði.
B:80 D:90 H:105 cm.

**143.418**

FULLT VERÐ: 179.990



*Hafðu það notalegt um jólin!*

**HÚSGAGNAHÖLLIN**

REYKJAVÍK | AKUREYRI

Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

OG Dalsbraut 1 • Akureyri **OPIÐ** Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 **EITT SÍMANÚMER** 558 1100

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



LÆGRA VERÐ STUNDVÍSI NÝRRI VÉLAR BREIÐASTA BROSIÐ
LOFORÐ WOW


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Brim spilar á beikonhátíð

Íslenska sörfsveitin Brim mun troða upp á Blue Ribbon-beikonhátíðinni í Iowa í Bandaríkjunum í janúar. „Þegar stjórnendur hátíðarinnar fréttu að Brim væri byrjuð aftur þá langaði þá endilega að fá okkur,“ segir **Bibbi Barti** en aðstandendur hátíðarinnar eru miklir aðdáendur. „Þeir fengu okkur til að spila þegar þeir komu á Beikonhátíðina í Reykjavík í sumar.“

Brim er aðalhljómsveitin á hátíðinni en hún mun troða upp á 16.000 manna sviði. „Síðan er búið að bóka okkur í morgunsjónvarpsþátt þar sem við eigum að spila á meðan einhverjir glímudvergar glíma,“ segir Bibbi. Brim mun svo halda jólaball á Húrra á annan í jólum. „Ef fólk vill sjá okkur áður en við verðum heimsfrægir,“ segir Bibbi. - þij



### Þrítugsafmæli í Hörpu

Söngkonan **Ragnheiður Gröndal** fagnar þrjátíu ára afmæli sínu þann 15. desember. Söngkonan ætlar að halda upp á afmælið með stæl og blæs til stórtónleika í Norðurljósasal Hörpu til að fagna áfanganum. Á tónleikunum ætlar hún að flytja eigið efni auk laga sem hún hefur gert vinsæl en Ragnheiður hefur komið víða við á ferlinum og hefur gefið út átta plötur. Með sér í lið hefur hún fengið veglega hljómsveit og aðstoðarsöngvara. - vh



## Mest lesið VÍSIR

1. Mjólkureftirlitsmaður brýtur trúnað við Sigga og Odd Andra
2. Heiðar að kaupa kröfur á alla föllnu bankana
3. Einkunnir rúmlega 2.000 barna hækka vegna mistaka
4. Hæg umferð undir Hafnarfjalli: Um 50 milljóna króna tjón
5. Klaufska færð í nýjar hæðir








KATRÍNARTÚN 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS
KYNNTU ÞÉR SKILMÁLA OG FERÐATÍMABIL Á HEIMASÍÐU WOW AIR